

**SKOÐUN** Séra Þórhallur Heimisson segir heimsendaspár hafa fylgt mannkyninu frá örófi alda. 32



**MENNING** Ófeigur Sigurðsson gekk lengi með bókina Landvætti áður en hún fékkst gefin út. 46



**SPORT** Ólafur Stefánsson og Alexander Petersson eru báðir í 28 manna landsliðshópi fyrir HM. 70





# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
20. desember 2012
299. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Áhyggjur af skólpi

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra segir að sveitarfélögin verði að gera átak í skólpmálum. Stöðnun sé óviðunandi. 10

**Selur burstabæi** Jón Karlsson er 74 ára líkanasmiður sem selur burstabæi eins og heitar lummur. 2

**Ákærður fyrir vanskil** Eigandi Bílabúðar Benna neitar að skila ársreikningum. Hann segir lög út í hött og reikninginn ekki koma almenningi við. 6

**Óvissuástandi eytt** Utanríkisráðherra Eistlands segir áhrifin af upptöku evrunnar hafa verið jákvæð og landið sé á hraðri uppleið. 12




26

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 3° | A | 7 |
| Akureyri | 4° | SA | 4 |
| Egilsstaðir | 4° | SA | 8 |
| Kirkjubæjarkl. | 5° | A | 8 |
| Reykjavík | 6° | A | 10 |

**ÚRKOMA** Í dag verða víða austan 8-15 m/s, hvassast syðst. Úrkoma S- og V-til en þurrt að mestu annars staðar. Hiti 1-8 stig, mildast syðst. 4

### 3 SÉRBLÖÐ

Fólk | Úr | Tannlýsing






**SVEINKAR SÍGA TIL GÓÐS** Hjálparstarf kirkjunnar naut svo sannarlega góðs af Jólasveinaþjónustu Skyrgáms þetta árið, en bræðrahópur sveinka lét sig síga niður turn Laugarneskirkju í gær til að afhenda fjárstyrk til starfseminnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Leita vopna á gestum í þinghúsinu

Skrifstofustjóri Alþingis vill láta festa kaup á sérstöku vopnaleitartæki. Meira fjármagn veitt til öryggismála. Verkferlar endurskoðaðir vegna atviks á mánudag.

**ALÞINGI** „Hingað þarf svipuð vopnaleitarleitartæki og eru notuð í þinghúsum erlendis,“ segir Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis. Sérstakt vopnaleitartæki verður keypt til Alþingis á næstu misserum, gangi fyrirætlanir forsvarsmanna þingsins eftir. Helgi segir öryggismálum í húsinu ábótavant og nauðsynlegt sé að horfast í augu við að Ísland er ekki frábrugðið nágrannalöndum sínum hvað varðar afbrot og fyrirbyggjandi aðgerðir um öryggi þingmanna.

„Við höfum fjölgað í þingvörslu og þjálfað starfsfólk meira, eflt löggæsluna, en það þarf að gera frekari ráðstafanir.“

Alþingi hefur fengið auknar fjárveitingar að undanförnu til að bæta öryggisgæslu og segist Helgi bjartsýnn á að áframhaldandi skilningur á alvöru málsins ríki hjá forsætisnefnd.

„Það er mikill skilningur í forsætisnefnd og meðal forystumanna á því að sá tími sé liðinn þegar sakleysi og einlægni birtist hér í samskiptum. Það er miður og mjög sorglegt.“

Laust fyrir klukkan tíu á mánudagskvöld komu lögregla og þingverðir að manni inni á snyrtingu Alþingis þar sem hann hafði skaðað sig töluvert með beittum hlut. Atvikið gerðist á meðan þingfundur stóð yfir, en maðurinn hafði verið gestur á þingpöllum skömmu áður þar sem lögreglumaður hafði tekið eftir honum. Forseti sleit þingfundi í kjölfar atviksins. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem slíkt atvik á sér stað innan veggja Alþingis.

„Það er ýmislegt í kring um þetta atvik sem krefst viðbragða af okkar hálfu. Meðal annars frágangur á hurðum, vöktun og þess háttar. Við munum endurskoða vinnuferla hjá okkur í ljósi þess sem gerðist,“ segir Helgi. „Þingmenn eru mjög óvarðir í þingsal. Það þarf næstum því ekkert til, því miður. Og þetta er enn ein áminningin um að við erum stödd á sama stað í tilverunni og löndin í kring um okkur.“

Að sögn Helga var maðurinn þó ekki vopnaður hnífi, en var með lítið skurðtæki meðferðis sem hann skar sig með. „Þetta var ekki góð aðkoma,“ segir hann. **- sv**

### ➜ Gestir eiga að tæma vasa sína á þinginu

Lágmarks vopnaleit fer fram á öllum sem eiga erindi við þingmenn og inn á Alþingi. Verðir fylgjast með gestum, hvort einhver leggi eitthvað frá sér eða hafi eitthvað á sér. Þá er óskað eftir því að gestir tæmi vasa.

„Fólk á ekki að fara með hluti á þingpalla sem hægt er að nota til að kasta eða eitthvað slíkt. Þingverðir hafa farið fram á að það verði leitað á fólki, að öðrum kosti er mönnum vísað frá.“

> **Sá tími er liðinn þegar sakleysi og einlægni birtist hér í samskiptum. Það er miður og mjög sorglegt.**
>
> *Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis*




Sagafilm festir kaup á réttinum að verkum tveggja höfunda:

# Fótbolti og glæpir í sjónvarpið

**SJÓNVARP** Sagafilm hefur keypt sjónvarpsþáttaréttinn að barnabókinni Víti í Vestmannaeyjum eftir Gunnar Helgason. Gerðir verða tíu til tólf þættir sem byggja á bókinni. Þá hefur Sagafilm einnig gengið til liðs við leikarann Þorvald Davíð Kristjánsson um gerð sjónvarpsþátta sem verða byggðir á glæpasögum Ragnars Jónassonar.

„Okkur fannst þetta mjög fín bók. Við höfum lengi verið að leita að barna- og unglingaefni. Þegar við lásum þessa bók fannst okkur allt smella saman,“ segir Kristinn Þórðarson, yfirmaður framleiðslu á leiknu efni hjá Sagafilm, um fótboltasögu leikarans Gunnars Helgasonar. Fyrr í haust var tilkynnt að Þorvaldur Davíð hefði keypt kvikmyndaréttinn að Snjóblindu Ragnars Jónassonar. Nú hefur hann tryggt sér, ásamt Sagafilm, réttinn að seinni bókum Ragnars um lögreglumanninn Ara Þór, Myrknætti og Rofi.



ÞORVALDUR DAVÍÐ

**- fb /** sjá síðu 78






## SPURNING DAGSINS



Humar, ertu að klárast?

**„Já! Tessi klárasd! Tessi seljasd upp! Hvílígar vinsældir firi Humar!“**

Landsmenn hamstra nú humar sem aldrei fyrr, enda fer hann senn að verða búinn. Hann selst á tæpar 8.000 krónur kílóið og Facebook-stjarnan og plötuútgefandinn Humar Linduson Eldjárn er ekki alls kostar óánægður með það.

Strokufangans var leitað í gær af fjölmennu liði lögreglu, fangavarða og björgunarsveita:

# Ekkert spurst til Matthíasar Mána

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan leitaði enn að strokufanganum Matthíasi Mána Erlingssyni þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.

Víðtæk leit var gerð að Matthíasi Mána í grennd við Litla-Hraun í gær. Um fimmtíu björgunarsveitarmenn tóku þátt í leit að honum í gær auk fangavarða og lögreglumanna. Þyrla Landhelgisgæslunnar var einnig notuð til leitarinnar.

Meðal annars var leitað að sporum og öðrum ummerkjum um Matthías, og leitað var í fjörunni við Eyrarbakka. Ekkert fannst annað en húfa Matthíasar, sem fannst við girðinguna þar sem hann fór yfir.

Matthías strauk af Litla-Hrauni á mánudag. Hann er talinn hættulegur og hefur fólk verið varað við því að nálgast hann verði það hans vart. Hann var um tíma í austurríska hernum og frönsku útlendingasveitinni. Matthías hlaut fimm ára dóm í september fyrir að hafa reynt að myrða konu föður síns, sem hann hafði átt í stuttu sambandi við. Konunni var komið í skjól um leið og fréttist af flótta Matthíasar. **- þeb**



**SPORA LEITAÐ** Björgunarsveitarmenn við Litla-Hraun í gær. Þeir leituðu spora og fleiri ummerkja um Matthías Mána með hjálp leitarhunda.

Norðmenn taka þátt:

## Þing samþykkti olíuvinnslu

**NOREGUR** Norska stórþingið samþykkti einróma þátttöku norska ríkisins í olíuleit og olíuvinnslu í lögsögu Íslands á Drekasvæðinu.

Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri segir þátttöku Norðmanna ákaflega þýðingarmikla.

Ríkisolíufélaginu Petoro er með samþykktinni falið að annast verkefnið. Stofnað verður dótturfélag með útibú á Íslandi, sem verður rétthafi vinnsluleyfa í lögsögu Íslands. Á næstunni verða gefin út tvö fyrstu olíuvinnsluleyfin á svæðinu og segir Guðni að reynt verði að ljúka leyfisveitingum strax á nýju ári. **- þj**

Leitað að konu í Frakklandi:

## Nam nýfætt barn á brott

**FRAKKLAND** Víðtæk leit var gerð að ungri konu í Frakklandi í gær, en konan rændi tveggja daga gömlu barni af spítala í Nancy seint á þriðjudagskvöld.

Leitað var að konunni um allt Frakkland. Hún var dulbúin sem starfsmaður á spítalanum og nam hvítvoðunginn á brott meðan móðir hans svaf.

Lögreglan skoðaði öryggismyndavélar, notaði leitarhunda á spítalanum og vakti athygli á málinu í útvarpi, sjónvarpi, í lestum og á hraðbrautum. Konunni er lýst sem grannri, af evrópskum uppruna og á aldrinum 16-20 ára. **- þeb**




**JÓN KARLSSON** Burstabæir Jóns Karlssonar hafa vakið verskuldaða athygli vegfarenda í Salahverfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Selur burstabæi undir beru lofti í Salahverfi

Ellilífeyrisþeginn Jón Karlsson smíðar jafnt skipslíkön sem burstabæi og flakkar um landið til að selja. Undanfarið hefur Jón selt bæina undir beru lofti í Salahverfi.

**FÓLK** „Ég hef skárra út úr þessu en ellistyrknum,“ segir Jón Karlsson, 74 ára líkanasmiður með meiru, sem selur burstabæi á víðavangi í Kópavogi.

Jón, sem býr í þjónustuíbúð á Vesturgötu 7 í Reykjavík, fer stundum upp í Salahverfi í Kópavogi og kemur sér fyrir undir beru lofti til að selja bæina sína eins og vegfarendur þar hafa tekið eftir. Hann segir tvær ástæður fyrir staðarvalinu.

„Ég hef selt ágætlega þar, bara einu sinni farið heim með öngulinn í rassinum og svo er þægilegt að leggja bílnum þarna. Þá er maður ekki að trufla umferð. Ég er alltaf skíthræddur um að gera einhverja skandala,“ segir hann.

Smíðavinnan var ávallt aukastarf hjá Jóni. „Ég þvældist mikið um og hef víða komið við, var mest við akstur og var í netagerð austur á fjörðum. En nú er eiginlega aðalstarfið hjá mér að smíða skipslíkön,“ segir Jón.

Burstabæina segir Jón fólk til dæmis hafa á veröndunum, í görðum og við sumarhús. Þá sé hægt að fá með ljósum. „Fólk heldur eiginlega ekki vatni yfir því hvað þetta er flott,“ segir Jón spurður um viðbrögðin. „Ég hef bara einu sinni fengið kvörtun,“ bætir hann við. „Hún var vegna þess að ég hafði fengið skemmt efni. Ég bara lét fólkið fá annað hús.“

Jón hyggst ekki standa mikið við næstu daga í Salahverfinu. „Ég verð mest með þetta heima. Svo flakka ég líka mikið, fer upp á Akranes og jafnvel hringinn í kringum landið,“ segir Jón og tekur skýrt fram að hann annist sjálfur söluna á sinni framleiðslu.

„Ef þú smíðar bæi og lætur annan selja fyrir þig þá færð þú tíu þúsund krónur en hinir tuttugu þúsund fyrir að rétta þá yfir búðarborðið. Það kæri ég mig ekki um.“ Sjálfur selur hann húsin á 16.500 krónur.

Jón smíðar fleira en skip og hús. „Mér dettur svo margt í hug sem óbrjáluðum manni hefði ekki dottið í hug,“ segir Jón, sem kveðst meðal annars hafa hannað burstabæi til að hylja lok á rotþróm auk þess að smíða fallbyssur eins og í sjóræningjaskipunum. „En ég vil bara ekki selja mikið af þeim fyrr en ég er búinn að prófa þær niðri við Alþingishús,“ segir hann hlæjandi.

**gar@frettabladid.is**



**Í KORTUNUM** Gangi spár Veðurstofu Íslands eftir þurfa íbúar á suðvesturhorni landsins að sætta sig við snjóleysi og rauð jól þetta árið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lítið ferðaveður á aðfangadagskvöld samkvæmt nýrri spá:

## Stefnir í rauð jól fyrir sunnan

**VEÐUR Jólin verða líklega rauð þetta árið á suðvesturhorninu þó að miklar líkur séu á að landsmenn norðan heiða fái hvít jól samkvæmt spá Veðurstofu Íslands. Spáin fyrir aðfangadag og jóladag er slæm.**

**„Við spáum norðaustan hvassviðri og stormi með snjókomu um norðanvert og austanvert landið,“ segir Óli Þór Árnason, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands. Spáð er vindhraða frá 15 að 23 metrum á sekúndu á aðfangadag og litlu ferðaveðri á Norður- og Austurlandi. Hiti verður víðast hvar undir frostmarki.**

**Spáin fyrir jóladag er einnig slæm, en þó heldur skárri en spáin fyrir aðfangadag.**

**Óli Þór segir engan snjó í kortunum sunnanlands þó hvassviðrinu gæti fylgt einhver él sem gætu gert skammdegið bærilegra um stund. Góðar líkur eru á hvítum jólum norðan- og austanlands, þó hitastigið gæti orðið yfir frostmarki við austurströndina.** **- bj**






Obama felur Joe Biden að gera tillögur um hertar reglur um byssueign:

# Boðar aðgerðir á næsta ári

**BANDARÍKIN** Barack Obama Bandaríkjaforseti boðar hertar reglur um skotvopnaeign almennings á næsta ári. Hann hefur falið Joe Biden, varaforseta sínum, að koma með tillögur fyrir lok janúar.

Landssamtök skotvopnaeigenda í Bandaríkjunum, National Rifle Association, sendu í gær frá sér tilkynningu þar sem þau segjast reiðubúin til að taka þátt í aðgerðum til að tryggja að slíkir atburðir endurtaki sig ekki. Þau boða yfirlýsingu í dag, þar sem frekar verður greint frá því hvað þau vilja gera. Í tilkynningunni skýra þau þögn sína undanfarna daga um fjöldamorðin í Newtown með því að þau hafi viljað gefa fjölskyldum hinna látnu tíma til að syrgja ástvini sína.

Í tilkynningu sem samtökin sendu frá sér í gær segjast þau hins vegar reiðubúin að taka þátt í aðgerðum til að tryggja að slíkir atburðir endurtaki sig ekki. Þau boða yfirlýsingu í dag, þar sem frekar verður greint frá því hvað þau vilja gera. **- gb**



**STOLTUR VOPNASALI** Reglur um skotvopnaeign almennings eru frjálsari í Bandaríkjunum en víðast hvar annars staðar. NORDICPHOTOS/AFP


JÓLATÓNLEIKAR
Í KVÖLD KL. 20
Landsþekktir listamenn færa þér sanna jólastemningu.
Komdu og njóttu kvöldsins við kertaljós.
Egill Ólafsson
Diddú
Vala Guðna
Jóhann Friðgeir
Gréta Salóme
Jónas Þórir
Örn Árna
Sylvía Erla Scheving
Kammerkór unglinga Bústaðakirkju
undir stjórn Svövu Kristínar
OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD
AF ÖLLU HJARTA
Kringlan
KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS
25 ÁRA

## GENGIÐ
19.12.2012

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,02 | 125,62 |
| Sterlingspund | 203,76 | 204,76 |
| Evra | 165,97 | 166,89 |
| Dönsk króna | 22,245 | 22,375 |
| Norsk króna | 22,479 | 22,611 |
| Sænsk króna | 19,096 | 19,208 |
| Japanskt jen | 1,4800 | 1,4886 |
| SDR | 193,17 | 194,33 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
227,5985

Eimskip hefur áhyggjur af óánægju Bandaríkjamanna með öryggi hafna:

# Ísland verður í flokki með Sýrlandi

**SAMGÖNGUR** Forsvarsmenn Eimskips hafa sent Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra bréf og farið fram á skýringar og viðbrögð við kröfum Bandaríkjamanna um hertar aðgerðir gegn laumufarþegum á Íslandi.

Þetta segir Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips. Hann telur Eimskip uppfylla allar öryggiskröfur og gott betur. „Eimskip er að ósekju að dragast inn í deilu sem snýst um málefni hælisleitenda og úrræðaleysis yfirvalda í þeim málaflokki,“ segir hann.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að sendinefnd frá bandaríska heimavarnarráðuneytinu hefði komið hingað til landsins fyrir nokkrum vikum og gert talsverðar athugasemdir við að sami, smái hópur kæmist ítrekað upp með að lauma sér um borð í skip sem væru á leið til Bandaríkjanna.

Þá var greint frá því að bréf hefði verið sent hingað að utan í kjölfar heimsóknarinnar þar sem óánægju var lýst með viðbrögð Íslendinga. Yrði ekki farið að kröfunum gæti Ísland verið fært niður um öryggisflokk sem mundi kalla á mun ítarlegri og tímafrekari skoðanir íslenskra skipa sem leggja að höfn í Bandaríkjunum.

„Ef af því verður er Ísland í flokki með löndum eins og Sýrlandi þar sem stríðsástand ríkir. Það má ekki gerast þar sem það skaðar samgöngur til og frá landinu,“ segir Gylfi. - sh



**Eimskip er að ósekju að dragast inn í deilu sem snýst um málefni hælisleitenda og úrræðaleysis yfirvalda í þeim málaflokki.**

*Gylfi Sigfússon*
*forstjóri Eimskips*



**GAMALL** Nýir bílar eru með betri öryggisbúnað fyrir ökumann og farþega en eldri bílar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Meðalaldur bíla á Íslandi hár:

## Bílar helmingi eldri en í ESB

**SAMGÖNGUR** Meðalaldur íslenska bílaflotans eru nú 12,5 ár, og hefur ekki verið hærri síðustu áratugi. Bílar hér á landi eru að meðaltali helmingi eldri en bílar innan ríkja Evrópusambandsins (ESB) samkvæmt samantekt Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB). Meðalaldur bíla í ríkjum ESB er 8,3 ár. Hæstur er meðalaldurinn í Eistlandi, 12 ár, en lægstur á Írlandi, 6,3 ár. Endurnýjun bíla hefur verið sáralítil hér á landi frá hruninu haustið 2008.

FÍB telur rétt að stjórnvöld lækki vörugjöld á alla aðalflokka bíla til að tryggja eðlilegri endurnýjun bílaflota heimilanna, enda nýir bílar öruggari en eldri. - bj

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Vilja hindra sprengjugerð**

Vinnuhópur ríkislögreglustjóra og tollstjóra sem fylgjast á með innflutningi, sölu og dreifingu á grunnefnum sem nýta má til sprengjugerðar hefur tekið til starfa. Markmiðið er að takmarka möguleika fólks til að setja saman sprengjur úr efnum á borð við áburð.

### LEIÐRÉTT

Missagt var í myndatexta við frétt um heimildarmynd um æsku Páls Óskars í blaðinu í gær að hann kæmi ekki sjálfur fram í myndinni. Hið rétta er að hann kemur þar fram, segir frá og tengir saman atriði.

# Landsnet sækir um leyfi fyrir 2,2 milljarða raflínum

Framkvæmdir við Suðurnesjalínu 2 hefjast á næsta ári, gefi Orkustofnun leyfi. Verið er að sækja um framkvæmdaleyfi. Kostnaður verður 2,2 milljarðar. Ef farið verður í álver í Helguvík bætast 9,3 milljarða línur við.

**ORKUMÁL** Landsnet sendir umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir Suðurnesjalínu 2 til Orkustofnunar í vikunni. Samþykkt sveitarfélagsins Voga greiddi leiðina fyrir framkvæmdina sem hljóðar upp á 2,2 milljarða króna.

Fyrirtækið fundaði með sveitarfélögum á svæðinu á mánudaginn og kynnti framkvæmdirnar. Guðmundur Ingi Ásmundsson, aðstoðarforstjóri Landsnets, segir að þar hafi verið á ferð hefðbundið samstarf við sveitarfélögin um útfærslu framkvæmdanna. Verið er að fara yfir alla þætti málsins og umsókn verður send til Orkustofnunar fyrir helgi.

„Það sem við erum að gera núna snýr að Suðurnesjalínu II, úr Hafnarfirði að Fitjum í Reykjanesbæ. Það er til að bæta öryggið á Reykjanesi. Það eru ansi stórar virkjanir á svæðinu. Við erum að vinna að því að framkvæmdir geti hafist í sumar. Bygging þeirrar línu verður í gangi næstu tvö árin.“

Spennan á núverandi línu er 132 kílóvolt, en nýja línan verður 220 kílóvolta. Hún á að tryggja afhendingaröryggi og flutningsgetu á svæðinu. Verði farið í framkvæmdir við álver í Helguvík verður önnur 220 kílóvolta lína lögð og sú gamla, sem ber 132 kílóvolt, lögð af.

„Ef það verður af samkomulagi um Helguvíkurverkefnið þurfum við að setja fleiri framkvæmdir í gang,“ segir Guðmundur Ingi.

„Þá þurfum við að fara í fyrsta áfanga Suðvesturlína. Í meginatriðum þurfum við að byggja álverið í Helguvík við flutningskerfið, að leggja þessa strengi til Helguvíkur. Síðan þurfum við væntanlega að tengja virkjanirnar sem tilheyra fyrsta áfanganum, svo sem stækkun Reykjanesvirkjunar, en það þarf að tvöfalda tenginguna við hana. Síðan veit ég ekki hvaða virkjun verður til viðbótar. Við þurfum að fylgjast með hvaða valkostur verður í fyrsta áfanganum og gera ráðstafanir.“

kolbeinn@frettabladid.is




**HELGUVÍK** Reiknað er með að framkvæmdir hefjist í sumar, fáist leyfi fyrir þeim, og standi yfir næstu tvö ár. Fyrsta áfanga álvers í Helguvík fylgja framkvæmdir á línum upp á 9,3 milljarða króna.

### 9,3 milljarðar í fyrsta áfanga álvers

Náist saman um að hefja framkvæmdir við álver í Helguvík þarf að ráðast í lagningu Suðvesturlínu. Fyrsti áfangi álversins kallar á línuframkvæmdir fyrir 9,3 milljarða króna. Að viðbættum 2,2 milljörðum í Suðurnesjalínu II fara því 11,5 milljarðar í raforkulínur, verði af álverinu. Fyrst þarf þó að tryggja orku fyrir álverið og ganga frá ýmsum samningum.

Guðmundur Ingi segir að uppfæra verði samning á milli Norðuráls og Landsnets um flutning orkunnar. Þegar það samkomulag liggi fyrir sé hægt að hefjast handa. „Þeir þurfa að tryggja sér orkuna fyrst og við þurfum að tryggja það að við sjáum um flutninginn, annars förum við ekki af stað.“

**11,5**

milljarðar fara í raflínur á suðvesturhorninu verði af álveri í Helguvík.


ÓBYGGÐALEIÐIR Á ÍSLANDI




Spennandi og fáfarnar ferðaleiðir um hálendi Íslands. Bók sem allir fjallamenn verða að hafa í bílnum.

Hinn fullkomni ferðafélagi!

SKRUDDA
www.skrudda.is


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HLÁKA** Áfram fremur stíf austanátt ríkjandi á landinu næstu daga með rigningu um sunnan- og vestanvert landið og slyddu til fjalla.




**Á morgun**
8-15 m/s.




**Laugardagur**
5-13 m/s, hvassast A-til.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 20° | Billund | 1° | Gautaborg | -1° | London | 11° | Orlando | 26° | San Francisco | 14° |
| Basel | 4° | Frankfurt | 6° | Kaupmannahöfn | -1° | Mallorca | 20° | Ósló | -8° | Stokkhólmur | -2° |
| Berlín | 2° | Friedrichshafen | 3° | Las Palmas | 23° | New York | 7° | París | 11° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# JÓLA ÚTSALA

# 20-50% afsláttur*

## Jólagjafir og jólaskraut

20-50% afsláttur allar jólavörur

20-50% afsláttur öll leikföng

20% afsláttur öll smáraftæki

30% afsláttur allur fatnaður

20% afsláttur öll búsáhöld



**TAX FREE JÓLATRÉ***

Eingöngu sérvalin úrvals jólatré

Hýasinta
2 fyrir 1
399 kr.
Blómaval

Túlípanar
10 stk.
1.490 kr.
Blómaval

Jólasýpris
399 kr/stk.
Blómaval

Opið til 22:00 í Skútuvogi
Opið til 21:00 í Grafarholti
Sjá afgreiðslutíma um land allt á www.husa.is

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

*Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ eða tilboðsvörum.
Tax Free tilboð jafngildir 20,32% afslætti af almennum vörum.
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða plata var valin plata ársins af sérfræðingum Fréttablaðsins?
**2.** Hversu oft hafa jólin verið rauð á höfuðborgarsvæðinu síðustu átján ár?
**3.** Hvað heitir væntanlegur andstæðingur Gunnars Nelson í blönduðum bardagaíþróttum?

**SVÖR**

**1.** Önnur Mósebók með hljómsveitinni Moses Hightower. **2.** Átta sinnum. **3.** Justin Edwards.

Fulltrúar minnihlutans í borgarstjórn segja skorta á að allir þættir málsins séu nægjanlega upplýstir:

# Telja óvíst um vatnsstöðu vegna leigutanks

**ORKUMÁL** Fulltrúar minnihluta Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna í borgarstjórn Reykjavíkur eru andvígir því að borgin taki á leigu einn hitaveitutanka Orkuveitunnar í Öskjuhlíð samfara kaupum borgarinnar á Perlunni.

Í bókun borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins er vísað til þess að mikilvæg gögn, sem lögð hafi verið fyrir stjórnarfund Orkuveitunnar fyrir viku og varði afhendingaröryggi hitaveitunnar í vesturhluta borgarinnar, hafi hvorki verið kynnt í borgarráði né borgarstjórn. Fresta ætti ákvörðun um viðskiptin.

Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, sagði að vanda þyrfti undirbúning til að tryggja hagsmuni borgarbúa og afhendingaröryggi heits vatns á næstu tíu árum. „Það sætir furðu að borgarfulltrúar meirihlutans taki svo illa ígrundaða ákvörðun sem vekur upp spurningar um það hvort rannsóknarskyldu upplýsingalaga sé fullnægt,“ bókaði Sóley.

Borgarfulltrúar meirihluta Besta flokksins og Samfylkingarinnar svöruðu að endanlegir samningar yrði lagðir fram í borgarráði. Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, segir að stjórnarmönnum í OR hafi á fundi fyrir viku verið sýnt í trúnaði minnisblað með upplýsingum um að með tilliti til afhendingaröryggis heits vatns væri óábyrgt að fyrirtækið leigði út tankinn. Minnisblað forstjóra OR frá 18. desember fæli í sér aðra niðurstöðu.

- gar



**PERLAN** Borgin leigir einn af sex hitaveitutönkum í Öskjuhlíð samfara kaupum á Perlunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


BÓKIN FYRIR BÖRNIN




Öll börn þurfa að kynnast Grimmsævintýrum sem fylgt hafa kynslóðunum í 200 ár.

SKRUDDA
www.skrudda.is


# Benni ákærður fyrir vanskil á ársreikningi

Sérstakur saksóknari hefur ákært Benedikt Eyjólfsson í Bílabúð Benna fyrir að skila ekki ársreikningi. Benedikt segir lögin út í hött og reikninginn ekki koma almenningi við. Hann gagnrýnir að sérstakur saksóknari skuli eyða tíma í málið.

**DÓMSMÁL** „Það er algjörlega galið dæmi að sérstakur saksóknari sé að vesenast í Bílabúð Benna með þetta,“ segir Benedikt Eyjólfsson í Bílabúð Benna, sem hefur verið ákærður fyrir að skila ekki ársreikningi ársins 2010.

Ákæran verður þingfest 18. janúar. Vanskil á ársreikningum eru refsiverð og varða sektum.

Benedikt telur þessi lög hins vegar gölluð. „Mér finnst þessi skil til ársreikningaskrár alveg út í hött,“ segir hann. Upplýsingarnar sem fram komi í ársreikningum komi ekki öllum við. „Þær koma skattinum og opinberum stofnunum við, en almenningi kemur þetta ekkert við.“

Hann segist hafa staðið skil á öllu sem máli skipti. „Þetta er 38 ára gamalt fyrirtæki sem hefur skilað skattskýrslu á réttum tíma í hvert einasta skipti, borgað alla sína skatta og hefur aldrei nokkurn tímann fengið neitt niðurfellt. Samkeppniseftirlitið bað mig um ársskýrslur út af skoðun á bílamarkaðnum um daginn – ég skilaði þeim öllum.“

Benedikt telur að það gæti beinlínis skaðað fyrirtækið að skila ársreikningum. „Við höfum verið í ósanngjarnri samkeppni við banka undanfarin ár og þess vegna höfum við talið það vera samkeppnissjónarmið að skila þessu ekki inn,“ útskýrir hann.

„Ég er alveg sammála því að það eigi ekki að koma í veg fyrir kennitöluflakk eins og er verið að tala um núna og það er alveg klárt að almenningshlutafélög á markaði eiga að skila ársreikningi á þriggja mánaða fresti.“

Þetta finnist honum þó ekki eiga við um einkafyrirtæki. „Það sem mér finnst fáránlegt er að sérstakur saksóknari, sem hefur nóg á sinni könnu, sé að eltast við einkafyrirtæki sem skila öllu sínu til ríkisins og eyða tíma og peningunum þínum og mínum í svona fáránleg mál.

Þetta er bara eins og hann væri úti á Keflavíkurvegi að mæla menn á 95 – sem er ólöglegt – á góðum sumardegi.“

stigur@frettabladid.is



**ÓSÁTTUR** Benni er hundfúll með að vera gert að skila ársreikningi. Hann vill ekki að samkeppnisaðilar komist í allar upplýsingar um reksturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Lögum breytt vegna BM Vallár



Í upphafi aldarinnar voru Víglundur Þorsteinsson og aðrir stjórnendur BM Vallár ákærðir fyrir að trassa að skila ársreikningum. Víglundur hefur alla tíð verið sömu skoðunar og Benedikt; að óeðlilegt sé að einkafyrirtækjum sé gert að skila slíkum reikningum.

Þeir voru sýknaðir á þeirri forsendu að lagaheimild hefði skort fyrir stofnun félagaskrár, sem þá hélt utan um ársreikningana. Í kjölfarið var lögum breytt til að tryggja að hægt væri að refsa mönnum fyrir að trassa ársreikningaskil.


Verðtryggð skuldabréf
Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
LSS150434

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100, hefur birt viðauka við grunnlýsingu dagsett 28. mars 2012 vegna töku skuldabréfa til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Viðaukann og gögn sem vitnað er til í honum er hægt að nálgast hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík og á vefsíðu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. www.lanasjodur.is fram til lokagjalddaga skuldabréfanna.

**Nafnverð útgáfu:** Heildarnafnverð skuldabréfanna sem óskað hefur verið að tekin verði til viðskipta 21. desember 2012 er 160.000.000 kr. heildarnafnverð flokksins er þá 1.585.000.000 kr. Nafnverð hverrar einingar er 1 kr.

**Skilmálar bréfanna:** Skuldabréfin eru verðtryggð jafngreiðslu bréf. Bréfin bera fasta 3,75% ársvexti sem greiddir eru hálfsárslega, 15. apríl og 15. október ár hvert, í fyrsta sinn 15. apríl 2012 og í síðasta sinn 15. apríl 2034. Auðkenni flokksins á NASDAQ OMX Iceland hf. er LSS150434 og ISIN númer IS0000020691.

*Reykjavík, 20. desember 2012.*
*Lánasjóður sveitarfélaga ohf.*


Lán til Sögu, VBS og Aska:

## ESA hætti rannsókn

**STJÓRNSÝSLA** Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hætti í gær rannsókn á ríkisaðstoð til fjárfestingabankanna Saga Capital, VBS og Askar Capital. Alls lánaði íslenska ríkið bönkunum þremur 52 milljarða króna snemma árs 2009 til að reyna að halda þeim á lífi. Þeir eru nú allir gjaldþrota og því var ekki talið að áframhaldandi rannsókn myndi þjóna neinum tilgangi.

Í bráðabirgðaniðurstöðu stofnunarinnar kom þó fram að fyrirgreiðslan hefði falið í sér ríkisaðstoð sem samræmdist ekki EES-samningnum, og að íslensk yfirvöld hefðu brugðist skyldu sinni um að tilkynna ráðstafanirnar.

- þsj

Vírusar herja á snjallsímana:

## Nota leiki til að freista notenda

**TÆKNI Tölvuþrjótar nota tölvuleiki fyrir snjallsíma til að freista notenda til að hlaða niður vírusum. Vírusarnir nota í kjölfarið símann til að senda út SMS-skilaboð á mikinn fjölda símanúmera, samkvæmt frétt BBC.**

**Tölvuþrjótarnir senda miklum fjölda símaeigenda boð um að hlaða niður ókeypis leikjum, til dæmis Angry Birds, Need for Speed eða öðrum vinsælum leikjum. Falli símaeigandinn í gildruna þarf hann að leyfa forritinu að rýmka öryggisreglur símans. Í kjölfarið sækir síminn langan lista símanúmera á netið og byrjar að senda ruslpóst í SMS-skilaboðum með tilheyrandi kostnaði fyrir símnotandann.**

- bj

Innbrot á Akureyri:

## Oftar brotist inn á daginn

**LÖGREGLUMÁL** Innbrotum um hábjartan dag hefur fjölgað á Akureyri undanfarin misseri. Yfirlögregluþjónn þar hvetur fólk til að fylgjast vel með grunsamlegum mannaferðum í samtali við Ríkisútvarpið.

Fyrir mánuði var brotist inn í íbúðarhús og stolið þaðan miklum verðmætum. Í fyrradag voru svo framin tvö innbrot eftir að íbúar fóru til vinnu. Lögreglan fékk einnig þrjár tilkynningar um menn sem bönkuðu upp á í íbúðarhúsum, greinilega í þeim tilgangi að sjá hvort einhver væri heima.

Lögreglan segir innbrotsþjófana ýmist vera fíkniefnaneytendur eða skipulagða glæpahópa.

- þeb


Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Foreldrum og yfirvöldum ber að tryggja öryggi barna

# VINSÆLAR JÓLAGJAFIR
## Á FRÁBÆRU VERÐI




SAMSUNG

**51" 3D Plasma HDR 600Hz**
- Þunnur rammi.
- Tækið getur tengst heimaneti með WiFi

JÓLATILBOÐ
~~199.999~~
**169.999**
eða 29.665kr á mánuði
miðað við 6 mánaða vaxtalaust jólalán, alls 177.989kr




**42" LG Full HD LED**
- Full HD 100Mhz LED tæki frá LG.
- Direct LED tækni með minni orkunotkun og dýpri mynd
- Kemur á snúningsfæti
- USB afspilun með DivX stuðning og Simplink

*Gullhúðaður HDMI kapall og 16GB USB minnislykill fylgja. (Kaupauki að verðmæti 5.090kr)*

JÓLATILBOÐ
~~169.999~~
**129.999**
eða 22.765kr á mánuði
miðað við 6 mánaða vaxtalaust jólalán, alls 136.589kr




GOTT VERÐ
**39.999**

Haier

**22" LED Full HD**
- Edge LED tækni með Slim hönnun
- Full HD 1920x1080
- Spilar beint af USB diski eða lykli
- USB upptaka - tekur upp á minnislykil eða disk

*Gullhúðaður HDMI kapall og 4GB USB minnislykill fylgja. (Kaupauki að verðmæti 3.890kr)*



**16.999**
verð áður 22.999

Nikon

**CoolPix L25 silfurlit eða hvít**
- 10 milljón pixla vél
- 5x optical zoom
- bjartur 3" skjár
- MACRO stilling
- leiðrétting á hreyfðum myndum

*Taska og 4GB minniskort fylgir. (Kaupauki að verðmæti 4.999kr)*



**9.999**
verð áður 12.999

**Telefunken 7" LED myndarammi**
- 16/9 myndhlutfall
- Fjarstýring fylgir

*2GB minniskort fylgir. (Kaupauki að verðmæti 999kr)*

PHILIPS

**DUO þráðlaus heimilissími**
- tvö símatól
- 50 númera símaskrá
- listi yfir 10 síðustu símtöl
- endurval á 5 númer
- símanúmerabirtir
- 10 hringitónar
- 12 klst. taltími
- 185 klst. í bið



**8.999**
verð áður 10.999

**Salora 7" DVD ferðaspilari**
- USB afspilun
- Spilar DVD, DVDR(W), CD, CDR(W), MP3, JPEG, MPEG4
- MMC/SD kortalesari
- Allir kaplar og taska fylgir með



**17.999**
verð áður 19.999

**Motorola TLKR-T4 talstöðvar**
- Nettar og fyrirferðalitlar PMR talstöðvar
- 8 rásir
- 500mw sendistyrkur
- Drægni allt að 6km
- Nýtast vel í útilegu, göngu- og veiðiferðum eða sem leiktæki.
- 2 saman í pakka



**5.999**
verð áður 6.999

**TDK Boombox TBC8211 ferðatæki**
- útvarp og geislaspilari
- fallegt og stílhreint
- góður hljómur
- LED skjár
- AUX-IN tengi
- tekur rafhlöður og því frábær lausn í ferðalagið



**9.999**
verð áður 10.999

**Knopex Borðútvarp**
- þægilegt
- stílhreint
- einfalt í notkun



**5.999**
verð áður 6.999

Gildir til 24. desember á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

OG Í SMÁRALIND TIL JÓLA

Öll raftækin fást í Hagkaup Smáralind, Kringlu og Garðabæ, minna úrval í öðrum verslunum.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð




**FME** Stofnunin tilkynnti í gær að Sigurði Jóhannessyni hefði verið vikið einhliða úr stjórn Stapa. Sigurður hefur hins vegar verið varamaður í stjórninni frá því í maí.

### Sigurður Jóhannesson sat ekki í stjórn Stapa:

# Vikið burt en hætti fyrir sjö mánuðum

**STJÓRNSÝSLA** Sigurður Jóhannesson, sem Fjármálaeftirlitið (FME) vék í vikunni úr stjórn lífeyrissjóðsins Stapa vegna þekkingar- og reynsluleysis, hætti í stjórninni fyrir sjö mánuðum. Þetta má sjá á heimasíðu Stapa og er tíundað í yfirlýsingu frá Samtökum atvinnulífsins (SA) sem birt var í gær, en Sigurður sat í stjórninni fyrir hönd samtakanna. SA gera alvarlegar athugasemdir við tilkynningu FME um málið og benda á að Sigurði hafi aðeins verið gert að víkja sem varamaður í stjórninni.

Í tilkynningu sem birt var á vef FME á þriðjudag kom fram að Sigurði hefði verið vikið einhliða frá sem stjórnarmanni í Stapa hinn 6. desember síðastliðinn. Ástæða brottvikningarinnar var sögð sú að hann teldist ekki uppfylla ákveðin hæfisskilyrði og að honum hefði verið tilkynnt um það snemma í október. Þar sem hann hefði „ekki orðið við kröfu stjórnar stofnunarinnar um að láta af störfum“ hefði FME vikið honum einhliða frá.



UNNUR GUNNARSDÓTTIR

Á heimasíðu Stapa má hins vegar sjá að Sigurður vék úr stjórn Stapa á síðasta aðalfundi sjóðsins, sem haldinn var 8. maí, og nýr stjórnarmaður var settur í hans stað. Í yfirlýsingu frá SA um málið segir að „sú ákvörðun FME að víkja Sigurði úr varastjórn virðist merki um sérreglu gagnvart honum þar sem hann er eini varastjórnarmaðurinn sem vitað er um að gerð hafi verið krafa um að standist hæfismat stjórnarmanna“. **- þsj**

# Endurskipulagning Fasteignar í uppnámi

Líkur eru á að Seðlabanki Íslands banni Eignarhaldsfélaginu Fasteign (EFF) að greiða skuldir við þrotabú Glitnis í evrum. Beðið er umsagnar bankans um samkomulag um endurskipulagningu EFF sem náðist fyrr á árinu. Krónuleið skoðuð.

**VIÐSKIPTI** Endurskipulagning Eignarhaldsfélagsins Fasteignar (EFF) tefst, þar sem ekki liggur fyrir hvort Seðlabanki Íslands fellst á skuldauppgjör í evrum við þrotabú Glitnis. Stjórn og aðstandendum félagsins var kynnt staðan á fundi fyrir helgi. „Þar var upplýst að þetta færi að líkindum ekki óbreytt í gegn,“ segir Ingvi Jónasson, framkvæmdastóri EFF.

Sveitarfélög þrýsta á um að niðurstaða fáist fyrir áramót til þess að færa megi rétt í ársreikninga skuldbindingar vegna EFF. Hlutur Reykjanesbæjar er einna stærstur, en bæjarfélagið stóð að stofnun EFF árið 2003 og seldi fasteignir sínar að mestu inn í félagið, en greiðir svo leigu fyrir afnot af þeim.



ÁRNI SIGFÚSSON

Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar og stjórnarformaður EFF, segir félagið ekki enn hafa fengið formlega afstöðu Seðlabankans til samninganna við slitastjórn Glitnis. „Þeir snúa líka að uppgreiðslu lánanna og möguleika sveitarfélaganna á að kaupa til baka eignir og greiða lánin. Og þá þarf svar Seðlabankans við því hvort hann sætti sig við það, eða hvort hann vilji að þetta verði allt greitt út í krónum,“ segir Árni en bætir því við að félagið sé búið undir hvora leiðina heldur sem er. Þetta hafi verið rætt við Glitni og breytti væntanlega litlu um samningana.



**MYLLUBAKKASKÓLI** EFF á og rekur fjölda fasteigna víða um land, alls um 125 þúsund fermetra. Þar á meðal eru velflestar opinberar byggingar í Reykjanesbæ. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hvað sveitarfélögin varðar segir Árni að á þeim vettvangi hafi helst verið gagnrýnd gengisáhætta tengd samningunum. „En ef það breytist yfir í krónur ætti það að vera jákvætt að mati flestra sveitarfélaganna, enda tekjurnar okkar í krónum.“ Ákvörðun Seðlabankans breyti hins vegar ekki miklu fyrir fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna, því leigusamningar þeirra byggi á samningum við Fasteign. „Ekki er búist við að breytingar verði á uppgjörum vegna hvorrar leiðarinnar sem yrði valin. Þeim liggur helst á að ljúka þessu fyrir áramót til þess að hreinsa megi þetta upp og ganga frá ársreikningum.“ Vinna við málið hafi hins vegar staðið í um tvö ár og allan tímann hafi menn talið að henni væri að ljúka. „En nú vonast menn til þess að vera komnir á lokasprettinn.“

Í Seðlabankanum fengust þau svör að bankinn tjáði sig ekki um einstök mál eða umsóknir um undanþágur frá gjaldeyrishöftum.

olikr@frettabladid.is




forréttir-smáréttir

Ljúffengir, margverðlaunaðir - tilbúnir beint á borðið...

**Grafið lambafile** - Inniheldur grafið lambafile með ferskum kryddjurtum og piparrótarsósu.
Gott að bera fram með piparrótarsósunni, salati og ristuðu brauði sem forrétt fyrir 4-5.
Einnig gott að bera fram með graflaxsósu, kexi og berjasultum.

**Sveitapaté** - Inniheldur sveitapaté, rifsberjahlaup og hindberjasósu. Gott að bera fram með hindberjasósunni, rifsberjahlaupinu, salati og ristuðu brauði sem forrétt fyrir 4-5.
Einnig gott að bera fram með kexi og berjasultum.

**Nautavöðvi** - Inniheldur léttreyktan og grafinn nautavöðva og piparrótarsósu.
Gott að bera fram með fersku salati, piparrótarsósu og bláberjum eða vínberjum sem forrétt fyrir 4-5.

**Taðreykt lambainnralæri** - Inniheldur taðreykt lambainnralæri og piparrótarsósu.
Gott að bera fram með melónu, piparrótarsósu og fersku salati sem forrétt fyrir 7-8.




FERSKAR KJÖTVÖRUR

Fæst í:
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Jólagleðin ríkir langt fram á kvöld

Opið til
22
fram að
jólum

Það er nægur tími til að klára jólainnkaupin í Smáralind. Pakkajólin eru enn í fullum gangi og ávallt næg bílastæði.

Sjáumst, Smáralind

**Fimmtudagur 20. desember**

| | |
|---|---|
| 17.00 | Jólasveinar kæta yngstu gestina |
| 18.00 | Skólahljómsveit Kópavogs |
| 20.00 | Raggi Bjarna og Þorgeir Ástvalds halda uppi sannkallaðri hátíðarstemningu |



Raggi
Bjarna og
Þorgeir
Ástvalds

Smáralind



ENNEMM / SÍA / NM55695

HVER ER SÝN UMHVERFISRÁÐHERRA Á STÖÐU SKÓLPMÁLA Á ÍSLANDI?

# Skólpmálin eru áhyggjuefni

**Umhverfisráðherra segir að sveitarfélög verði að gera átak í skólpmálum. Stöðnun og jafnvel afturför hafi orðið eftir uppbyggingartímabil, sem sé óviðunandi.**



Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Svandís Svavarsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, segir það áhyggjuefni að við Íslendingar séum langt á eftir nágrannalöndum okkar þegar kemur að skólpmálum. Hún segir stöðnun ríkja og að jafnvel megi tala um afturför vegna skorts á viðhaldi, og í því ljósi þurfi nokkur sveitarfélög að gera átak til að uppfylla kröfur. Stjórnvaldssektir eru til skoðunar í ráðuneytinu.

**Langt á eftir**

Fréttablaðið fjallaði um hreinsun skólps í fimmtudagsblaði síðustu viku þar sem kom fram að mörg stærri sveitarfélögin á landsbyggðinni hefðu ekki lokið við uppsetningu hreinsimannvirkja fyrir skólp þrátt fyrir að tími til þess sé löngu runninn út. Fyrst og síðast stæði mikill kostnaður í vegi fyrir því að kröfum laga og reglugerða sé framfylgt, en hann hleypur á milljörðum hjá stærri sveitarfélögum.

Íslensk löggjöf og reglugerðir um skólp- og fráveitumál eiga rætur sínar í tilskipun Evrópusambandsins en meginmarkmið hennar er að vernda yfirborðsvatn fyrir skólpmengun. „Það má lesa út úr reglugerðinni og lögunum að mikilvægt sé að fráveitumál séu í lagi og fráveitur standist ströngustu kröfur. Það þarf að standa vörð um mikilvægustu auðlindir Íslendinga, sem eru hafið og ferskvatnið, og tryggja heilnæmt umhverfi fyrir framleiðslu matvæla,“ sagði Tryggvi Þórðarson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun.

**Áhyggjuefni**

En hvað finnst ráðherra umhverfis- og auðlindamála um þá staðreynd að við erum langt á eftir nágrannalöndunum í skólpmálum?

„Það er áhyggjuefni að við séum almennt á eftir nágrannalöndunum í skólpmálum. Milli 70 og 80% íbúa landsins búa nú við viðunandi skólphreinsun en meðal 20 til 30% er ástandið ófullnægjandi. Hér gegna sveitarfélögin lykilhlutverki – mörg þeirra hafa ekki lokið við fráveituframkvæmdir sem þegar eru hafnar og sum hafa ekki hafið þær. Enn öðrum hefur ekki lánast að viðhalda þeim búnaði sem komið hefur verið upp. Víða þurfa sveitarfélög því að taka sig á,“ segir Svandís.

Hún bætir við að ekki sé þó að öllu leyti einfalt að bera aðstæður á Íslandi saman við aðstæður í löndunum í kringum okkur. Þannig séu aðstæður hérlendis víða góðar vegna öflugra sjávarfalla sem valda því að strandsjórinn umhverfis Ísland er víða skilgreindur sem „síður viðkvæmur viðtaki“.

**Stöðnun – jafnvel afturför**

Sjö ár eru liðin frá því að frestur sveitarfélaga til að koma upp skólphreinsun rann út. Um þá staðreynd segir Svandís að sveitarfélög fengu stuðning ríkissjóðs vegna framkvæmda á árunum 1995 til 2008 og þá hafi orðið bylting í fráveitumálum sveitarfélaga víða um land. Hins vegar hafi legið fyrir að sveitarfélögin þyrftu sjálf að standa straum af kostnaðinum við fráveitur eftir að þessu tímabili lyki.

„Á síðustu árum hefur hins vegar ríkt stöðnun og jafnvel orðið afturför vegna skorts á viðhaldi skólpmannvirkja. Þetta er óviðunandi og er ljóst að mörg sveitarfélög þurfa að taka sig verulega á til að uppfylla skyldur sínar á þessu sviði. Það er á þeirra ábyrgð að sjá til þess að þessi hluti innviða sveitarfélaganna sé með sóma fyrir náttúru og lífríki en ekki síður til að búa íbúunum bestu mögulegar aðstæður,“ segir Svandís.

Spurð hvort kostnaður sé gild rök fyrir því að sveitarfélög hafa látið hjá líða að gera það sem lög og reglur segja til um segir hún að kostnaður einn og sér dugi ekki sem röksemd fyrir því að fara ekki að lögum og reglum. „Hér er um að ræða gríðarlega mikilvægt heilbrigðis- og umhverfismál sem varðar lífríkið og lífsgæði íbúanna og því ætti það að vera meðal brýnustu verkefna allra sveitarfélaga.“

**Skoða sektir við slóðaskap**

Nærtækt er að spyrja hvort grípa þurfi inn í með einhverjum hætti, af hálfu stjórnvalda, til að hraða því að skólpmálum sé kippt í liðinn af þeim sem dregið hafa fæturna. Svandís segir að íslensk lög og reglur leyfi ákveðin þvingunarúrræði en í þessu tilviki sé erfitt að beita þeim þar sem lokaúrræðið, sem er að stöðva starfsemina, er í raun ónothæft – það er einfaldlega ekki hægt að loka skólphreinsistöðvum eða fráveitum þó lagabókstafnum sé ekki fylgt í þaula.

„Hins vegar er umhverfis- og auðlindaráðuneytið að skoða möguleika á að beita stjórnvaldssektum í þessum tilvikum og kæmi til greina að gera tillögu um slíkt við endurskoðun laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Auðvitað er samt allra best að sveitarfélögin og íbúar þeirra sjái sér sjálf hag í því að kippa þessu mikilvæga hagsmunamáli í liðinn,“ segir Svandís.



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR** Ráðherra telur að á síðustu árum hafi framþróun í skólpmálum verið engin og jafnvel hægt að tala um afturför. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# 20% afsl. af gjafavöru í dag!

## Opið til kl. 21 í kvöld





Skál með loki 9.200,-
nú 7.360,-


Blómavasi 4.800,--
nú 3.840,-


Diskur m/hjálmi 8.500,-
nú 6.800,-


Skálar 4stk. 10.300,-
nú 8.240,-


Kökudiskur m/hjálmi18.400,-
nú 14.720,-


Diskur m/hjálmi 13.200
nú 10.560,-


Krús m/loki 7.200,-
nú 5.760,-


Bakki m/3 hólfum 7.400,-
nú 5.920,-

HEIMA HÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16, sunnudaga 13 - 16.




# Upptaka Eista á evru eyddi óvissuástandi

Utanríkisráðherra Eistlands segir áhrifin af upptöku evru hafa verið jákvæð, þó að ábyrg efnahagsstefna sé ekki síður mikilvæg. Landið er á hraðri uppleið eftir erfið samdráttarár. Ráðherrann segir tilefni til bjartsýni á evrusvæðinu næstu árin.

**EFNAHAGSMÁL** Reynsla Eista frá upptöku evru í upphafi síðasta árs hefur verið jákvæð að sögn Urmas Paet, utanríkisráðherra Eistlands, sem var staddur hér á landi í gær. Á meðan á heimsókninni stóð hélt hann meðal annars erindi á málfundi Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands um reynslu Eistlands, en ríkið tók upp evru hinn 1. janúar 2011, fyrst Eystrasaltsríkjanna þriggja sem gengu í ESB vorið 2004.


URMAS PAET

Í samtali við Fréttablaðið sagði Paet að í sjálfu sér hafi ekki verið mikil vandræði beintengd eistnesku krónunni, en hún hafi þó falið í sér ákveðna óvissu.

„Það olli því að fjárfestar héldu að sér höndum. En nú, eftir að við tókum upp evru er engu slíku til að dreifa því að traustið á evru er eðlilega almennt meira en á litlum gjaldmiðlum eins og krónunni.“

Spurður um áhrifin af upptöku evrunnar á efnahagslíf Eistlands segir Paet að þar hafi um árabil verið rekin ströng efnahagsstefna. Ríkissjóður sé rekinn í góðu jafnvægi og opinberar skuldir séu með því lægsta sem gerist.

„Þannig er spurningin ekki alltaf um gjaldmiðla, heldur líka hver stefna stjórnvalda er. Upptaka evrunnar var hins vegar okkar leið til að tryggja vöxt hagkerfisins og ríkisfjármálin til lengri tíma litið.“

Varðandi áhrif á almenning í Eistlandi segir Paet að vextir séu lágir í Eistlandi, eins og við er að búast vegna evrunnar, en um talsverða hríð fyrir upptöku evrunnar hafi almenningi þó staðið til boða að taka lán í evrum á lægri vöxtum en krónulán. Erfitt sé þá að meta bein áhrif evrunnar á verðlag, sem hefur farið hækkandi. Fleiri þættir komi þar til, meðal annars huglægir þættir þar sem það gæti hafa tekið neytendur ákveðinn tíma að aðlagast verðmerkingum í nýrri mynt.

„Mitt mat er þó að verðhækkanir hefðu komið til þótt við hefðum ekki tekið upp evru.“

Paet segir að þó að almenningur í Eistlandi hafi ekki fagnað upptöku evrunnar hátt á sínum tíma hafi heldur ekki verið hörð andstaða.

„Almenningur sætti sig hins vegar við að evran væri það skynsamlegasta í stöðunni.“

Litið til framtíðar segir Paet að hann efist ekki um að landið hafi gert rétt í því að taka upp evru. Hvað varðar evrusvæðið í heild segir hann að nú hilli loks undir allt það regluverk sem þurfi til að halda utan um sameiginlega mynt.

„Nú er tilefni til bjartsýni, því að nokkur evruríki sem glímdu við mikla erfiðleika eru að rétta úr kútnum og koma sterk út úr kreppunni, til dæmis Lettland, Írland og jafnvel Portúgal, eftir að hafa tekið á vandanum með öguðum hætti.“

thorgils@frettabladid.is

## Uppgangur eftir áfallið

➜ Hagkerfið í Eistlandi dróst harkalega saman í kreppunni en síðan árið 2010 hefur leiðin legið upp á við. Í fyrra var hagvöxtur 8,3% og spáin fyrir árið sem er að ljúka hljómar upp á 2,5%. Litið til næstu tveggja ára kemur ekkert annað ESB-ríki betur út í hagvaxtarspám Eurostat, en árið 2014 er spáð 4% hagvexti í Eistlandi.

➜ Eistar glíma enn við nokkuð hátt atvinnuleysi, en Paet segir það heyra til batnaðar. Skortur sé á faglærðu vinnuafli, sem stefnt er að því að bæta úr með umbótum í menntakerfinu.



# Allir fá þá eitthvað fallegt...

1001 GJAFAVARA FRÁ
RÚMLEGA 100 HÖNNUÐUM



Verð frá: 2.150.-

Harpa / Skeifan 6 / Leifsstöð / 5687733 / epal@epal.is

www.epal.is

Verð: 9.850.-





Verð: 4.900.-



Verð: 5.350.-



Verð: stór 19.200.-
lítill 11.650.-



Verð: 20.900.-



Verð: 4.200.-

epal

Verð: 9.200.-





Verð: 11.800.-



Verð: 21.500.-



Verð: 27.800.-



Verð: 25.900.-

ROSENDAHL GEORG JENSEN stelton marimekko® iittala ALESSI Joseph Joseph evasolo menu


Glæsileg
nettó
jól
ÍSLENSKUR
KALKÚNN
1.392 KR KG
JÓLAHÚS NETTÓ
AKUREYRI | NJARÐVÍK
MJÓDD | BORGARNESI
EGILSSTÖÐUM | SELFOSSI
OPIÐ 7. - 24. DESEMBER
Fáðu ráðleggingar hjá sérfræðingi okkar varðandi jólasteikina og hangikjötið
JÓAKIM AÐALÖND
Viðskiptaleikur
VIÐSKIPTASPIL JÓAKIMS
4.998 KR
STIKLUR
Stiklur
1977-2005
4.998kr
EXPENDABLES 2
The Expandables 2
2.398kr
frozen planet
Frozen Planet
Attenbourough
4 dvd diskar
4.998kr
www.netto.is
| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



AFTER EIGHT COLLECTION 143 G **1.349 KR PK**



LINDT SWISS LUXURY SELECTION 215 G **1.698 KR PK**



LINDT LINDOR Mjólkursúkkulaði 200 G **989 KR PK**



CELEBRATIONS 855 G **2.489 KR PK**



ALL GOLD MJÓLKUR EÐA DÖKKT 380 G **1.499 KR PK**



JÓLASOKKUR 285 G **698 KR PK**



CADBURY SELECTION 173 G **249 KR PK**



TWILIGHT MINT 150 G **449 KR PK**



CADBURRY ROSES 800 G **1.989 KR PK**



CADBURY ROSES 200 G **649 KR PK**



BASSETTS Lakkrískonfekt 800 G **1.349 KR PK**



CADBURY HEROES 200 G **649 KR PK**



## Opnunartímar

**HVERAFOLD SALAVEGUR**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 20. fim | 10 - 22 | 27. fim | 10 - 19 |
| 21. fös | 10 - 22 | 28. fös | 10 - 19 |
| 22. lau | 10 - 22 | 29. lau | 10 - 22 |
| 23. sun | 10 - 23 | 30. sun | 10 - 22 |
| 24. mán | 10 - 13 | 31. mán | 10 - 15 |
| 25. þri | Lokað | 1. þri | Lokað |
| 26. mið | Lokað | | |

**MJÓDD**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 20. fim | dag&nótt | 27. fim | frá kl. 10 |
| 21. fös | dag&nótt | 28. fös | dag&nótt |
| 22. lau | dag&nótt | 29. lau | dag&nótt |
| 23. sun | dag&nótt | 30. sun | dag&nótt |
| 24. mán | til kl. 13 | 31. mán | til kl. 15 |
| 25. þri | Lokað | 1. þri | Lokað |
| 26. mið | Lokað | | |

**Tilboðin gilda 21. - 23. des**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## HEIMURINN




### Dóttir einræðisherra kosin

**1 SUÐUR-KÓREA** Park Geun-hye hefur verið kosin forseti Suður-Kóreu, fyrst kvenna. Hún er dóttir einræðisherrans Park Chung-hee, sem ríkti á árunum 1961 til 1979. Hún þykir líkleg til að reyna að bæta samskiptin við Norður-Kóreu, auk þess sem vonir eru bundnar við að kjör hennar styrki stöðu kvenna í karlremburíkinu Suður-Kóreu.



### Stjórn BBC gagnrýnd

**2 BRETLAND** Skriffinnskuflækjur og stofnanahringl leiddu til þess að breska útvarpið BBC sinnti ekki ásökunum um að hinn þekkti sjónvarpsmaður Jimmy Savile hefði níðst kynferðislega á ungum stúlkum. Þetta kemur fram í nýrri rannsóknarskýrslu, þar sem yfirstjórn útvarpsins er gagnrýnd, en ekki er talið að hún hafi vísvitandi reynt að hylma yfir með níðingnum.

### Vanmátu hættuna

**3 BANDARÍKIN** Bandaríska utanríkisráðuneytið vanmat illilega þá hættu sem bandarísku sendiskrifstofunni í Bengasí í Líbíu stafaði af herskáum öflum í landinu. Þetta kom fram á lokuðum fundi rannsóknarnefndar Bandaríkjaþings, þar sem hörð gagnrýni kom fram á starfsmenn og yfirmenn ráðuneytisins. Tilefnið er árás á sendiskrifstofuna í haust, sem meðal annars kostaði bandaríska sendiherrann þar lífið.




MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegi 15 - 101 Reykjavík
sími 511 1900 - www.michelsen.is





# Gjöld á brjóstapúða en ekki á túrtappa

**Þingmenn deildu um skilgreiningu á lækningatækjum í gær. Setja átti á gjald til að skrá tækin. Samkvæmt frumvarpi voru smokkar, tannþráður og hjólastólar skilgreind sem lækningatæki. Velferðarráðherra dregur frumvarpið til baka.**

**ALÞINGI** Þingmenn stjórnarandstöðunnar bentu á það í umræðum á Alþingi í gær að til stæði að leggja sérgjald á túrtappa, smokka, tannþráð, bleiur og ýmislegt fleira. Þessar vörur, ásamt öðrum, voru skilgreindar sem lækningavörur, en samkvæmt frumvarpi velferðarráðherra á að setja sérgjald á þær vörur. Það á að standa undir skráningu.

„Við erum að tala um smokka og aðrar getnaðarvarnir, við erum að tala um dömubindi og tíðatappa, bleiur og bleiufóður, við erum að tala um linsuvökva og við erum að tala um tannþráð – sem lækningatæki," sagði Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra segir að fyrir mistök hafi ekki verið hreinsað út úr skrá vörumerkja sem bera eiga gjaldið.


GUÐBJARTUR HANNESSON


UNNUR BRÁ KONRÁÐSDÓTTIR

„Hugmyndin á bak við frumvarpið er að ná utan um þau tæki sem notuð eru í mannslíkamanum. Þetta kemur í kjölfarið á brjóstapúðamálinu, og fylgjast með skráningu og eftirliti á þeim tækjum. Það er notað hugtakið lækningatæki og undir því eru allir þessir smáhlutir og rekstrarvörur sem aldrei stóð til að leggja nein gjöld á eða bæta við eða breyti eftirliti á."

Guðbjartur mun draga frumvarpið til baka og leggja það fram að nýju í janúar. Þá verður búið að hreinsa út þær vörur sem ekki stendur til að skrá.

„Þetta er fyrst og fremst til að fólk lendi ekki í svipaðri stöðu og með brjóstapúðana. Það á að vera rekjanlegt hvaða vörur er verið að nota og hverjir nota þær."

Guðbjartur segir mistökin liggja í því að skilgreiningin á lækningatækjum hafi verið mun víðari en hann hafi gert sér grein fyrir. Eftir standi að í tollskrá eru dömubindi, bleiur, túrtappar og tannþráður flokkuð sem lækningavörur.

kolbeinn@frettabladid.is



Hnoðuð lagkaka að hætti Jóa Fel
Jói Fel
BAKARÍ



i-Helicopter
Stjórnað með iPhone, iPad, iPod touch



Sölustaðir: Epli, Bókabúð Máls og menningar, Bókaverslun Stefáns Þórarinssonar, Myndiðjan, Omnis, Símabúðin Firði, Superkaup.is, Verslunin Vísir,
Dreifing: Demantskort, sími 860-8832


350.000 deyja árlega af völdum loftmengunar innan Evrópusambandsins:

# Endurskoðun snertir Ísland beint

**UMHVERFISMÁL** Evrópusambandið leitar álits hjá almenningi og sérfræðingum vegna heildarendurskoðunar stefnumótunar sambandsins í loftgæðamálum. Samráðsferlinu, sem hófst 10. þessa mánaðar, lýkur 4. mars.

Í umfjöllun á vef umhverfis- og auðlindaráðuneytisins kemur fram að samkvæmt Samningnum um evrópska efnahagssvæðið (EES) sé Íslendingum skylt að innleiða löggjöf Evrópusambandsins í mengunarmálum. Málið gæti því varðað Íslendinga með beinum hætti.

„Loftmengun og önnur tengd vandamál sem ógna umhverfinu og heilsu fólks eru alvarlegt áhyggjuefni fyrir marga Evrópubúa," segir í umfjöllun ráðuneytisins. Bent er á að þótt með lagasetningu hafi verið reynt að stemma stigu við loftmengandi efnum á borð við brennisteinstvíoxíð, blý og nituroxíð hafi ekki tekist að koma í veg fyrir loftmengun með öllu. „Heilsu fólks stafar hætta af mengunarmóðu og svifryki sem víða fer reglulega yfir hættumörk. Þannig er talið að loftmengun dragi yfir 350.000 manns til dauða árlega innan Evrópusambandsins."


**MENGUN** Hér hafa svifryk, öskufall og díoxín verið í umræðunni í tengslum við loftmengun. NORDICPHOTOS/AFP

- óká

MENNTUN OG UMHVERFISMÁL




Heimild: PISA könnun 2012 - Efnahags-og framfarastofnun Evrópu (OECD)

Innri hringur táknar leikskóla sem taka þátt í **Grænfánaverkefni** Landverndar og ytri hringur táknar þá grunnskóla sem taka þátt. Tölur við lok síðasta skólaárs.




# Menntun er skilvirkasta tækið

Menntamálaráðherra telur umhverfisógn stærstu ógn samtímans. Mikilvægi fræðslu til ungmenna þurfi að skoða í því ljósi, og íslenskir skólar standi vel. Ungt fólk hefur hins vegar litlar áhyggjur af umhverfisvanda og er svartsýnt á lausnir.

Skólakerfið skiptir höfuðmáli þegar kemur að umhverfisvitund ungmenna, sýna gögn Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD). Fjölmörgum umhverfisverkefnum hefur verið hleypt af stokkunum í íslenskum skólum á undanförnum árum og staðan metin góð. Íslensk ungmenni hafa hins vegar litlar áhyggjur af alvarlegum umhverfisvandamálum. Meiri umræðu þarf í samfélaginu um umhverfismál og mikilvægi menntunar í því samhengi.

**Grænn fáni**

Kvennaskólinn í Reykjavík flaggaði nýlega sínum fyrsta Grænfána, en nú eru alls tíu framhaldsskólar á landinu sem taka þátt í Grænfánaverkefni Landverndar. Verkefnið er alþjóðlegt og snýr að því að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum og er styrkt af bæði umhverfisráðuneytinu og mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Markmið verkefnisins eru meðal annars að bæta umhverfi skólanna, minnka úrgang og notkun á vatni og orku og að veita nemendum menntun og færni til að takast á við umhverfismál.

Til þess að flagga Grænfána þurfa skólar að hafa stigið skrefin sjö, en þau eru ákveðin verkefni sem efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál. Skólar sem eru í miðju ferli að stíga skrefin eru kallaðir „skólar á grænni grein“. Fyrstu Grænfánarnir voru dregnir að húni hér á landi árið 2002.

Samkvæmt tölum við lok síðasta skólaárs taka alls 202 skólar á öllum skólastigum þátt í verkefninu. Hlutfallslega taka fæstir leik- og framhaldsskólar þátt, en einungis 35% leikskóla á landinu eru „á grænni grein“ og 29% framhaldsskóla. Grunnskólar sem taka þátt í verkefninu eru 88 talsins sem er um 51% af heildarfjölda grunnskóla á landinu.

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, telur ástæðu þess að færri leikskólar en grunnskólar taka þátt vera þá að verkefnið hafi upphaflega byrjað í grunnskólunum og að fólk hafi séð meira menntunargildi þar en á öðrum skólastigum. „Það hefur færst mjög í vöxt á síðustu árum að fleiri leikskólar taki þátt og það sama má segja um framhaldsskóla,“ segir Katrín.

**Mismunandi þátttaka eftir landshlutum**

Þegar skoðuð er þátttaka í Grænfánaverkefninu kemur í ljós mikill munur á milli landshluta. Skólar á Suðurlandi koma hvað verst út, en þar taka aðeins 22% leikskóla þátt í verkefninu og 38% grunnskóla ef bornar eru saman tölur frá heimasíðu verkefnisins og yfir fjölda skóla eftir landsvæðum inn á vef mennta- og menningarráðuneytisins. Á höfuðborgarsvæðinu, til samanburðar, taka 34% leikskóla þátt í verkefninu og 52% grunnskóla.

Í óformlegri könnun Fréttablaðsins meðal nokkurra skóla sem taka ekki þátt í verkefninu, var nefnd sú ástæða að verkefnið þykir of yfirgripsmikið og því fylgi of mikil skriffinnska. Fjár- og tímaskorti var einnig borið við hjá nokkrum skólum en margir þeirra hyggja á þátttöku í Grænfánaverkefninu á næstu misserum. Skal þess getið að allir skólarnir sem svöruðu fylgja þó einhvers konar umhverfisstefnu og eru margir hverjir þátttakendur í öðrum umhverfisverkefnum, til að mynda Grænum skrefum Reykjavíkurborgar en 14 leikskólar og 7 grunnskólar taka þátt í því verkefni.



**SVARTIFOSS Í SKAFTAFELLI** Skólakerfið leikur aðalhlutverk í náttúruvernd og umhverfismálum almennt séð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## MENNTUN TIL SJÁLFBÆRNI

Sjálfbærni er gert hátt undir höfði í nýrri aðalnámskrá. Auk sjálfbærni eru grunnþættirnir læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Í aðalnámskrá segir meðal annars að „menntun til sjálfbærni miði að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags“.

Árin 2005-2014 er áratugur menntunar til sjálfbærrar þróunar hjá Sameinuðu þjóðunum (Sþ) og er það ein af ástæðum þess að sjálfbærni var tekin inn í aðalnámsskrána hérlendis.

Helena Óladóttir, umhverfisfræðingur og kennari, segir að menntun til sjálfbærni sé mjög vítt hugtak og að margir tengi það hreint og beint við umhverfismál. Hún segir að ef rýnt er í hugmyndafræðina væri hægt að lýsa hugtakinu með spurningunni: Hvaða og hvers konar menntun þurfum við á að halda til að geta lifað í sátt við jörðina? „Menntun er skilgreind sem besta tækið og kannski eina tækið sem við höfum til að bregðast við neikvæðri þróun,“ segir Helena.

### ➜ Sjálfbær þróun – skilgreining

Hugtakið sjálfbær þróun kom fyrst fram árið 1987 í Brundtlandskýrslunni svokölluðu, sem kom út á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þar er hugtakið skilgreint sem mannleg starfsemi sem fullnægir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum framtíðarkynslóða til að fullnægja sínum þörfum.

**Nemendur meðvitaðri um umhverfismál**

Starfsmenn þeirra skóla sem taka þátt í verkefninu sem talað var við sögðust sjá mikinn mun á nemendum eftir að þátttaka hófst í Grænfánaverkefninu. Nemendur eru almennt meðvitaðri um umhverfismál og mikil umræða um þau í kennslustundum. Áþreifanlegur árangur sæist í því að allt rusl sem til fellur væri flokkað í kennslustofum, sjaldgæft væri að sjá rusl á víð og dreif og væru nemendur einnig hvattir til að koma hjólandi eða á tveimur jafnfljótum í skólann. Var sérstaklega á það bent að verkefnið standi og falli með áhuga og framtaki kennara og annarra starfsmanna skólanna; því komi umhverfisverkefni sem þetta til kasta allra innan veggja skólanna.

**Fjölmörg verkefni í gangi**

Katrín telur Grænfánaverkefnið og önnur svipuð umhverfisverkefni vera hentug fyrir skóla sem vilja hefjast handa við að vinna að sjálfbærniþættinum í námskránni. Grænfánaverkefnið sé stærst en Græn skref Reykjavíkurborgar og Náttúruskólinn, sem er einnig á vegum borgarinnar, séu einnig góð dæmi. Ríkið hefur einnig styrkt minni verkefni með einstökum verkefnastyrkjum svo sem Yrkjusjóðinn og Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs (GFF).

Helena Óladóttir, umhverfisfræðingur og verkefnastjóri Náttúruskólans, segir skólann „ganga út á það að gera kennara nógu hugrakka og nógu færa til að vinna með börnum utandyra. Að fara reglulega út í umhverfið og sjá hvað er þar, og sjá hvernig það breytist frá einni árstíð til annarrar.“ Hún segir útikennslu vera að aukast og að margir séu farnir að nota slíka kennslu sem lykilinn til að nálgast menntun til sjálfbærni.

**Umhverfisvitund mótast af skólum**

Nýlega birti OECD niðurstöður könnunar um umhverfisvitund 15 ára ungmenna. Þar kom meðal annars fram að skoðanir ungs fólks á umhverfismálum mótast frekar af skólum en viðhorfum foreldra. Í könnuninni var mælt hversu mikið áhyggjuefni ungmenni teldu að ákveðnir umhverfisþættir væru. Kastljósinu var beint að sex umhverfisþáttum og voru þeir loftmengun, orkuskortur, útrýmingarhætta plantna og dýra, vatnsskortur, niðurrif skóga og kjarnorkuúrgangur. Í ljós kom að íslensk ungmenni hafa ekki jafn miklar áhyggjur af þessum vandamálum og jafnaldrar þeirra í Evrópu.

**Vandamálin ekki í bakgarðinum**

Katrín telur ástæðuna fyrir því að íslensk ungmenni virðast hafa minni áhyggjur af þessum þáttum vera þá að þau skynji ekki umhverfisvandann á sama hátt og fólk sem búi á mun þéttbýlli svæðum. „Við skynjum þetta ekki jafnvel og þeir sem eru með vandann í bakgarðinum hjá sér.“

Helena Óladóttir tekur í sama streng og telur ungmenni ekki vita betur, en bætir við að margir fullorðnir hafi ekkert frekar áhyggjur af þessum vandamálum. Einnig þykir henni vanta meiri umfjöllun um mörg þessara mála í fjölmiðlum og samfélaginu almennt. Hún bendir á að kennararnir skipta líka máli í þessu samhengi og talar þá helst um bakgrunn þeirra, en þeir eru flestir með bakgrunn í raungreinum. „Þeir sem fara í kennaranám eru yfirleitt þeir sem hafa verið á félags- eða málabrautum í framhaldsskóla og þar eru fáir raungreinaáfangar.“

**Íslensk ungmenni ekki bjartsýn**

Í rannsókninni var einnig kannað hversu bjartsýn 15 ára ungmenni í OECD-löndunum væru á að lausnir við þessum umhverfisvandamálum fyndust á næstu tuttugu árum. Þar voru íslensk ungmenni jafn svartsýn og jafnaldrar þeirra í hinum OECD-löndunum. Hlutfall ungs fólks sem trúði að lausn við þessum vandamálum væru í sjónmáli var á bilinu 13%-20% í flokkunum sex.

Svo virðist sem skólakerfið skipti höfuðmáli þegar kemur að umhverfisvitund ungmenna enda sagðist meirihluti þeirra sem tóku þátt í könnuninni fá þekkingu sína í umhverfismálum í skólanum. „Umhverfisógnir eru stærstu ógnir samtímans og það væri eitthvað að ef skólakerfið sæi ekki um að fræða börn um þessar ógnir. Með því að innleiða sjálfbærni í aðalnámskrá erum við að leggja þá kröfu á skólana að þeir fari að vinna að þessu, annaðhvort með þátttöku í hinum ýmsu verkefnum eða þá á eigin vegum,“ segir Katrín.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Greinin er hluti af samstarfsverkefni Fréttablaðsins og nemenda í meistaranámi í blaða- og fréttamennsku við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands.
**Umsjón:** Svavar Hávarðsson, svavar@frettabladid.is
**Höfundur:** Sunna Þrastardóttir sth221@hi.is

tl.is
TÖLVU LISTINN

# Android 4.0
# 10" SPJALDTÖLVA

## AUKASENDING KOMIN !

**Vinsæla 10" spjaldtölvan með Android 4.0 er lent. Taska og heyrnartól fylgja. Takmarkað magn !**

**Spjaldtölvur eru skemmtilegasta leiktækið fyrir börn og unglinga og frábær gjöf. Þær eru einfaldar í notkun og börnin geta nálgast þúsundir ókeypis leikja og skemmtilegra smáforrita, farið á netið, horft á bíómyndir, hlustað á tónlist, tekið ljósmyndir eða myndbönd og lesið rafbækur. Allt í einu tæki sem hægt er að taka með sér hvert sem er.**




5 PUNKTA SNERTISKJÁR



Google play

## ÓTRÚLEGT JÓLATILBOÐ

# 19.990

VAXTALAUST Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI

AÐEINS KR. 2.064 Á MÁNUÐI

3,5% lántökugjald og 340 kr. mánaðarlegt færslugjald.

GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

### The Sharper Image M18A

10" Sharper Image spjaldtölva með 1.2GHz Cortex A8 örgjörva og 8GB minni, 4GB innbyggt Flash minni og 4GB MicroSD minniskort fylgir. 16:9 snertiskjár með 1024x600 punkta upplausn og Capacitive multi-touch 5 punkta snertitækni. Android 4.0 Ice Cream Sandwich sem gefur aðgang að þúsundum ókeypis leikja og smáforrita. Myndavél að framan og aftan. Allt að 10 tíma rafhlöðuending. Vegleg taska og heyrnartól fylgja.

**Stórlækkað verð**
Spjaldtölvur hafa aldrei verið hagkvæmari kostur. Bæði vegna mikillar eftirspurnar og aukinnar framleiðslu auk þess sem við náum mikilli verðlækkun með magninnkaupum fyrir jólin. Sambærileg 10" spjaldtölva fyrir jólin í fyrra var á tvöfalt hærra verði.

**Google Play**
Aðgangur að þúsundum ókeypis og ódýrra smáforrita opnast með Google Play. Það er gæðastimpill að hafa aðgang að Google Play þar sem það gerir ríkar kröfur til vélbúnaðarins í spjaldtölvunni. Með Google Play stóreykst úrvalið af skemmtilegum leikjum og forritum.

**Android 4.0 Ice Cream Sandwich**
Nýleg uppfærsla Android stýrikerfisins frá Google. Hraðvirkari og skemmtilegri valmyndir.

**8GB minni stækkanlegt í 32GB**
Kemur með 4GB innbyggðu Flash minni auk þess sem 4GB MicroSD minniskort fylgir. Hægt er að stækka minni í 32 GB með MicroSD minniskorti.

**Capacitive skjátækni**
Tækni sem tryggir að spjaldtölvan er næmari á snertingu og hraðvirkari. 1024x600 punkta upplausn. 16:9 skjáhlutföll.

**Myndavél og löng rafhlöðuending**
Myndavél til að taka ljósmyndir eða myndbönd bæði að framan og aftan. 2MP myndavél að framan. Allt að 10 tíma rafhlöðuending.

**HDMI og mini USB2**
Með HDMI er hægt að tengja spjaldtölvuna í bestu gæðum við sjónvarp eða hljómtæki.

**Taska og heyrnartól fylgja**
Vegleg taska fylgir með sem hlífir henni við hnjaski og gerir kleift að nota tölvuna í töskunni í mismunandi halla. Heyrnartól fylgja einnig.

**2 ára traust ábyrgð**
Sharper Image kemur frá traustum framleiðanda sem Tölvulistinn hefur áralanga góða reynslu af. 2 ára traust ábyrgð er af öllum tölvum hjá Tölvulistanum.

## YFIR 30 GERÐIR AF SPJALDTÖLVUM




OPIÐ TIL KL 22
ALLA DAGA
TIL JÓLA

tl.is
TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

# HÆGINDASTÓLAR
## dönsk hönnun og gæði!





**LEVANTO**
hægindastóll
með skemli

**Kr. 139.800**
Til í svörtu, hvítu
og rauðu leðri.



**Opus**
hægindastóll
með skemli

**Kr. 149.900**
Í antracite áklæði.

**Kr. 219.800**
Til í svörtu og hvítu leðri.



**Amstel**
hægindastóll
með skemli

**Kr. 149.800**
Til í svörtu og hvítu leðri.



Astma-Allergi Forbundet

**Alvöru dúnsængur**
Verð frá
kr. 37.900



**Tempur heilsukoddar**
Verð frá kr. 15.120

TEMPUR
DÝNUR OG KODDAR





JOOP! elegante bed-linen fashion bruno banani NOT FOR EVERYBODY

**NÝTT Á RÚMIÐ**
Þegar mjúkt á að vera mjúkt

**Opnunartími til jóla:**
**21.-23. des. 10-22 • 24. des. 10-12**

# JÓLAGJAFIRNAR
## fást hjá okkur!




## Hjónagjöfin ykkar!

Tempur heilsudýnur,stillan-legur botn og lappir
**22.635***
2x90x200
mánaðargr. m.v. 36. mán raðgr.

**Frábært verð:**
2x90x200 C&J stillanleg rúm með Tempur® heilsudýnum.
**Aðeins kr. 649.000,-**

* meðalgreiðsla á mánuði



Þráðlaus fjarstýring

EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VIÐURKENND ERU AF NASA OG VOTTUÐ AF GEIMFERÐASTOFNUNINNI

SPACE

TEMPUR WARRANTY 15 YEARS LIMITED WARRANTY MATTRESSES

## Upplifðu þægindi, upplifðu stuðning, upplifðu TEMPUR®

Þegur þú sefur á TEMPUR heilsudýnu, hvílast hryggur og liðir í sinni náttúrulegu stöðu. Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færðu nudd. Vaknaðu upp endurnærð(ur) og tilbúin(n) í átök dagsins.

## GLEÐILEG JÓL

# Heilsuinniskór

**Vinsælasta** jólagjöfin í Betra Baki. Inniskór sem laga sig að fætinum og dreifa þyngd jafnt undir allt fótasvæðið.



**Parið kr. 3.900,-**
**2 pör kr. 6.980,-**
**3 pör kr. 9.990,-**

## Gjöf
fyrir kaldar tær





**TempraKON dúnsokkar**
Verð hvítir kr. 5.990
Verð svartir kr. 6.990



McGREGOR
ESTABLISHED NEW YORK 1921
**Úrval af baðsloppum – allar stærðir – fyrir dömur og herra**

**Betra BAK**

**Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði**
**Sími 588 8477 • www.betrabak.is**




**1967** Vélsleðar eru sjaldséð farartæki í miðborg Reykjavíkur nú en jólasveinar notuðu þá greinilega til að komast ferða sinna með pakkana fyrir jólin 1967. Lögreglumaður ræddi við þá á mótum Lækjargötu og Hafnarstrætis.

# AÐVENTA FYRRI TÍMA

*Í fórum Ljósmyndasafns Reykjavíkur má finna fjöldann allan af myndum frá síðustu öld sem sýna jólastemmninguna. Myndirnar sýna kunnugleg stef, jólasveina og jólagjafainnkaup, þótt margt hafi líka breyst.*



**1968** Laugavegur er talsvert breyttur frá árinu 1968 en í fjarska má sjá gatnamót við Vitastíg. Bílaumferðin var greinilega talsverð en minna um fólk á gangi.




**1973** Það var aðeins meiri snjór í Austurstrætinu fyrir jólin 1973 en hefur verið í ár.



**1987** Jólaösin í Kringlunni virðist miðað við þessa mynd alltaf hafa verið jafnmikil, en skemmtun hinn 7. desember 1987 dró fjölda fólks þangað til að gera innkaupin. MYND/GVA



**1988** Þessi hestvagn fór um Austurstrætið á aðventunni 1988 og börnum þótti það bersýnilega spennandi. Í baksýn má sjá pósthúsið.

DRAUMARÚM

30-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RÚMUM

# SOFÐU VEL UM JÓLIN

**Rafmagnsrúm**
**á verði frá**
**190.049**



12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing **16.732**

**Tvíbreið heilsurúm á**
**verði frá 129.360**



12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing **11.497**

## JÓLATILBOÐ: Tökum gamla rúmið uppí nýtt!



## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Mesta úrval landsins af heilsudýnum.

Heilsudýnur í öllum stærðum - úr öllum efnum.

Eini aðilinn á íslandi sem býður uppá legugreiningu

## Jólatilboð á arineldstæðum
## 20-65% afsláttur







– Mikið úrval af eldstæðum –

## ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

**Opið frá kl 10-19 alla virka daga fram að jólum.**

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

**NEYTANDINN** BJARTMAR GUÐLAUGSSON

## Ovation bestur



Tónlistarmaðurinn Bjartmar Guðlaugsson þarf ekki einu sinni að hugsa sig um þegar hann er spurður um bestu kaup ævinnar. „Bestu kaupin eru þegar ég keypti Ovation-gítarinn minn í Basel í Sviss fyrir 30 árum þegar ég var þar í brúðkaupsferðinni.“

„Hann er ennþá á belgnum á mér, og það koma ennþá lög út úr honum,“ segir Bjartmar og hlær. Hann spilar þó á ýmsa aðra gítara, en segist alltaf hrifnastur af gamla góða Ovation-gítarnum.

Svarið kemur ekki jafn hratt upp í hugann þegar hann er spurður um verstu kaupin. „Ég hef gert heila flóru af mistökum í fjármálum, ég veit ekki hvað ég á eiginlega að velja, ég veit ekki hvað er flottasta floppið,“ segir Bjarmar og stynur. „Ég er alveg blankur með það, ég sit ekkert og hugsa um slæmu ákvarðanirnar og tek þær þá auðvitað aftur og aftur og aftur.“

### Verðtryggð skuldabréf Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. LSS150224

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100, hefur birt viðauka við grunnlýsingu dagsett 28. mars 2012. Viðaukann og gögn sem vitnað er til í honum er hægt að nálgast hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík og á vefsíðu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. www.lanasjodur.is fram til lokagjalddaga skuldabréfanna.

| | |
|---|---|
| **Nafnverð útgáfu:** | Heildarnafnverð skuldabréfanna sem seld verða 21. desember 2012 er 510.000.000 kr. heildarnafnverð flokksins er óbreytt 28.444.000.000 kr. Nafnverð hverrar einingar er 1 kr. |
| **Skilmálar bréfanna:** | Skuldabréfin eru verðtryggð jafngreiðslubréf. Bréfin bera fasta 3,75% ársvexti sem greiddir eru hálfsárslega, 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn 15. febrúar 2009 og í síðasta sinn 15. febrúar 2024. Auðkenni flokksins á NASDAQ OMX Iceland hf. er LSS150224 og ISIN númer IS0000018869. |

*Reykjavík, 20. desember 2012.*
*Lánasjóður sveitarfélaga ohf.*

# Dýrin geta veikst af jólamat og skrauti

Ekki er óalgengt að komið sé á dýraspítala um jólin með hunda og ketti sem veikst hafa af jólamat. Skurðaðgerð á ketti sem hafði gleypt krullubönd utan af jólagjöf.

Þeir sem freistast til þess að gefa hundinum sínum eða kettinum jólakræsingar ættu að hafa í huga að slík fæða getur valdið veikindum hjá dýrunum. Kettir eru að vísu ekki jafngráðugir og hundar í jólamat en jólaskraut sem þeir hafa gaman af því að leika sér með getur reynst þeim hættulegt leikfang.

„Ég eyddi einu sinni drjúgri stund annan í jólum í að gera skurðaðgerð á ketti sem hafði verið að leika sér með krullubönd utan af jólapakka eins og köttum þykir gaman að gera. Krulluböndin höfðu fest í smágirninu á kettinum sem var illa haldinn,“ segir Ólöf Loftsdóttir, dýralæknir á Dýraspítalanum í Víðidal.

Ólöf segir það ekki óalgengt að komið sé með ketti og hunda um hátíðirnar á spítalann. „Það þarf að gæta þess að gefa dýrunum hvorki reyktan jólamat, feitan mat, mikið unnin matvæli né sætindi. Dökkt súkkulaði er sérstaklega hættulegt fyrir hunda og ketti. Því dekkra sem súkkulaðið er þeim mun hættulegra er það vegna efnisins þeóbrómíns sem dýrin geta ekki unnið úr. Afleiðingarnar geta meðal annars verið uppköst og meltingartruflanir.“

Dýralæknirinn bendir á að dýrin séu ekki vön að borða reyktan og unninn mat og þess vegna fái þau í magann. „Feitur matur getur leitt til bólgu í brisi og valdið kviðverkjum, uppköstum og lystarleysi.“

Vínber, rúsínur og laukur eru einnig fæða sem varast ber að gefa dýrunum vegna eitrunaráhrifa.

Blóm sem menn skreyta híbýli sín með um jólin eru einnig varasöm. Að sögn Ólafar geta öll blóm af liljuætt valdið nýrnabilun hjá köttum. Jólastjarna getur einnig verið eitruð.

Jafnframt þarf að gæta þess að dýrin komist ekki í vatnið í jólatrésfætinum hafi áburður verið settur í það.

ibs@frettabladid.is



**HUNDAEIGANDI** Ólöf Loftsdóttir dýralæknir með Frey, sem er langhundur, og schäferhundinn Baldur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**JÓLASTJARNA** Blóm sem menn skreyta með um jólin geta valdið veikindum hjá dýrum.

### Hættulegt fyrir hunda og ketti

- Krullubönd
- Kertaljós
- Brotnar jólatréskúlur
- Jólastjarna og blóm af liljuætt
- Vínber
- Rúsínur
- Hnetur



www.volkswagen.is




*Miðað við Caddy TSI bensín, 86 hestöfl, beinskiptur. Aukahlutir á mynd, álfelgur og þokuljós.

Volkswagen Caddy

Góður vinnufélagi

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnuþjarkur með frábæra aksturseginleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fáanlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.

**Caddy* kostar aðeins frá**

**2.990.000 kr.**

**(kr. 2.382.470 án vsk)**

Atvinnubílar

Fæst einnig fjórhjóladrifinn

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

## Samsung Series 9 Notebook

### Nýja 9-seríu fartölvan frá Samsung er einstök hönnun þar sem hugað er að hverju smáatriði.

NP900X4C-A02SE

- I7_3517UM
- 15.0" 400nit HD+ (1600 x 900)
- 8GB vinnsluminni
- 256GB SSD harður diskur
- Allt að 10 klst ending á rafhlöðu

Verð: 349.900 kr




Þynnsta fartölva í heimi. Hún hefur hlotið mikla athygli og einróma lof gagnrýnenda
Hún er búin til úr sérhertri álblöndu, DurAlumin, samskonar álblöndu og er í flugvélum.
Tölvan er komin í gang með Fast Start tækninni "sleep mode" á 1,4 sek en ræsitími frá grunni er 9,1 sek.
Bjartasti tölvuskjárinn á markaðnum tryggir að það er ekkert vandamál að vinna utandyra en skjárinn og lyklaborðið skynja birtuna í umhverfi þínu og aðlaga sig að henni.
Taktu tölvuna með þér hvert sem er, en þessi 15" tölva er aðeins 1,65 kg og hlaðin nýjustu tækni.



NP355E5C-S01SE

Falleg fartölva með stórum og björtum skjá. Hentar fyrir alla daglega notkun. Kemur með Windows 8.

- AMD E2-1800 1.7 GHz
- 15.6" 1366x768 LED
- 4GB vinnsluminni
- 500GB harður diskur
- AMD Radeon HD 7470M - 1 GB Skjákort

Verð: 124.900 kr



NP535U3C-A04SE

Ofurþunn og flott fartölva sem hentar fyrir alla daglega notkun. Aðeins 1,49 kg. Kemur með Windows 8.

- AMD A series A6-4455M / 2.1 GHz
- 13.3" HD LED, Anti-Reflective
- 4Gb vinnsluminni
- 500GB harður diskur
- AMD Radeon HD 7470M - 1 GB

Verð: 139.900 kr



CLP-325WSEE

Frábær kostur fyrir lítil fyrirtæki og heimili sem tengist þráðlaust við netið. Afar einfaldur í uppsetningu með hágæða litaprentun, prentar 16 bl./mín í svart-hvítu og 4 í lit.
Flott hönnun í nettum umbúðum gerir það að verkum að CLP-325W prentarinn passar auðveldlega nánast hvar sem er.

Verð: 36.900 kr

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

BT
SKEIFUNNI 11 & GLERÁRTORGI

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON<br>KEFLAVÍK<br>SÍMI 421 1535 | ORMSSON<br>AKRANESI<br>SÍMI 530 2870 | ORMSSON<br>ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI<br>SÍMI 456 4751 | ORMSSON<br>AKUREYRI<br>SÍMI 461 5000 | ORMSSON<br>HÚSAVÍK<br>SÍMI 464 1515 | ORMSSON<br>VÍK-EGILSSTÖÐUM<br>SÍMI 471 2038 | ORMSSON<br>PAN-NESKAUPSTAÐ<br>SÍMI 477 1900 | ORMSSON<br>ÁRVIRKINN-SELFOSSI<br>SÍMI 480 1160 |

KVIKA

Ekkert er óeðlilegt við það að ungt fólk skuldi:

# Ímyndað skuldafangelsi

Að undanförnu hafa fjölmiðlar greint frá samantekt Jóns Ævars Pálmasonar verkfræðings, um að fólk sem er fætt á árunum 1970 til 1989 (23-42 ára), skuldi 81,7 milljörðum króna meira en það á. Hávær minnihluti fór af hjörunum og sagði stöðuna ótrúlega. Við þyrfti að bregðast með almennum aðgerðum til að leiðrétta þetta hróplega óréttlæti. Frelsa þyrfti þennan hóp, sem á að byggja upp framtíðarþjóðfélagið, úr skuldafangelsinu. En er þessi staða óeðlileg? Nei, það er hún alls ekki.

Í fyrsta lagi er þetta sá aldurshópur Íslendinga sem er að koma sér fyrir í lífinu. Hann hefur tekið námslán til að mennta sig, auka þekkingu sína og verðmæti sitt á vinnumarkaði. Hópurinn er að vinna sig upp metorðastigann í samfélaginu og er því almennt ekki með há laun. Þess utan er hann að koma þaki yfir höfuðið og flestir innan hans þurfa að taka til þess fasteignalán fyrir þorra kaupverðsins. Sé lánið verðtryggt mun höfuðstóll þess líklegast hækka. Sé það óverðtryggt eru afborganir hærri og draga því úr getu til að spara eða eyða peningunum í aðra eignamyndun. Þá stendur þessi hópur, öðrum fremur, í stórtækum barneignum og er því með fjölda einstaklinga á sínu framfæri sem skila honum engum tekjum heldur umtalsverðum kostnaði, sem greiddur er til baka í óefnislegum verðmætum.



Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Í öðru lagi verður einfaldlega að viðurkenna að líkast til hefur engin kynslóð Íslendinga skuldsett sig jafn djarft og óábyrgt og sú sem hér er um fjallað. Sú skuldsetning hefur verið til að öðlast aukin efnisleg lífsgæði fyrr en hún gæti ella. Gríðarlegt framboð af lánsfé auðveldaði ákvörðun hópsins en skuldsetningin var samt sem áður val, ekki átroðningur. Þegar eignabólan sprakk hríðféll virði eignanna sem hann hafði skuldsett sig til að kaupa. Þar af leiðandi varð eiginfjárstaða hópsins sem heildar verri og meðalskuldir hans hækkuðu.

Í þriðja lagi verða Íslendingar að meðaltali um 82 ára gamlir. Foreldrar þessa hóps eru því að langstærstu leyti enn á lífi og hafa ekki arfleitt hann að eignum sínum. Nettóeignir þeirra hlaupa á hundruðum milljarða króna. Þegar eignatilfærsla milli kynslóðanna á sér stað mun eiginfjárstaða hópsins batna til muna.

Það er fátt jafn bjagað og umræða um skuldara á Íslandi. Háværir þrýstihópar vilja að ríkið eða lífeyrissjóðir borgi þeim til baka ímyndaðar eignir sem þeir áttu aldrei með afleiðingum sem yrðu ákaflega neikvæðar fyrir samfélagið sem heild. Auðvitað skulda sumir meira en þeir ráða við. Hluti þeirra var beinleiðis óheppinn vegna þeirra aðstæðna sem ríktu þegar þeir voru að koma undir sig fótunum. Það er enda óþolandi fylgifiskur íslenskrar peningamálastefnu að tilfærsla peninga á milli kynslóða eigi sér stað með því að láta verðbólgu hækka lánin okkar á meðan raunvirði launa rýrnar stöðugt. Þessum hópi á að hjálpa með sértækum aðgerðum. En að láta eins og að það sé óeðlilegt að fólk á þrítugs og fertugsaldri skuldi meira en það á er fjarstæðukennt. Og það á alls ekki að grípa til stórtækra almennra aðgerða til að leysa þann ímyndaða vanda.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Klassískar kiljur í hundraðatali
Tilvalin jólagjöf!



Collins Classics ritröðin: 549 kr.

Mikið úrval bóka á góðu verði.
Jólatilboð á tugum nýrra íslenskra bóka.
Kynntu þér úrvalið á boksala.is

bóksala stúdenta
Háskóli Íslands Háskólatorgi S. 570 0777 boksala@boksala.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Háværir flugeldar

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra gaf lítið fyrir það að nýr meirihluti utanríkismálanefndar, með stjórnarandstöðunni og Jóni Bjarnasyni, vildi stöðva aðildarviðræður að ESB og bera framhald þeirra undir þjóðina. „Ég er ekkert óvanur flugeldum frá Jóni Bjarnasyni," sagði Össur í Fréttablaðinu í gær. Hann var staddur í Brussel þar sem viðræður hófust um fleiri kafla. Þótti það fagnaðarefni, en eftir því var tekið að ský dró fyrir fagnaðarsólu íslensku sendinefndarinnar þegar fregnirnar bárust að heiman. Flugeldar Jóns gerðu því nokkurn usla hjá utanríkisráðherra og hans liði í Brussel.



### Sáttatilraun Sigmundar

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, gerði þessa tillögu að umtalsefni í gær. Hann sagði þetta hafa verið í umræðu um alllangt skeið og sjálfur hefði hann lagt sitt til umræðunnar. „Ég skrifaði grein um þetta um mitt síðasta ár, þá í þeim tilgangi að ná sem víðtækastri sátt um málið."



### Sáttin mistókst

Þar er Sigmundur að vísa í grein sem hann skrifaði í ágúst 2011, en í henni er að finna eftirfarandi setningar: „Á sama tíma halda nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar áfram súrrealískum málflutningi ... Milljörðum verður varið í móður allra áróðursherferða og Vinstri-grænar hagstjórnar- og samfélagstilraunir fá að halda áfram samhliða því að Samfylkingin útskýrir að hagvöxtur og atvinna verði ekki til nema innan ESB." Merkilegt að Samfylkingarfólk og Vinstri græn hafi skellt skollaeyrum við þessum sáttatóni.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Húsnæðislán, Svíþjóð og Ísland

FJÁRMÁL



**Oddur Steinarsson**
yfirlæknir og framkvæmdastjóri, Kortedala Vård-central och BVC, Gautaborg, Svíþjóð.

Íslendingar búa við léleg lánakjör og lántöku á Íslandi fylgir mikil áhætta. Eftir að hafa búið og átt hús í báðum löndum vil ég gera hér skil á muninum.

Í Svíþjóð eru ekki lántöku- eða stimpilgjöld þannig að fólk getur skipt um banka og flutt sín lán án kostnaðar. Aftur á móti borgar maður fyrir veðleyfi (pantbrev) um 2% af veðleyfinu í fasteigninni. Þetta veðleyfi er í krónum og getur ekki hækkað með vísitölu. Veðleyfi fylgir fasteign alla tíð, þannig að þó fasteignin gangi kaupum og sölum er veðleyfið til staðar. Ef tekið er meira lán en greitt fyrir aukið veðleyfi sem því nemur. Á þeim tæpu sex árum sem við höfum búið hér hafa okkar breytilegu vextir verið á bilinu 1,6 til 6 prósent, óverðtryggt. Í dag eru vextirnir um þrjú prósent. Einnig er hægt að festa vexti til nokkurra ára, það jafnar sveiflur en er vanalega dýrara til lengdar.

Vaxtabætur eru þrjátíu prósent af vöxtunum, ótekjutengdar. Þannig hafa mánaðargreiðslur af 1.000.000 kr. verið 1.333-5.000 kr. á mánuði eða 933-3.500 kr. á mánuði eftir vaxtabætur. Síðan er samkomulagsatriði hvort greitt er af höfuðstól ef lánið fer ekki yfir 75 prósent af virði eignarinnar. Lánsupphæðin er alltaf sú sama í krónum talið mínus það sem greitt er niður mánaðarlega. Þannig veit maður nákvæmlega upp á krónu hvað maður skuldar næstu árin.

**➜ Lánsupphæðin er alltaf sú sama í krónum talið mínus það sem greitt er niður mánaðarlega. Þannig veit maður nákvæmlega upp á krónu hvað maður skuldar næstu árin.**

Húsnæðisvextir í Svíþjóð liggja 1-2 prósentum yfir stýrivöxtum og fylgjast Svíar mun betur með stýrivöxtum en Íslendingar, þar sem þeir hafa bein áhrif á mánaðargreiðslur. Þannig virka stýrivextir beint á neyslu í Svíþjóð, en stýrivextir Seðlabanka Íslands virðast vera stýri sem vantar tenginguna við framhjól bílsins þar sem fólk finnur ekki bein áhrif af vöxtunum.

Á Íslandi eru enn verðtryggð lán þar sem höfuðstóllinn getur hækkað og hækkað, en áhrifin á mánaðargreiðslur dreifast yfir lengri tíma. Samkeppni er lítil þar sem mikill kostnaður fylgir því að færa lán. Eftir að hafa búið og skuldað í Svíþjóð er tilhugsunin við að taka aftur lán á Íslandi ekki góð, eftir reynslu af öðru og þróaðra fjármálakerfi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hættuleg bústaðabyggð?

Í DAG
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
borgarfulltrúi



Íbúar Reykjavíkur vantreysta borginni þegar málefni Orkuveitu Reykjavíkur ber á góma. Saga félagsins er harmleik líkust. Rafmagns-, hita- og vatnsveitur voru sameinaðar í eitt fyrirtæki sem ofmetnaðist og missti fullkomlega sjónar á eigin tilgangi. Farið var í útrás þegar hæst lét og tekin áhætta við leit að jarðhita í fjarlægum löndum. Í dag þurfa íbúar Reykjavíkur að borga fyrir vitleysuna frá þeim tíma þegar hrokinn réð för. Miðað við nýjasta útspil OR virðist því miður örla á sambærilegum vinnubrögðum og þeim sem komu fyrirtækinu í þau vandræði sem það nú er í.

Meirihluti Besta flokks og Samfylkingar, í nafni OR, hefur nú fyrirskipað leigjendum á jörð Elliðavatns að fjarlægja sumarbústaði sína af lóðum sem þeir hafa leigt í áratugi. Málinu er stillt þannig upp að bústaðabyggðin verði að víkja vegna vatnsverndarsjónarmiða.

Sannarlega vilja allir að vatnsból Reykjavíkur sé öruggt. Ekki hefur verið sýnt fram á mengun frá bústöðunum enda kröfur gerðar til eigenda í gegnum árin um fjárfestingar til að koma í veg fyrir slíkt. Þær kröfur hafa eigendur bústaðanna uppfyllt og borið af þeim kostnað. Það blasir einnig við að íbúabyggð Kópavogs, sem liggur alveg að Elliðavatni, er líklegri til að valda mengun í vatnsbólum en fáeinir sumarbústaðir.

### Fleiri spurningar en svör

Fyrsta spurningin er hvort brotthvarf bústaða sé forgangsmál ef skoðaðar eru aðrar mögulegar aðgerðir sem auka vatnsvernd. Svarið er líkast til nei, því þekkt er að gæði neysluvatns eru best tryggð með því að sem mestur skógur vaxi á grenndarsvæðum vatnsbóla. Aukin skógrækt er því mun nærtækari aðgerð. Að auki er engin áætlun til um umferðarmál í Heiðmörk sem myndi auka vatnsöryggi verulega og jafnframt bæta aðgengi almennings að svæðinu. Eru ekki önnur mengunarmál hjá OR almennt meira áríðandi?

Önnur spurningin er af hverju OR kom í veg fyrir að hægt væri að ljúka deiliskipulagsvinnu Heiðmerkur nú í nóvember. Þriggja ára vinna er að baki með það að markmiði að vatnsvernd, útivist og skógrækt gætu lifað í sátt í Heiðmörk. Ekkert skipulag er því til fyrir svæðið og undarlegt að ganga í að fá sumarbústaðina fjarlægða án samþykkts deiliskipulags.

Þriðja spurningin er hvað Orkuveitan ætlar að gera við þetta svæði þegar bústaðir og eigendur þeirra eru farnir. Hvernig geta borgarbúar verið vissir um að í framtíðinni verði ekki seldar lóðir þarna eða farið í framkvæmdir?

### Leikaraskapur varðandi fjármál

Orkuveita Reykjavíkur stendur illa fjárhagslega þar sem vaxtaberandi lán eru rúmir 220 milljarðar. Meirihluti stjórnar OR hefur að mörgu leyti gengið skörulega fram til að ráða fram úr vandanum. Að hluta má þó segja að stór hluti af þeim árangri sem kynntur var þegar síðasta uppgjör var birt hafi falist í að svelta fjárfestingar en þær voru 2,3 milljarðar á fyrstu níu mánuðum ársins miðað við 7,6 milljarða sömu mánuði árið áður. Þetta er frekar frestun en sparnaður sem safnast upp sem seinni tíma viðgerðir og fjárfestingar.

Í annan stað á sér stað leikaraskapur í kringum sölu Perlunnar. Sala á Perlunni átti að skila mörg hundruð milljónum upp í skuldir OR en sala til borgarinnar upp á 950 milljónir er eingöngu færsla fjármuna úr hægri vasanum yfir í þann vinstri. Þetta skilar engum nýjum fjármunum til lækkunar skulda. Að auki munu hugmyndir um að borgin sjái um rekstur náttúrugripasafns í Perlunni valda fjárútlátum sem engin innistæða er fyrir.

> Ekki hefur verið sýnt fram á mengun frá bústöðunum enda kröfur gerðar til eigenda í gegnum árin um fjárfestingar til að koma í veg fyrir slíkt. Þær kröfur hafa eigendur bústaðanna uppfyllt og borið af þeim kostnað.

Þess má geta, í sambandi við þessa umræðu um gagnslausar eignatilfærslur, að umrætt land við Elliðavatn sem bústaðirnir standa á voru færðir frá Reykjavíkurborg til Orkuveitunnar þegar þáverandi borgarstjóri Reykjavíkur, Þórólfur Árnason, afsalaði jörðinni til Alfreðs Þorsteinssonar án nokkurs endurgjalds rétt áður en Þórólfur hætti sem borgarstjóri. Mega borgarbúar eiga von á því að Reykjavíkurborg kaupi nú Heiðmörk? Eða ætlar OR að gera eitthvað annað við þessa jörð sér til tekjuöflunar?

### Traust

Eitt mikilvægasta verkefni OR er að endurreisa traust. Til þess að það geti orðið þurfa ákvarðanir og framkvæmdir að vera vel kynntar og rök lögð fram. Það á ekki ítrekað að þurfa að efast um að gengið sé fram af heilindum af hálfu félags sem er 94% í eigu Reykjavíkurborgar. Því miður er ekki að undra að Reykvíkingar efist um að heilbrigð sjónarmið liggi til grundvallar kröfu OR um að fjarlægja þurfi friðsæla bústaði í útivistarlandi Reykjavíkur. Sér í lagi þegar engin skýr dæmi eru um að þeir hafi neikvæð áhrif á vatnsvernd.

## AF NETINU

### Að falla fyrir kapítalískri lygi

Þótt ég gæti ælt yfir umræðum um það hvað hjúkrunarfræðingar (eða löggur eða hvaða stétt önnur) eigi bágt, finnst mér að hjúkrunarfræðingar eigi að vera á góðum launum. Mér finnst það en ég get ekki fært nein skárri rök fyrir því en Biblíuna; verður er verkamaður launa sinna og allt það. Það er bara mitt persónulega gildismat að umönnunarstörf séu mikilvægustu störf samfélagsins, bændur og sjómenn álíta sennilega að matvælaframleiðsla sé mikilvægust. Það er sömuleiðis mín persónulega skoðun að ríkið eigi að meta mikilvægi hvers starfs til launa.

http://blog.pressan.is

*Eva Hauksdóttir*

### Veiðileyfið gefið út

Stríð stjórnarflokkanna á hendur verkalýðshreyfingunni heldur áfram. Nú er svo komið að gefið hefur verið út veiðileyfi jafnt á hreyfinguna sjálfa og talsmenn hennar. Þetta magnaðist um allan helming eftir að Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, vann sér það til óhelgi að hafa sagt sig úr Samfylkingunni. Þetta sjáum við í bloggum, fésbókarfærslum, atgangi í þingnefndum og hvar raunar sem því verður við komið. Augljóst er að sú ákvörðun hefur verið tekin á stjórnarheimilinu að vaða af hörku gegn verkalýðshreyfingunni, í stað þess að freista þess að skapa nýjan frið og laga samstarfið, sem ætti þó að vera sjálfsagt viðfangsefni.

http://www.ekg.is/

*Einar K. Guðfinnsson*

# Hvað hefur eyðilagt rammaáætlun?

RAMMAÁÆTLUN




Arndís Soffía Sigurðardóttir
Inga Sigrún Atladóttir
höfundar skipa 1. og 2. sæti á lista Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í Suðurkjördæmi

Grunnáhersla Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs er verndun landsins ásamt skynsamlegri og sjálfbærri nýtingu landsins gæða. Oft höfum við sem deilum þeirri lífssýn orðið fyrir óréttlátri gagnrýni og fordómum fyrir skoðanir okkar en þó aldrei í þeim mæli sem á síðustu vikum í umræðu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða eða rammaáætlun.

Lærdómurinn sem við öll ættum að hafa dregið af hruninu er að vanda þurfi til verka þegar teknar eru stefnumarkandi ákvarðanir sem snerta almannahag og komandi kynslóðir. Það er og sjálfsögð og eðlileg krafa almennings að þeir sem hafa umboð til að taka ákvarðanir um okkar hag vandi til þeirra og taki upplýstar ákvarðanir. Einmitt þess vegna var ferli rammaáætlunar sett upp, til að ákveða hvað skuli að nýta og hvað skuli að vernda, þannig að ríkari sátt geti orðið um nýtingu og verndun. Þá getur þurft að sætta ólík sjónarmið og ganga bil beggja en það er til dæmis okkar mat að í okkar kjördæmi sé of langt gengið í virkjunaráformum.

Í fjölmiðlaumfjöllun síðustu daga étur nú hver virkjunarsinninn eftir öðrum að ferli rammaáætlunar sé úr lagi gengið. Búið sé að ónýta faglegt ferli og hinir óskynsömu pólítíkusar hafi nú eyðilagt þetta mál eins og þeir hafa eyðilagt flest önnur. Þannig eru hin og þessi rök tínd til því til staðfestingar að góðri og faglegri vinnu hafi verið umturnað á síðustu metrunum.

> ➜ Þá getur þurft að sætta ólík sjónarmið og ganga bil beggja...

### Skoðum það nánar

Verkefnahópar skoðuðu 84 virkjunarhugmyndir og af þeim voru 66 hugmyndir metnar af öllum faghópunum. Í 18 tilvikum var ekki hægt að ljúka mati vegna skorts á gögnum eða þau bárust svo seint að ekki vannst tími til að nýta þau í mati. Af þessum 84 hafa 14 virkjanir nú þegar farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum og ein þeirra, Búðarhálsvirkjun er nú þegar í byggingu. Í nokkrum ám eru lagðar fram fleiri en ein veitu- eða virkjunarhugmynd þar sem ein útilokar aðra. Þannig er ástatt um 7 virkjunarhugmyndir.

Sá þáttur sem virðist hafa eyðilagt 16 ára vinnu við rammaáætlun og spillt bæði ferli og niðurstöðum byggist á umsögnum frá næstum 400 aðilum sem fólu í sér ýmiss konar leiðbeiningar, ábendingar og athugasemdir. Þegar farið var yfir umsagnirnar kom í ljós að tveir kostir féllu út af tæknilegum ástæðum. Niðurstaðan varð sem sagt sú að fyrir utan leiðréttingarnar tvær er tillagan samhljóða drögunum um 61 kost, en lagt er til að sex kostir á tveimur svæðum fari í biðflokk meðan aflað er um þá frekari upplýsinga.

Staðreyndir málsins eru þær að í lögbundnu umsagnarferli komu fram sterk rök fyrir því að sex af 84 virkjunarkostum sem skoðaðir hafa verið síðan 1999 þyrfti að skoða betur. Þær ábendingar áttu allar sammerkt að fela í sér nýjar upplýsingar sem ekki hafði verið fjallað um í faghópunum áður. Sex virkjunarkostir voru því færðir úr nýtingarflokki í biðflokk á meðan frekari upplýsinga er aflað.

Er í raun og veru einhver sem getur verið ósammála því?





22. desember - Hilton Hotel kl 13:00

Hellenic Aviation Training Academy er EASA part-147 samþykkktur skóli í Grikklandi sem býður upp á B1/B2 flugvirkjanám.

Starfsfólk og nemendur skólans verða með kynningu um námið, búsetu í landinu, umsóknarferlið ofl.

Suðurlandsbraut 2,
(Hilton Reykjavík Nordica)

Hlökkum til að sjá þig...

við erum á facebook www.hata.edu.gr info@hata.gr

HATA
Hellenic Aviation Training Academy

# ÚRVAL & GÆÐI

YFIR 20 TEGUNDIR AF VILLIBRÁÐ • ÚRVAL AF HAMBORGARHRYGGJUM & HANGIKJÖTI • FRÁBÆRT ÚRVAL AF FORRÉTTUM & EFTIRRÉTTUM • GOURMET SÓSUR & MEÐLÆTI



## FERSKT *með flugi*



BLÆJUBER

FERSKT með FLUGI



KIRSUBER



TRÖNUBER



JARÐARBER



RIFSBER



– NÝ UPPSKERA FRÁ SUÐUR AFRÍKU

VÍNBER RAUÐ OG GRÆN



BRÓMBER



HINDBER



BLÁBER

## *Veldu þín jólaepli og fylltu pokann*

POKINN **599**KR



SÚRT – GRÆN EPLI – KONFEKT EPLI – RAUÐ EPLI – GUL EPLI – JONAGOLD – ROYAL GALA – FUJI – SÆTT





ASPAS — PERLULAUKUR — SAVOY KÁL — ROMANESCU — SELLERÍRÓT



RAUÐRÓFUR — STRENGJABAUNIR — HARICOTBAUNIR — SNJÓBAUNIR — BELGBAUNIR

## Girnilegt úrval af sveppum



Íslenskir sveppir — Enoki sveppir — Beach garic sveppir — Portabello sveppir — Shitake sveppir — Eringi sveppir — Heksen sveppir

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg
OG Í SMÁRALIND TIL JÓLA

# VELDU JÓLASTEIKINA AF KOSTGÆFNI




## Hagkaups Hamborgarhryggur

- SÉRVALINN AF FAGMÖNNUM ÚR NÝJU HRÁEFNI
- ÞARF EINUNGIS AÐ ELDA Í OFNI
- SALT MINNI

Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna látum við framleiða sérstakan hrygg samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups.




## Hagkaups smjörsprautað kalkúnaskip

Undanfarin 11 ár hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.




## Gæða hangikjöt að skagfirskri hefð

Hangikjötið er tvíreykt með taði og birki. Það er eingöngu reykt með beini og úrbeinað eftir á sem gefur kjötinu meiri fyllingu í bragði. Unnið eftir aldagamalli hefð úr Skagafirði.

## Skosk rjúpa

Rjúpan er ómissandi jólamatur fyrir marga Íslendinga. Rjúpan er bragðmikil villibráð, kjötið dökkt, fínlegt og mjúkt. Mikilvægasti þátturinn við matreiðslu á rjúpu er sósan. Galdurinn við gerð góðrar rjúpnasósu er að sjóða kraft af beinum rjúpunnar og afskurði.





## Ferskur íslenskur kalkúnn

Kalkúnninn hefur smám saman verið að ryðja sér til rúms á veislu-borðum Íslendinga. Það er gaman að elda kalkún, því möguleikar í fyllingum og meðlæti eru óendanlega margir og ekki skemmir fyrir að kjötið bragðast einstaklega vel. Kjötið er fitusnautt, létt í maga og án nokkurra aukaefna.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð




# Ungbörn í ótilgreindri stöðu

TRÚMÁL



**Sævar Finnbogason**
MA-nemi í heimspeki

Sem barn heyrði ég sagt að maður nokkur væri óstaðsettur í hús og spurði ég í sakleysi mínu hvað hefði komið fyrir fyrir hann. Mér var sagt að hann hefði lent í hálfgerðu limbói. Þrátt fyrir ungan aldur grunaði mig strax að hér væri ekki átt við limbódansinn skemmtilega heldur eitthvað öllu alvarlegra. Þetta rifjaðist fyrir mér þegar ég heyrði af því hvað sumum trúfélögum krossbrá við að frétta að nú ættu ungbörn á hættu að lenda í ótilgreindri stöðu ef frumvarp um jafna stöðu trúfélaga verður samþykkt óbreytt.

Orðalagið ótilgreind staða er ágætt dæmi um lögfræðimál. Samkvæmt 9. gr. frumvarpsdraga um jafna stöðu trú- og lífsskoðunarfélaga telst barn vera í ótilgreindri stöðu þegar foreldrar þess eru ekki sammála um í hvaða trú- eða lífsskoðunarfélag á að skrá barnið áður en það skal fá nafn, í síðasta lagi við sex mánaða aldur. Barn í ótilgreindri stöðu er sem sagt ekki skráð í trúfélag og verður ekki skráð fyrr en foreldrarnir annaðhvort ná samkomulagi um skráninguna eða barnið ákveður sjálft að skrá sig í trúfélag við 12 ára aldur (með samþykki foreldranna), eða upp á eigin spýtur 16 ára. Barn í ótilgreindri stöðu er sem sagt óstaðsett í trúfélag.

Í athugasemd sinni við frumvarpið hefur Þjóðkirkjan áhyggjur af hagsmunum þessara ungbarna og eigin hagsmunum kirkjunnar enda sé þetta „íþyngjandi fyrir trúfélögin“. Að vísu er ekki tíundað nákvæmlega í athugasemdinni hverjir þessir hagsmunir barnsins eru. Engu að síður leggur Þjóðkirkjan til að breyta ákvæðinu þannig að foreldrum skuli gert að ná samkomulagi um trúfélagaskráningu í síðasta lagi áður en nafn barns skal skráð, sem samkvæmt lögum er við 6 mánaða aldur, ella verði það skráð í trúfélag móður.

## Raunverulegur hagur ungbarns?

Það kristna fólk sem ég þekki til trúir því ekki að Guð snúi baki við börnum vegna smámuna eins og að foreldrar þeirra hafi ekki getað komið sér saman um í hvaða trúfélag á að skrá það, eða það fái að móta sér eigin skoðun á því hvaða trúfélagi það vill tilheyra. Því má auðvitað spyrja hver raunverulegur hagur ungbarns er af því að láta skrá sig ómálga í trúfélag?

Fíladelfíusöfnuðurinn virðist hafa sérstakar áhyggjur af því að trúleysingjar kynnu að notfæra sér ástandið og gætu „á óbeinan hátt þröngvað afstöðu sinni á barn sitt í óþökk hins foreldrisins,“ eins og Vörður Leví Traustason kemst að orði í athugasemd Fíladelfíusafnaðarins. Þetta er svolítið skondið þar sem flest bendir til þess að öll 6 mánaða börn séu trúlaus, enda hafa þau engin tök á tungumálinu til að móta sér skoðanir á trúmálum eða tjá sig um það í hvert þeirra nærri 40 skráðu trúfélaga sem nú starfa í landinu þau vilja ganga.

Engu að síður telur Vörður þetta svo alvarlegt mál að hann vill að sett verði í lögin að foreldrar fái í mesta lagi sex mánuði til að komast að samkomulagi um trúfélagsskráningu barnsins, ella beiti ríkið þá dagsektum líkt og kveðið er á um í mannanafnalögum ef börnum er ekki gefið nafn fyrir sex mánaða aldur.

**→ Það stendur heldur ekki til að breyta því að foreldrar barna yngra en 12 ára geti skráð börnin í eða úr trú- eða lífsskoðunarfélögum að þeim forspurðum.**

## Litlar áhyggjur

Það er athyglisvert að bæði Þjóðkirkjan og Fíladelfía virðast hafa litlar áhyggjur af því að trúað foreldri, hvort sem það er kristið, múslími, búddatrúar eða ásatrúar kunni að vera í aðstöðu til að þvinga afstöðu sinni óbeint upp á barnið.

Ég er steinhissa á þessum athugasemdum, sérstaklega í ljósi þess að samkvæmt frumvarpinu á ríkið áfram að vasast í því að skrá hvítvoðunga í trúfélög án þess að vera beðið sérstaklega um það. Það stendur heldur ekki til að breyta því að foreldrar barna yngra en 12 ára geti skráð börnin í eða úr trú- eða lífsskoðunarfélögum að þeim forspurðum. Það hefði verið forvitnilegt að vita hvernig þessi trúfélög hefðu brugðist við jafn djarfri tillögu og að börn væru ekki skráð í trúfélag nema einhver óskaði sérstaklega eftir því og þá helst barnið sjálft, til dæmis við fermingaraldur. Ég veit ekki hversu íþyngjandi slíkt væri fyrir Þjóðkirkjuna og Fíladelfíu en á erfitt með að sjá hvernig það gengur gegn hagsmunum barnsins.



markhonnun.is




ÁRNI SAM

**3.463 KR**

ELDHEITUR LEIÐARVÍSIR AÐ LEYNDARDÓMUM KYNLÍFS

**2.567 KR**







Á VIT HINS ÓKUNNA

**3.867 KR**




LIMRUBÓKIN

**2.706 KR**




GLEÐIGJAFAR

**3.333 KR**




HEILSUSÚPUR & SALÖT

**2.457 KR**




PÍTSUR

**3.133 KR**




HEILSURÉTTIR FJÖLSKYLDUNNAR

**3.482 KR**




STELPUHANDBÓKIN

**2.333 KR**




FÖRÐUNARHANDBÓKIN

**2.785 KR**

*Jólabókin leynist í nettó*

Birt með fyrirvara um stafsetningarvillur og eða myndavíxl

**nettó** bækur

*Kræsingar & kostakjör*

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

# Heimsendir 21.12.2012?

SPÁDÓMAR



Þórhallur Heimisson
prestur

**➜ Orðið apokalyptík þýðir í raun afhjúpun eða opinberun. Að baki er sú hugmynd, að þegar heimsendir rennur upp muni afhjúpast bæði ill og góð verk mannanna og leyndur tilgangur heimsins opinberast.**

Spádómar um að heimsendir sé í nánd hafa fylgt mannkyninu frá órófi alda. Á enskri tungu kallast heimsendir meðal annars „apocalypse“, samanber heiti kvikmyndarinnar Apocalypse Now eftir Coppola. Orðið er komið úr grísku, en löngu fyrir upphaf tímatals okkar voru á reiki heimsendakenningar sem kallast einu orði „apokalyptík“. Þetta var sérstök bókmenntastefna hjá Ísraelsmönnunum hinum fornu og blómstraði hjá þeim aldirnar fyrir fæðingu Krists. Margar af yngstu bókum Gamla testamentisins falla einmitt undir þessa stefnu. Þessi hugmynd um Dómsdag sem endanlegt uppgjör góðs og ills og ákveðinn tímapunkt þegar heimurinn líður undir lok kom inn í gyðingdóm og barst þaðan yfir til kristni og íslam frá zóróaster átrúnaðinum sem var ráðandi í Persíu kringum upphaf tímatals okkar.

Orðið apokalyptík þýðir í raun afhjúpun eða opinberun. Að baki er sú hugmynd að þegar heimsendir rennur upp muni afhjúpast bæði ill og góð verk mannanna og leyndur tilgangur heimsins opinberast. Opinberunarbók Jóhannesar í Nýja testamentinu er af þessum meiði bókmennta og kallast þess vegna Apocalypse á ensku en Opinberunarbók á íslensku og Norðurlandamálum. Opinberunarbókin segir frá hinum hinstu dögum, endurkomu Messíasar, lokaorrustu góðs og ills og Dómsdegi. Frá því er sagt í Opinberunarbókinni í Nýja testamentinu að þessi orrusta muni fara fram á vígvelli sem kallast Harmageddon. Á ensku kallast staðurinn Armageddon og þaðan er dregið annað enskt heiti á heimsendi, samanber samnefnda mynd sem Bruce Willis lék aðalhlutverkið í.

Vangaveltur um heimsendi hafa blossað upp með reglulegu millibili í aldanna rás. Í norrænni goðafræði var boðað að röð óhjákvæmilegra atburða myndi leiða til heimsendis, eða ragnaraka, en ragnarök þýðir einfaldlega hinstu örlög guðanna. Í ragnarökum mun allt farast, nema fáeinir guðir og tvær manneskjur. Síðan mun heimurinn vissulega rísa upp á ný. Rétt eins og í Opinberunarbók Jóhannesar.

### Spáð og spekúlerað

Svo nokkur dæmi séu tekin þá blómstruðu heimsendaspádómar kringum árið 1000, enda reiknuðu menn þá með að 1000 ára ríkið, sem talað er um í Biblíunni, væri á enda runnið. Og þar með stæði Dómsdagur fyrir dyrum. Þá var talið frá fæðingu Jesú. Þegar ekkert varð af heimsendi árið 1000 var heimsendi frestað til ársins 1030 þegar 1000 ár voru áætluð frá upprisu Jesú. En ekkert gerðist og áfram héldu menn að spá og spekúlera. Innrás Mongóla í Evrópu árið 1260 var talin fyrirboði heimsendis, sömuleiðis mannfellir af völdum svartadauða á 14. öld, jarðskjálfti sem skók England á 15. öld, annar slíkur sem lagði Lissabon í Portúgal í rúst árið 1755. Vottar Jehóva boðuðu heimsendi árið 1874 og aftur árið 1975, Harold nokkur Camping, bandarískur sjónvarpstrúboði, reiknaði út heimsendi 21. maí 1988, 39 félagar í ofsatrúarhópnum Heavens Gate frömdu sjálfsmorð árið 1997 þar sem þeir töldu að heimsendir væri í nánd, Nostradamus var hafður fyrir því að heimurinn færist árið 1999 – og svo mætti lengi telja.

Og nú telja ýmsir að fornir Maya-indíánar, sem lifðu í Mexíkó fyrir einum 500 árum, hafi sagt fyrir um heimsendi þann 21. desember næstkomandi. En þá lýkur heimsdagatali þeirra að sögn. Þetta umtalaða dagatal sem geymir heimsendaspána, er reyndar hluti af flóknu dagatalakerfi Maya-indíána. Í raun eru mörg slík dagatöl til. Dagatalið sem sagt er að boði heimsendi var reiknað út frá því sem Maya-indíánar töldu vera upphaf núverandi hringrásar heimsins og tímans, en hún hófst samkvæmt þeirra trú árið 3114 fyrir Krist. Þetta er aðeins ein hringrás í röð endalausra slíkra hringrása. Hún endar sem sagt á bilinu 21.-24. desember í ár. Þá hefst ný hringrás tímans – en heimsendir kemur þar ekki inn í myndina. Það voru nýaldarspekingar sem hentu því á loft löngu síðar að hér væri kominn spádómur um endi heimsins.

Nú er bara að sjá hvort þeir hafi haft á réttu að standa.

### Á misskilningi byggt

Reyndar eru vísindamenn frá NASA, sem er geimferðastofnun Bandaríkjanna, sannfærðir um að heimurinn muni ekki farast 21.12.12, ekki nú frekar en endranær. Hafa þeir gefið út myndband því til staðfestingar. Því þó flestir yppi án efa öxlum yfir þessum pælingum, þá er aldrei að vita nema áhyggja sæki að einhverjum. Hjá NASA kemur fram að allt þetta tal um heimsendaspádóm Maya-indíána sé á misskilningi byggt, eins og ég gat um hér fyrr. Og ekki þurfa menn held-



NORDICPHOTOS/GETTY

ur að óttast að vígahnöttur stefni á jörðina, segja þeir, en því hafa einhverjir velt fyrir sér. Og þeir sem trúa öllu illu á stjórnvöld vestur í landi frelsisins halda því meira að segja fram að þarlend stjórnvöld séu að reyna að leyna þessari staðreynd. NASA-menn benda á að ef vígahnötturinn væri vomandi yfir okkur myndum við þegar sjá hann skína skært á himni eins og Betlehemsstjörnu. „Farið bara út og gáið sjálf,“ segja þeir kankvísir.

Það hefur reyndar oft skollið hurð nærri hælum varðandi tilvist jarðarinnar og lífs á jörðinni. Fræðimenn segja okkur að fyrir 440.000.000 árum hafi 60% af öllum dýrum jarðarinnar dáið af óþekktum orsökum. Fyrir 250.000.000 árum hurfu víst 90% af öllu lífi á jörðinni, líklegast af völdum gróðurhúsaáhrifa. Og fyrir 65.000.000 árum dó helmingur alls lífs á jörðinni, meðal annars risaeðlurnar. Talið er að sökudólgurinn hafi verið loftsteinn.

Margt getur líka ógnað lífinu ef maður veltir því fyrir sér og þarf ekki heimsendaspádóma til. Talandi um gróðurhúsaáhrifin þá ógnar hækkandi hitastig jarðarinnar vistkerfinu með ófyrirsjáanlegum afleiðingum, bráðnun jökla, hækkandi sjávarborði og veðurofsa. Óþekktir sjúkdómar og vírusar hafa lagt milljónir að velli og geta gosið upp hvenær sem er. Upplausn af völdum fjármálahruns, fátækt og misskipting auðsins í heiminum geta hleypt öllu í bál og brand. Kjarnorkuváin er kannski ekki jafn mikil eins og þegar ég var að vaxa úr grasi og heimsendir var meira en möguleikur á hverjum degi. En enn þá ráða stórveldin yfir sprengjum sem geta eytt lífinu margfaldlega. Öfgasamtök og öfgaríki reyna að koma sér upp slíkum tryllitólum. Og kjarnorkuver eru dulin ógn. Þó tæknin þar á bæ haldi geta náttúruhamfarir komið af stað keðjuverkun sem ógnar lífinu eins og dæmin sanna.

Og hvenær sem er getur vígahnöttur rekist á jörðina eins og á tímum risaeðlanna, þó ekkert bóli á slíku nú, eins og NASA-menn segja.

Að lokum ferst auðvitað heimurinn. Sólin mun stækka og gleypa jörðina og þar með verður þessu lokið. En það gerist ekki fyrr en eftir ein 2600.000.000.000 ár.

Og þá verður spádómur gömlu Maya-indíánanna öllum örugglega gleymdur. Ef hann þá nokkurn tímann var til!

Þangað til er bara best að horfa á björtu hliðarnar. Því eins og danski kóngurinn Valdemar, sem uppi var á 14. öld, var vanur að segja (og fékk af því viðurnefnið Atterdag - Nýr dagur): „I morgen er der atter en dag“ – á morgun rennur aftur upp nýr dagur.

*Gleðileg jól!*

ERTU AÐ LEITA AÐ GJÖF? Jólagjafir fyrir lifandi heimili!




OPNUNARTÍMI: Laug. 15. des. 10-18 • Sunn. 16. des. 13-18 • Mán. 17. til sunn 23. des. 10-22. Aðfangadag 10-13 • Sími: 558 1100

D3200

Nikon
*At the heart of the image*

**Verð frá 129.995.-**



Nikon School
D-SLR Intro – 2.5 klst
kynningar-námskeið
ásamt Check & Clean í
3 ár fylgir með D3200
að verðmæti 25.000.-

**KAUPAUKI**



Innifalið í kaupum á D3200 er WU-1a tengi sem gerir kleift að fjarstýra vélinni eða senda myndir og kvikmyndir þráðlaust í snjallsímann eða spjaldtölvuna að verðmæti **11.995.-**

Ný hágæða stafræn SLR myndavél með 24.2 Megapixla C-MOS myndflögu og 18-55VR linsu með hristivörn. GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í háskerpu (1920x1080p). 11 punkta sjálfvirkt fókus kerfi, hátt ljósnæmi ISO (100-6400) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3" háskerpu skjá.

# I AM MERRY CLICKMAS

**KAUPAUKI**



Innifalið í kaupum á S3300 myndavélinni fylgir. Taska að verðmæti **2.495.-**



**Verð 22.995.-**

**COOLPIX S3300 – Litrík sýn á þína veröld.** Nett og meðfærileg myndavél með 16 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 6x optískum aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og HD hreyfimyndataka. Eins fæst hún í 8 líflegum litum Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

**www.nikon.is**

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
**Heimilistæki** – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
**Sjónvarpsmiðstöðin** – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
**Beco** – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
**Fotoval** – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
**MAX** – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
**Reykjavik Foto** – Laugavegur 51 – 577-5900 – www.reykjavikfoto.is
**Tölvulistinn** – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**
Hljómsýn – Akranesi; Framköllunarþjónustan – Borgarnesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ; Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ; Nettó og Samkaupsverslanir um land allt

# Bandalag stórfyrirtækja og verkalýðshreyfingar með samþykki allra stjórnmálaflokka

ATVINNA



**Bjarni Jónsson**
stjórnarformaður Nordic Store ehf.

Við hrunið haustið 2008 keypti ég lítið fyrirtæki sem ég hef rekið síðan og gengið ágætlega. Á þeim tíma hef ég kynnst á eigin skinni hvernig bandalag verkalýðshreyfingarinnar og stórfyrirtækja (sem stjórna Samtökum atvinnulífsins) hafa búið til kerfi sem er óskilvirkt, óarðbært og hindrar efnahagslegar framfarir sem svo sár þörf er á, sérstaklega nú eftir hrun. Allir stjórnmálaflokkar hafa stutt bandalagið og styrkt það í sessi í gegnum tíðina, enda hagsmunir þeirra að viðhalda því vegna áhrifa í verkalýðsfélögum og félögum atvinnurekenda. Núverandi stjórn styður þetta bandalag af meiri eldmóð en allar fyrri ríkisstjórnir.

### Eðli bandalagsins

Allir eru sammála um að ekki er hægt að lifa af töxtum kjarasamninga sem aðilar vinnumarkaðarins hafa samið um. T.d. eru hæstu mánaðarlaun samkvæmt taxta sem sérhæfður starfsmaður í verslun fær kr. 215.179 og byrjunarlaun kr. 190.356. Í stað þess að fyrirtæki borgi hærri laun er hið opinbera í gegnum millifærslukerfi látið greiða þeim sem þiggja laun samkvæmt kjarasamningum bætur í alls konar formi til að þeir geti dregið fram lífið. Barnabætur, vaxta- og húsnæðisbætur eru dæmi um slíkar bætur en einnig eru mörg opinber gjöld tekjutengd í sama tilgangi. Þessu til viðbótar eru launagreiðendur og launþegar skyldaðir til að greiða stóran hluta launa í lífeyrissjóði sem bandalagið stjórnar og nýtur góðs af.

Vinstri menn og verkalýðsfélögin eru býsna ánægð með þetta fyrirkomulag. Ánægðust eru þó, sýnist mér, stórfyrirtæki sem greiða eftir þessum töxtum.

### Ójöfn samkeppni

Ég rek fyrirtæki þar sem vinna um 20 starfsmenn og mér dettur ekki í hug að bjóða laun samkvæmt taxta kjarasamninga. Sama held ég að gildi um flest lítil fyrirtæki. Stórfyrirtæki eru nánast þau einu sem greiða laun samkvæmt kjarasamningum. Ég lít svo á að ef reksturinn getur ekki greitt laun sem menn geta lifað á, þá er enginn grundvöllur fyrir slíkan rekstur. Menn eiga þá að hætta rekstri. Ríkið á ekki að greiða stóran hluta framfærslunnar með skattpeningum frá vel reknum fyrirtækjum og starfsmönnum þeirra – sem eru síðan í samkeppni við stórfyrirtækin. Í þessu fyrirkomulagi er mikil sóun á skattfé og vinnuafli. Að auki dregur það úr vilja manna til vinnu þar sem jaðaráhrif skatta eru mjög mikil.

### Hvað er til ráða?

Hugsum okkur að þessu yrði nú breytt þannig að almennir launataxtar yrðu hækkaðir um segjum 50%, þ.e. upp í það sem mörg smærri félög eins og mitt greiðir í dag. Þau fyrirtæki sem ekki gætu greitt þessi laun yrðu að hagræða hjá sér eða færu hreinlega í þrot – sem væri hreinsun fyrir efnahagslífið því önnur arðbærari kæmu í staðinn og veittu sömu þjónustu. Samhliða væru skattar lækkaðir á fyrirtæki og einstaklinga, t.d. tryggingargjald og skattprósenta á laun, og persónuafsláttur nánast afnuminn. Ríkið fengi álíka skatta af launum og fyrirtækjum eftir sem áður vegna hærri skattstofns og hvati til vinnu væri mun meiri þar sem jaðaráhrif skatta yrðu lítil. Allir myndu græða á slíku kerfi nema verkalýðsforystan, félagar þeirra hjá stórfyrirtækjum og stjórnmálamenn sem hefðu ekki eins mikil völd og áhrif.

Auðvitað eru þessar vangaveltur fullkomlega óraunhæfar. Verkalýðshreyfingin, stórfyrirtæki og stjórnmálamenn hafa slík samtvinnuð völd að breytingar á þessu fyrirkomulagi verða aldrei gerðar. Meðan samið er um að ríkið sjái um framfærslu manna með þessum hætti er enginn hvati til að semja um laun sem menn geta lifað af. Sama gildir um skylduaðild að lífeyrissjóðum. Yrði hún afnumin gætu verkalýðsforystan og stórfyrirtæki ekki setið í stjórnum sjóða og fyrirtækja sem fjárfest er í með þeim völdum, greiðslum og bitlingum sem því fylgja.

Gleymum því ekki að þau fyrirtæki sem greiða góð laun eru að skapa verðmæti sem gera þeim kleift að greiða slík laun. Þau fyrirtæki sem ekki geta greitt laun sem einstaklingar og fjölskyldur geta framfleytt sér á, auk hagnaðar til eigenda, eru ekki að skapa nægileg verðmæti til að réttlæta tilvist sína. Ríkið á ekki að hlaupa undir bagga með þeim í formi bóta og millifærslna frá vel reknum fyrirtækjum og starfsmönnum þeirra, heldur treysta á markaðsöflin og leyfa þeim að leggja upp laupana – önnur arðbærari munu koma í staðinn. Ekki hindra framfarir og endurnýjun.

**➔ Þau fyrirtæki sem ekki geta greitt laun sem einstaklingar og fjölskyldur geta framfleytt sér á, auk hagnaðar til eigenda, eru ekki að skapa nægileg verðmæti til að réttlæta tilvist sína. Ríkið á ekki að hlaupa undir bagga með þeim í formi bóta og millifærslna frá vel reknum fyrirtækjum og starfsmönnum þeirra…**

# Er sjósund fyrir mig?

ÍÞRÓTTIR



**Ásgeir Sæmundsson**
félagi í Sjósunds- og sjóbaðsfélagi Reykjavíkur

Fyrir tæpu ári kynntist ég sjósundi. Góð vinkona mín, Kolbrún Karlsdóttir, hafði stundað það um nokkurt skeið og hvatti mig til að koma með. „Þú þarft ekkert að koma út í, bíddu bara í heita pottinum á meðan ég fer út í sjó," sagði hún. Þegar í skýluna var komið rölti ég að sjálfsögðu með henni niður á strönd og áður en ég vissi af var ég kominn hálfur út í. Ég stóðst ekki mátið og þennan dag tók ég mín fyrstu sjósundtök við strendur Íslands. Þarna gerði ég mér enga grein fyrir því hversu mikil áhrif þetta ætti eftir að hafa á líf mitt. Mánuði seinna var ég genginn í Sjósunds- og sjóbaðsfélag Reykjavíkur og farinn að mæta í sjósund 2-3 sinnum í viku.

### Hvað heillar?

Fyrir flesta sem byrja sjósund er þetta viss áskorun; í upphafi þarf að yfirstíga ákveðinn ótta og reyna á þolmörkin. En sjósund snýst um svo miklu meira en það. Þegar ég lít til baka og hugsa um þann tíma sem liðinn er, geri ég mér grein fyrir því hversu miklu auðugra líf mitt er í dag. Ég hef kynnst yndislegu fólki og eignast fjöldann allan af nýjum vinum. Ég hef fundið heitan sumarsjóinn umlykja líkamann og flotið eins og korktappi í kvöldsólinni. Hef fundið þann innri frið sem fylgir því að synda í hafinu, gleyma stund og stað og endurnærast eftir erfiðan dag. Eftir situr gleði og ánægja. Það er svo merkilegt að í sjónum er alltaf gleði. Allir eru kátir, allir spjalla og vinátta er sjálfsögð þegar þú syndir með einhverjum. Oft heyrast söngvar óma og hlátrasköll bergmála milli aldnanna. Þetta er bara lítið brot af öllu því sem heillar mig og fær mig til að koma aftur og aftur.

### Aðstaða vítt og breitt

Sjósund er stundað víða um land og aðstæður fara hvarvetna batnandi. Í Reykjavík er synt flesta daga vikunnar við Ylströndina í Nauthólsvík. Þar er fyrirtaks búningsaðstaða, gufubað og útisturta. Hægt er að bregða sér í heita pottinn strax eftir sundið. Á Kjalarnesi við Klébergslaug er verið að útbúa góða aðstöðu en þar er hægt að ganga frá sundlauginni niður í fjöruna og svo til baka og ylja sér í heita pottinum á eftir. Vaxandi áhugi er á Seltjarnarnesi og yfir sumartímann er oft synt við Gróttu. Á Akranesi er einnig virkt sjósundsfélag og góðar aðstæður til sunds sem og á fleiri stöðum vítt og breitt um landið.

### Sjósund er fyrir alla

Það eru til margar gerðir af sjósundsfólki og enginn einn hópur er öðrum fremri að mínu mati. Sumir mæta eingöngu í sjóböðin á meðan aðrir synda. Sumir synda stutt, aðrir langt og frjálst val er um hlífðarfatnað. Hanskar, hettur og sokkar eru algengir en líka vesti og gallar, allt eftir því hvað hentar hverjum og einum. Sumir synda bara yfir heitasta tímann og miða við að sjórinn hafi náð 8-10 gráðum. Aðrir synda allan ársins hring. Hverjum og einum er í lófa lagið hvernig hann stundar sjóinn og á hvaða tímum.

Sjósunds- og sjóbaðsfélag Reykjavíkur er fyrir alla þessa hópa. Alltaf eru einhverjar skemmtilegar uppákomur hjá félaginu og svokölluð millimánaðasund eru fastur liður. Þá er farið í sjóinn rétt fyrir miðnætti síðasta dag hvers mánaðar og komið upp úr fljótlega eftir miðnætti í þeim næsta. Þessar kvöldstundir eru oft með þeim allra skemmtilegustu og mikið hlegið og sungið. Reglulega er farið og synt á nýjum stöðum sem margir hverjir verða að föstum sjósundsstöðum. Á sumrin tekur félagið á móti nýju fólki og fer með það fyrstu skiptin í sjóinn. Á vefsíðu félagsins, www.sjor.is, má finna ítarlegar upplýsingar um starfsemi og viðburði en þar er einnig hægt að skrá sig í félagið.

### Sjósund er heilnæmt

Hollusta sjósunds er ótvíræð; blóðflæði eykst um líkamann og algengt er að heyra fólk tala um að það hafi grennst eða lagast af húðkvillum eftir að það byrjaði í sjósundi. Sjósund er einnig sagt hafa styrkjandi áhrif á ónæmiskerfið. Allt þetta tek ég svo sannarlega undir. Benda má á viðtal við Hallgrím Magnússon lækni á Djúpavogi í þættinum Reykjavík síðdegis á Bylgjunni þann 26. júlí sl. Hann segist iðka sjósund sem oftast og telur það allra meina bót. Áhugasamir geta hlustað á upptökuna á vefsíðu Vísis.

### Að lokum

Kæri lesandi, áramótin eru tími þar sem menn staldra við og líta yfir farinn veg. Þegar ég hugsa um allt það sem sjósundið hefur fært mér og mínum vinum, vil ég eindregið hvetja sem flesta til að reyna. Engu er að tapa en þú gætir eignast áhugamál sem endist þér alla ævi og færir þér heilsu, hamingju og góða vini. Láttu sjá þig á nýju ári!

**➔ Það eru til margar gerðir af sjósundsfólki og enginn einn hópur er öðrum fremri að mínu mati. Sumir mæta eingöngu í sjóböðin á meðan aðrir synda. Sumir synda stutt, aðrir langt og frjálst val er um hlífðarfatnað.**



EINSTÖK GJÖF FYRIR ALLA

Óskaskrín henta fullkomlega í harða pakka fyrir þá sem vilja upplifa og njóta, þá sem velja sjálfir, þá sem eiga allt. Það er einfalt að velja rétta gjöf – gefðu upplifun í öskju, gefðu Óskaskrín.

sími 577 5600 info@oskaskrin.is www.oskaskrin.is

Eymundsson Bóksali frá 1872
HAGKAUP Ein ferð betra verð

Óskaskrín
Opna – Velja – Njóta

PIPAR\TBWA • SÍA



**STRÅLA** útisería m/48 ljósum
LED **1.690,-** ~~3.290,-~~



**JULMYS** skrauthjörtu. Ø8cm
Rautt **595,-/4 í pk.** ~~1.290,-~~
*Einnig til ólitað*



**95,-**
**JULMYS** skrautlengja
L100cm. Ýmsir litir ~~295,-~~



**JULMYS** skrautbjöllur. H5cm
Rautt **595,-/6 í pk.** ~~1.290,-~~
*Einnig til silfurlitt*

# Fallegar jólavörur á skrautlegu verði



**JULMYS** skrautkúlur
Ø7cm. Silfurlitt **295,-/6 í pk.**
~~695,-~~ *Einnig til rautt*



**JULMYS** skraut-
lengja. L200cm
Ýmsir litir **195,-**
~~495,-~~



**JULMYS** skraut-
fuglar. H5cm
**795,-/4 í pk.**
~~1.490,-~~



**895,-**
**STRÅLA** inniseríá m/10 ljósum
LED ~~1.990,-~~



**JULMYS** skraut-
hjörtu. H9,5cm
Hvítt **595,-/4 í pk.**
~~1.290,-~~



**JULMYS** skraut-
jólatré. H14cm
Ýmis mynstur
**195,-/4 í pk.**
~~595,-~~



**JULMYS** skrautsett
Inniheldur: Skrautstjörnur, skrautkúlur,
skrautlengju og jólatréstopp **995,-/58 í setti** ~~1.990,-~~



**YRSNÖ** skraut-
jólasveinar
H5cm
**195,-/10 í pk.**
~~495,-~~



**295,-**
**JULMYS** jólatréstoppur. H25cm
Rautt ~~595,-~~ *Einnig til silfurlitt*



**YRSNÖ** skrautkórónur. H7,5cm
Silfurlitt **395,-/3 í pk.** ~~795,-~~
*Einnig til gyllt*

**VEITINGASTAÐURINN**



**995,-**
Hangikjöt með kartöflum,
rauðkáli, grænum baunum
og uppstúf



**95,-**
**JULMYS** skrautlengja
L50cm. Ýmsir litir ~~295,-~~



**JULMYS** skrautkúlur
Ø6cm. Ýmsir litir
**395,-/6 í pk.** ~~895,-~~



**JULMYS** skrautkúlur
Ø7cm. Rautt
**795,-/2 í pk.** ~~1.490,-~~
*Einnig til glært*

IKEA®

**Verslun opin 11-21 til 22. desember** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

© Inter IKEA Systems B.V. 2012

# Opið bréf til alþingismanna

FJÁRMÁL



**Hafdís Óskarsdóttir**
starfsmaður umhverfissviðs í Mosfellsbæ

Ég undirrituð, Hafdís Óskarsdóttir, get vart orða bundist eftir að stjórnendur Dróma hf. sáu sér leik að hrósa eigin vinnubrögðum í heilsíðuauglýsingum allra stærstu dagblaðanna. Með tilvísun til úttektar FME á afmörkuðum atriðum, sem varða vinnubrögð Dróma, er því haldið fram að FME staðfesti „faglega og góða starfshætti Dróma“. FME sá hins vegar ástæðu til að árétta að ekki bæri „að skilja þá niðurstöðu svo að allsherjar heilbrigðisvottorð hafi verið gefið út um starfsemi félagsins eða viðskiptahætti þess“.

Með þessu bréfi vil ég gefa innsýn í starfshætti Dróma frá mínum bæjardyrum séð og persónulega reynslu undirritaðrar af skilanefndinni varðandi nauðungaruppboð. Inntak bréfsins varðar frétt á RÚV þann 8. maí sl. um ólögmæt gengistryggð lán hjá Dróma.

**Til upplýsingar**

Hlynur Jónsson, í forsvari fyrir Dróma, segir orðrétt í frétt á RÚV þann 8. maí sl.:

„Í kjölfar hins nýja dóms Hæstaréttar, þá ákváðum við að bjóða þeim lántakendum sem eru í þessum óvissuhópi, þ.e.a.s. með ólögleg gengistryggð lán, að greiða 5.000 krónur af hverri milljón og standa þannig í skilum.“ Dómurinn sem vísað er til, féll þann 15.feb. sl.

Ég undirrituð fékk engu að síður tilkynningu um nauðungaruppboð, sem skrifuð er eftir þann tíma sem Hlynur segist hafa boðið lántakendum þessi kjör, frá Sýslumanninum í Reykjavík, nánar tiltekið þann 27. febrúar.

Ég legg áherslu á, til ykkar alþingismanna allra, að ég sendi sjálf Dróma – slitastjórn Frjálsa fjárfestingabankans, bréf þann 16. des. 2011, eftir að ég fékk fyrstu tilkynningu um yfirvofandi nauðungarsölu á eign minni, þar sem ég, skilvís greiðandi af húsnæðisláni til tæpra 30 ára, vildi ekki samþykkja neina af hinum fjórum greiðsluleiðum sem í boði voru hjá Dróma (þær reyndust líka allar ólöglegar, allar með afturvirkum vöxtum). Í því bréfi reyndi ég skriflega að ná fram málamiðlun varðandi mitt lán og bað um að fá að greiða 5.000 krónur af hverri milljón þangað til þessi lán yrðu að fullu til lykta leidd. Ég vil líka leggja áherslu á, að ég skrifaði ekki bara eitt bréf til Dróma þess efnis heldur bað ég skriflega um að fá að greiða 5.000 af hverri milljón, nokkrum mánuðum áður. Afrit bréfanna á ég með móttökustimpli frá Dróma ásamt undirskrift starfsmanns.

**Ekkert svar**

Ég fékk aldrei svar við bréfum mínum og aldrei var mér boðin sú leið sem ég bað um sjálf, til málamiðlunar og sem Hlynur segist hafa boðið lántakendum, eftir að dómur Hæstaréttar féll þann 15. feb. sl. Eina „boðið“ sem ég hef í fórum mínum og get staðfest er bréf sem mér barst frá Sýslumanni, dagsett, eins og áður segir, 27. feb. 2012, skv. beiðni frá Dróma, um að það yrði nauðungaruppboð á eign minni 26. apríl sl. (sem fór að vísu ekki fram en það er ekki Hlyni Jónssyni að þakka, svo mikið er víst.)

Hlynur Jónsson, í forsvari fyrir slitastjórn Frjálsa fjárfestingarbankans, fer hér með lygar á minn kostnað, þegar hann segir blákalt í sjónvarpsfréttum á RÚV frá þessu „boði“. Óskammfeilni Hlyns Jónssonar er með ólíkindum, því ekki var mér boðið þó sannarlega ég vildi og reyndi. Háttvirtu alþingismenn, hvað kallast svona starfshættir? Að mínu mati kallast þetta vítaverðir starfshættir því ég var næstum því búin að missa húsið mitt vegna þeirra. Hvað finnst ykkur?

**Skipulögð glæpastarfsemi**

Já, birtingarmynd starfseminnar hjá Dróma, í mínu tilfelli, er hreinlega eins og skipulögð glæpastarfsemi og ekki nóg með það, heldur er veðskuldabréfið mitt ólöglegt líka!

Ég veit um svo marga sem lent hafa á vegg í samskiptum við skilanefndina, þetta ósnertanlega apparat. Margir í minni stöðu hafa fengið lögfræðinga til liðs við sig en það hefur ekki einu sinni dugað. T.a.m. veit ég um tvenn hjón sem hafa reynt að hafa samskipti við Dróma með aðstoð lögfræðings. Ég veit að lögfræðingur hjóna frá Hafnarfirði hefur aldrei fengið svör við fyrirspurnum sínum sem hafa verið sendar til Dróma og hjón frá Mosfellsbæ fóru ásamt lögfræðingi sínum til Dróma að Lágmúla 6. Þeim var vísað út með valdi – af öryggisverði Dróma. Er þetta í lagi?

Það líða dagar og ár og ekkert gerist. Skilanefnd Dróma situr að kjötkötlum og saklausu, skilvísu fólki, eins og mér, blæðir. Það þarf að leysa Dróma upp og láta FME taka ábyrgð á stórkostlegri vangá, að þessi lán buðust á sínum tíma.

Ég er ekki ábyrg fyrir mistökum banka og Fjármálaeftirlits!

Háttvirtu alþingismenn:

Þetta bréf er ákall til ykkar allra um að óhlutdrægur endurútreikningur verði gerður á ólöglegum gengistryggðum lánum hjá Dróma því ég vil að lánið mitt verði löglegt, ég vil greiða af láninu mínu.

Málið er í ykkar höndum.

**→ Það líða dagar og ár og ekkert gerist. Skilanefnd Dróma situr að kjötkötlum og saklausu, skilvísu fólki, eins og mér, blæðir. Það þarf að leysa Dróma upp og láta FME taka ábyrgð á stórkostlegri vangá, að þessi lán buðust á sínum tíma. Ég er ekki ábyrg fyrir mistökum banka og Fjármálaeftirlits! Háttvirtu alþingismenn: Þetta bréf er ákall til ykkar allra um að óhlutdrægur endurútreikningur verði gerður á ólöglegum gengistryggðum lánum hjá Dróma því að ég vil að lánið mitt verði löglegt...**




# Gagnlegir sögulærdómar

KJARAMÁL



**Gunnar Karlsson**
fyrrum prófessor í sagnfræði

Árið 1956 var mynduð vinstrisinnuð ríkisstjórn á Íslandi undir forystu framsóknarmannsins Hermanns Jónassonar. Auk Framsóknarflokksins stóðu Alþýðubandalagið og Alþýðuflokkurinn að stjórninni; Sjálfstæðisflokkurinn einn var skilinn eftir í stjórnarandstöðu, eftir að hann hafði átt aðild að öllum ríkisstjórnum í tólf ár. Forseti Alþýðusambands Íslands varð ráðherra í stjórninni. Á tíma hennar fór verðbólga mjög vaxandi, og var því einkum kennt um að fullar vísitölubætur voru greiddar á laun; verðlagið hækkaði launin og launin hækkuðu verðlagið. Á árinu 1958 var svo komið að 1. desember áttu samningsbundin laun að hækka um 17% vegna verðlagshækkana. Forsætisráðherra fór fram á það við Alþýðusambandsþing að það féllist á að þessari launahækkun yrði frestað um mánuð meðan leitað væri lausna á þeim verðbólguvanda sem mundi leiða af hækkuninni.

**Lækkaði laun**

Um þetta synjaði Alþýðusambandið, ríkisstjórnin sagði af sér og við tók næstum 13 ára langt stjórnarsamstarf Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, fyrst með minnihlutastjórn Alþýðuflokksins (sem var þá í litlum tengslum við verkalýðshreyfinguna), síðar með þriggja kjörtímabila langri setu viðreisnarstjórnarinnar þar sem sjálfstæðismenn voru í forsæti. Þessi meirihluti ekki aðeins bannaði vísitölubætur á laun; hann beinlínis lækkaði öll samningsbundin laun með lögum snemma árs 1959. Þetta var árangur Alþýðusambandsins af því að bregðast vinveittri ríkisstjórn.

**Í rúst**

Á árunum 1974–79 var Verkamannaflokkurinn við stjórn í Bretlandi. Þetta voru tímar verðbólgu og atvinnuleysis, og gekk á ýmsu um samstarf ríkisstjórnarinnar við verkalýðshreyfinguna. Veturinn 1978–79 hefur verið kallaður vetur óánægjunnar í breskum stjórnmálum (með vísun í leikrit Shakespeares um Ríkharð þriðja), og fór svo árið 1979 að meirihluti kjósenda valdi Íhaldsflokkinn til að fara með stjórn ríkisins. Við tók Thatchertímabilið, tveggja áratuga valdatími Íhaldsins, sem notaði völd sín meðal annars til að leggja verkalýðshreyfinguna nánast í rúst, einhverja sterkustu og óbilgjörnustu verkalýðshreyfingu í heimi. Þetta hafði hún upp úr því að bregðast vinveittri ríkisstjórn.

Skyldu Gylfi Arnbjörnsson og aðrir forystumenn í Alþýðusambandi Íslands þekkja þessi sögulegu dæmi?

**→ Skyldu Gylfi Arnbjörnsson og aðrir forystumenn í Alþýðusambandi Íslands þekkja þessi sögulegu dæmi?**

# Brýtur LÍN landslög?

FJÁRMÁL



**Guðmundur Franklín Jónsson**
viðskiptafræðingur og formaður Hægri grænna, flokks fólksins

Frá 1. nóvember 2007 hefur vísitala neysluverðs hækkað um 43,7% frá upptöku laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, svokallaðra MiFID-reglna. Verður því að leiðrétta öll verðtryggð námslán sem seld hafa verið námsmönnum sem því nemur. Námsmenn hafa engar forsendur til að meta þá áhættu sem fylgir verðtryggðum námslánum og ætla Hægri grænir, flokkur fólksins, að berjast fyrir fullri leiðréttingu á þessum verðtryggðu afleiðusamningum, þ.e. öllum virkum útgefnum námslánum.

**Ólögleg gengisviðmiðun**

LÍN rukkar lánþega sem búsettir eru erlendis um launatengda árlega greiðslu. Miðar sjóðurinn við laun viðkomandi í erlendum gjaldmiðli og endurreiknar svo yfir í íslenskar krónur. Það er samkvæmt úrskurði Hæstaréttar ólögleg gengistrygging, því hvers konar tenging krónuláns eða gengistrygging greiðslna af krónulánum er ólögleg. Í lögum er tekið fram að sá sem tekur lán á rétt á að vita upphæð greiðslna út lánatímabilið. Það er ómögulegt að gera ef greiðslur eru tengdar erlendum gjaldmiðlum. Samkvæmt lögum ætti LÍN að miða við meðallaun háskólamenntaðra manna á Íslandi, það eru opinberar tölur. Þetta er ekki flókið, enda Hæstiréttur nýbúinn að dæma um þetta. Það leikur enginn vafi á því að aðferðin sem beitt er við útreikning afborgunar lána þeirra sem hafa laun í erlendum gjaldmiðli er ólögleg.

**Lítil vernd**

Athyglisvert er álit Umboðsmanns Alþingis nr. 5321/2008 þar sem kemur m.a. fram að LÍN hafi brotið lög í áraraðir með því að áætla alltaf 8 milljónir eða hærra á námsmenn sem skiluðu ekki upplýsingum um laun. Eftir álitið var ákvæðið afnumið úr lögum LÍN. Það kom fram í svari þáverandi framkvæmdastjóra LÍN að 8 milljóna kr. aðferðin var beinlínis höfð til að þvinga fram raunveruleg laun manna sem skiluðu ekki upplýsingum um laun sín. Eins og kemur fram í áliti Umboðsmanns Alþingis standast slíkar aðferðir ekki lög, hvað þá vegna námslána sem njóta sérstakrar verndar í lögum vegna þess að þau lán eru til þess gerð að fólk geti aflað sér tiltekinnar menntunar.

**Lög eru ekki til skrauts**

Á Íslandi endurspegla greiðsluáætlanir ekki raunveruleikann, sér í lagi verðbólguskotið fyrir og eftir hrun. Með sanni má segja að LÍN hafi raskað hegðun námsmanna með því að gera lítið úr langtímaáhættu vegna verðbólgu. Verðtryggð námslán eru í rauninni svo flóknar afleiðutengdar fjármálaafurðir að ómögulegt er fyrir námsmenn að meta þau á fullnægjandi hátt. Verðtrygging námslána er mjög líklega ólögleg og stangast á við grundvallarreglur evrópskra neytendalaga, sem banna misbeitingarákvæði sem raska jafnvægi samningsaðila neytanda í óhag. Það er löngu kominn tími til fyrir stjórnsýsluna og fjármálastofnanir að virða íslensk lög, þau eru ekki til skrauts. Vanþekking og afneitun á lögum leysir engan undan ábyrgð.

**→ Á Íslandi endurspegla greiðsluáætlanir ekki raunveruleikann, sér í lagi verðbólguskotið fyrir og eftir hrun.**


TRI
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
Full búð af flottum jólagjöfum
Veitum 20% afslátt af Aqua sphere
Öll hjólaljós með 20% afslætti
Allir NIKE og Brooks hlaupaskór með 15% afslætti
Allar Livestrong vörur frá NIKE á 30% afslætti
Opið til kl. 20:00
alla daga til jóla
NIKE
Element Thermal 13.990 kr.
Miler Long Sleeve 6.990 kr.
Miler Short Sleeve 6.990 kr.
Miler 6.990 kr.
Printer V-Neck 8.990 kr.
Race Day Long 11.490 kr.
Element Thermal 11.490 kr.
Tech Tight 12.990 kr.
Pro 2.5 5.590 kr.
2 in 1 Tempo 8.990 kr.
Storm Fly 25.990 kr.
CRAFT
Hlaupajakki 13.990 kr.
Run wp stretch 16.990 kr.
Lightweight Strech 9.990 kr.
Pro Zero 7.990 kr.
Performance Tight 10.990 kr.
Featherlite 13.990 kr.
Super Sports Bra 8.990 kr.
Cool Boxer 4.490 kr.
Cool Boxer 4.490 kr.
Öryggisvesti 6.490 kr.
BROOKS
Nightlife Infiniti Tight II 9.990 kr.
Arm Warmers 3.490 kr.
Equilibrum LS 5.990 kr.
LSD Jacket III 13.990 kr.
Nightlife Equilibrum 7.490 kr.
Nightlife Infiniti 10.990 kr.
Nightlife Jacket III 18.990 kr.
Nightlife Essential 13.490 kr.
AdaptGlove 6.490 kr.
Aqua Sphere
-20%
Zip fins 9.990 kr.
Aquafins 10.2900 kr.
Seal 180 6.200 kr.
Vista Jr. 5.290 kr.
Vista Jr. 5.290 kr.
Kayenna 5.490 kr.
Kayenna Jr. 4.490 kr.
Ergoflex 4.790 kr.
Resistance Cords 7.290 kr.
Tacx
Satori 59.990 kr.
Booster 69.990 kr.
Flow 99.990 kr.
I-Flow 129.990 kr.
I-Vortex 149.990 kr.
Bushido 173.990 kr.
Genius 259.990 kr.
CUBE
Öll barnahjól með
5.000 kr afslætti
+ frír standari og hjálmur
CUBE AIM DISC 2013 árgerð
Verð: kr. 109.990
CUBE AIM Fjallahjól
Verð: kr. 70.000
CUBE 29" komin í hús
Verð frá 139.990 kr. til 289.990 kr.
50.000 kr. inneign á vörum í verslun fylgir öllum LTD hjólum
CUBE LTD á sérstöku jólatilboðsverði
Verð frá 225.990 kr. til 299.990 kr.
TRI
Tri ehf.
Suðurlandsbraut 32
Sími: 571 8111
Meðan birgðir endast. Tri áskilur sér rétt til allra breytinga á verði.
www.tri.is
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 09:00-18:00
Laugardaga kl. 10:00-16:00

# TROÐFULL VERSLUN AF JÓLATILBOÐUM




9.989
PS3




1.989
DVD



12.989

INTENSO

**Intenso Photomodel 7**
Stafrænn 7" myndarammi með 800x600 punkta upplausn. Spilar myndir beint af minnislyklum eða kortum. Skyggnusýningar.



6.989

TONI&GUY

**Toni&Guy TGIR1922**
Bylgjujárn með extra djúpum Tourmaline keramík plötum. Hámarkshiti 200°. 360°snúningur á kapli. 3m snúra.



7.989

JBL

**JBL MICRO2**
Ferða hátalalari með 3W magnara og öflugum hátalara. Innbyggð Li-ion rafhlaða með allt að 5 klst. endingu. Taska og Micro USB kapall fyrir hleðslu fylgja.

4.989



VIDAL SASSOON

**VidalSassoon VSIR1975**
Keramík húðað keilujárn með 30 stillingum. Hámarkshiti 220°. 2.5m snúra.

19.989

Hannað fyrir iPod iPhone



JBL

**JBL ONSTAGEIV**
iPod/iPhone vagga með 2x 10w D Klassa magnara, fjarstýringu, 4 Odyssey Neodymium hátölurum, Aux tengi fyrir MP3, CD ofl.

17.989



Whirlpool

**Whirlpool MWD307HV**
700w og 20 lítra örbylgjuofn með stafrænu stjórnborði. 7 stillingar ásamt afþýðingu.




22.989

Nikon

**Jólatilboð: Taska að verðmæti 2.495 fylgir!**

**Nikon S3300**
16 milljón punkta myndavél með 2,7" LCD-skjá. NIKKOR linsa. 4x fókusvörn. 6x Optical og 4x Digital Zoom. Rafræn titringsjöfnun. EXPEED C2. Sendir myndir þráðlaust. HD hreyfimyndataka. 210 myndir á rafhlöðu. 45MB minni og kortarauf. Íslenskur leiðarvísir.

17.989

wilfa



**Wilfa 3DPMASSWH**
3D Shiatsu nuddsæti bak og sæti. 3 stillingar. Innrauð hitun. 4 kúlur nudda bak. Slekkur á sér eftir 15 mín.

74.989




Saeco

**Saeco Intelia HD8751SV**
Sjálfvirk 1400w kaffivél fyrir heimili. Ketill úr ryðfríu stáli. Keramík kvörn. Panarello flóunarstútur. 300g baunahólf. 1,5L vatnstankur. 10 bolla korgskúffa. 15 bara þrýstingur.

9.989



Logitech

**KRAFTMIKLIR TÖLVUHÁTALARAR**

**Logitech Z320**
Sérlega flottir og öflugir hátalarar frá Logitech sem taka lítið pláss og eru með 360° hljóði.




24.989

**21,5" FULL HD LED SKJÁR**

**Samsung S22B300B**
Glæsilega hannaður Samsung tölvuskjár með LED baklýsingartækni og 5ms. svartíma.

89.989

**15,6" TOSHIBA MEÐ 6GB MINNI**



TOSHIBA **Toshiba SAT C855D-12P**
Traust fartölva sem hentar vel í alla hefðbundna tölvuvinnslu. AMD E2 örgjörvi, AMD HD 7340 skjákort, 6GB vinnsluminni og stór 640GB harður diskur. Nýja Windows 8.

TEXTI OG VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR

**0% VEXTIR Í 12 MÁNUÐI !**

*Aðeins 3,5% lántökukostnaður og 340 kr. í færslugjald á mánuði*

# TOPP 10

## UNITED
## 10“ SPJALDTÖLVA MEÐ ANDROID 4.0

Ný sending komin!

**United TAB 1012**
Vinsælasta spjaldtölvan okkar með Cortex A9 örgjörva og 4GB Flash minni sem er stækkanlegt í 32GB. 5 punkta Capacitive multi-touch snertiskjár. Android 4.0 Ice Cream Sandwich. Myndavél að framan.

19.989




99.989

**Toshiba 40LV933**
40" LCD sjónvarp með háskerpu upplausn 1920x. Mikil myndgæði með 3D Digital Comb filter og 3D colour management. USB tengi o.fl



44.989

PS3

**Laystation PS3**
12 GB Playstation leikjatölva með einum stýrispinna og leik.

Einn PS3 leikur fylgir




**Ásgeir Trausta**
Ofur vinsæli CD diskurinn með Ágeiri Trausta.

1.989




159.989

**Panasonic TXL42E5Y**
42" FHD 1080p IPS Alpha LED LCD með Vreal LIVE Engine. 150 Hz Back Light Scanning. Pro 24p Smooth Film/Play Back. VIERA Connect. Wi-fi ready. Skype. Háskerpu HDTV DVB-T/T2 stafrænn móttakari. Fjarstýringar App fyrir iPhone/Android síma o.fl.



PHILIPS Senseo

2 glös og kaffi fylgir!

14.989

**Philips HD7826**
1450w Senseo Viva Café kaffivél með Keith Haring Design. Hellir upp á 1 eða 2 bolla í einu. Stillanleg hæð á stúti.




49.989

**Philips 22HFL3232D**
22" HD-Ready LED sjónvarp með Digital Crystal Clear og 1366 x 768p upplausn. Háskerpu stafrænn DVB-T móttakari. USB, HDMI, VGA, heyrnatólstengi o.fl.



22.989

DeLonghi

**Dolce Gusto EDG456S**
Sjálfvirk Genio kaffivél. 15 bar. Sjálfvirk stilling á vatnsmagni.

Standur fyrir 24 kaffihylki og 2 pakkar af kaffi fylgja!



9.989

PRINCESS
yonanas

**Princess 282700**
Yonanas ísgerðarvél sem notar allar gerðir af frosnum ávöxtum. Fljótlegt, hollt og gott.



**The Intouchables**
Vinsælasta mynd síðari ára loksins á DVD.

1.989

MAX RAFTÆKI

OPIÐ TIL KL. 22 ALLA DAGA TIL JÓLA SÍMI 412 2200 BEINT Á MÓTI IKEA

# Stórskipahöfn í Vestmannaeyjum

MANNVIRKI

Sigurjón Haraldsson
viðskiptafræðingur

Stjórnmálamenn tala sífellt um það að skapa störf og þegnarnir spyrja þá, hvaða störf ætlið þið að skapa. Það virðist vera einhver misskilningur hjá stjórnmálamönnum að hið opinbera skapar ekki störf til að hleypa blóði í atvinnulífið. Hið opinbera getur hins vegar skapað aðstæður sem örva arðsemi og tekjur einstaklinga og fyrirtækja. Lægri skattar geta t.d. aukið hagnað og fjölgað atvinnutækifærum, en ekki öfugt. Þegar stjórnvöld ætla að hleypa lífi í atvinnulífið, þá gerist það ekki með aukinni skattheimtu. Ýmis þjónusta og mannvirki sem rekin eru af ríki og sveitarfélögum geta með réttu hugarfari orðið þess valdandi að ýmis tækifæri skapist fyrir einstaklinga og fyrirtæki, en það getur líka orðið til að draga úr frumkvæði einstaklinga.

Mikilvægt er að skoða þessar opinberu fjárfestingar út frá því hvort þær skapi eingöngu sameiginlegan kostnað þ.e.a.s. eftir því sem eftirspurnin eykst eftir þjónustunni, því meiri kostnaður er það fyrir samfélagið. Eða á hinn veginn, að eftir því sem eftirspurnin eykst aflar það meiri tekna, örvar atvinnu og skatttekjur, og þar af leiðandi er minni kostnaður fyrir samfélagið. Margar opinberar stofnanir kosta t.d. meira fyrir samfélagið ef álagið eykst. Í sumum tilfellum getur verið erfitt að meta þennan kostnað eða tekjur, því hann liggur ekki alltaf augljóslega fyrir. Heilbrigðis- og menntakerfið er t.d. erfitt að meta, því meiri kostnaður getur þýtt meiri tekjur fyrir samfélagið t.d. í formi heilbrigðara fólks eða betur menntaðra einstaklinga sem skila sér í hærri launum og þar af leiðandi í meiri skatttekjum fyrir samfélagið.

### Atvinnuuppbygging

Stórskipahöfn í Vestmannaeyjum er eitt af þeim verkefnum sem gætu skapað verulegar tekjur, aukin störf og fjölgun íbúa. Ýmsar hugmyndir hafa verið í gangi um þessa stórskipahöfn sl. áratug. En sú hugmynd sem ég og félagi minn Valgeir Jónasson, smiður í Eyjum, höfum útfært, hefur nokkra hagræðingarkosti og eykur möguleika á atvinnuuppbyggingu, ekki bara í Vestmannaeyjum heldur líka á Suðurlandi.

Það virðist vera ansi vinsæl upphrópun í dag að sveitarfélög og ríki megi ekki fara í neinar framkvæmdir þar sem taka þarf lán. Aðrir eru á móti því að lífeyrissjóðir séu að fjárfesta í samfélagslegum verkefnum o.s.frv. En ef verkefni skila góðum arði og geta borgað til baka þær skuldbindingar sem lagt er út í, þá skiptir litlu máli hvaðan peningarnir eru teknir að láni. Aðalatriðið er að slík verkefni séu sjálfbær þ.e.a.s. geti staðið undir sér og skapað atvinnu og skatttekjur bæði fyrir sveitarfélagið og samfélagið í heild.

### Fjölmannvirki

Hugmynd okkar Valgeirs gekk út á það að búa til fjölfjárfestingu, þar sem í einu mannvirki væru nokkur mannvirki sett saman í eitt. Nokkurs konar fjölmannvirki þ.e.a.s. hafnarmannvirki, skolpmannvirki, skipaþró og þurrkví. Gert er ráð fyrir að allra stærstu flutninga- og skemmtiferðaskip geti lagst að bryggju, eða í þurrkví. Þessi þurrkví myndi leysa af hólmi skipalyftuna sem er löngu orðin úrelt, barn síns tíma, og getur ekki sinnt lengur þjónustu við stærri skip útgerðarflota Eyjamanna. Tekjur hafnarinnar myndu margfaldast því öll skemmtiferðaskip

**➜ Hafnargarðurinn myndi nýtast sem skolpræsisstokkur og myndi ná allt að 500 metra út í sjó...**

sem koma til landsins geta lagst að bryggju og hægt væri með Herjólfi eða minni skipum að sigla með farþegana til Landeyjahafnar og þaðan um Suðurlandið í dagsferðir. Höfnin myndi nýtast stórum flutningaskipum sem þurfa á leið sinni yfir Norður-Íshafið að taka vistir, skipta um áhafnir og sinna ýmsu viðhaldi. Þetta myndi skapa fjölda afleiddra starfa í Eyjum.

Hafnargarðurinn myndi nýtast sem skolpræsisstokkur og myndi ná allt að 500 metra út í sjó og hægt væri að hafa þró í enda hans.

### Metnaðarfull og áhrifarík stefna

Hægri grænir er stjórnmálaflokkur sem leggur áherslu á atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni, með raunhæfri stefnu í atvinnumálum. Stórskipahöfn í Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn er eitt af þeim mörgu verkefnum sem flokkurinn telur að geti aukið atvinnutækifæri og tekjur á landsbyggðinni. Einhæft atvinnulíf hefur verið Akkilesarhæll landsbyggðarinnar og léleg stjórnun sjávarútvegsmála hefur á sumum stöðum orðið til þess að atvinnulífið hefur beinlínis þróast frá því að vera einhæft yfir í það að vera ekki neitt. Þeir stjórnmálaflokkar sem setið hafa við völd undanfarna áratugi hafa stuðlað að þessari þróun annaðhvort með röngum aðferðum eða aðgerðaleysi. Þjóðin vill ekki slíka þróun og hún er engum til hagsbóta. Ég skora á sem flesta að kynna sér stefnuskrá Hægri grænna á vefnum www.xg.is og taka þátt í að efla mannlíf og uppbyggingu heilbrigðara samfélags á Íslandi.

# Af hverju ekki að tryggja lýðræði í sjóðunum?

LÍFEYRISSJÓÐIR

Jóhann Páll Símonarson
sjómaður

Í grein minni þann 21. júlí 2012 undir fyrirsögninni Gegnsæið í lífeyrissjóðum kom fram að 17 milljónir króna renna til Fjármálaeftirlitsins í eftirlitsstörf frá Gildi. Athygli er vakin á þessu þar sem lífeyrissjóðurinn Gildi þarf ekki einu sinni að afhenda fundargerðir síðasta ársfundar, bjóða sjóðsfélögum að hlýða á fundargerðir, eða að láta bera ársreikninga Gildis upp til samþykktar, í skiptum fyrir þessar 17 milljónir króna. Okkur, sjóðfélögunum, kemur þetta ekkert við. Sjóðirnir hafa nefnilega komið því þannig fyrir að lögin girða fyrir að sjóðfélaginn geti sinnt eftirlitinu með því fé sem hann er skyldaður að greiða.

Skipuð var nefnd af Landssamtökum lífeyrissjóða til að fara ofan í rekstur sjóðanna sem ekki hafði valdheimildir til að krefjast þess að gögn, upplýsingar eða skýringar kæmu fram, líkt og rannsóknarnefndir Alþingis hafa samkvæmt lögum um rannsóknarnefndir, sbr. nr. 68/2011. Eftirlitsstofnanir með lífeyrissjóðum gátu borið fyrir sig þagnarskyldu í ríkum mæli. Ekki var hægt að kveðja fólk til skýrslutöku vildi það ekki gefa skýrslu, né heldur gat nefndin gert rannsóknir á vinnustað.

### Bannað

Fram kemur í lífeyrissjóðsskýrslunni að kaup í erlendum vogunarsjóðum hafi ekki verið til marks um varfærni í fjárfestingum fyrir árið 2008. Lífeyrissjóðurinn Gildi fjárfesti á þessum misserum þar sem lög banna sjóðnum að fjármagna sig með lántöku nema í undantekningartilfellum. Þetta er niðurstaða nefndar sem lífeyrissjóðirnir skipuðu sjálfir.

**➜ Ekki var hægt að kveðja fólk til skýrslutöku vildi það ekki gefa skýrslu...**

Í fjárfestingarstefnu Gildis var heimild til að fjárfesta í vogunarsjóðum. Úttektarnefndin var ekki á sama máli. Byggði hún rök sín á því að í 3. mgr. 38 gr. lífeyrissjóðslaga er bann lagt við því að lífeyrissjóðir taki lán nema í undantekningartilfellum. Vogunarsjóðir fjármagni sig með lántöku og skortsölum. Þá segir í skýrslunni í 9. mgr. 36 gr. lífeyrissjóðslaganna sbr. 4 gr. laga nr. 70/2004 sem breyttu þeim lögum, að lagt sé bann við því að lífeyrissjóðir fjárfesti eða eigi í fjárfestingarsjóðum skv. 7. til 1. mgr. greinarinnar sem fjármagna sig með þeim hætti. Fjárfestingar í vogunarsjóðum eru m.ö.o. bannaðar. Þess skal getið að Fjármálaeftirlitið gerði ekki athugasemdir við að lífeyrissjóðurinn minn væri í vafasömum viðskiptum við vogunarsjóð sem græddi eða tapaði miklu á einhverju sem við sjóðsfélagar vitum ekkert um. Talnaverkið fæst ekki gefið upp. Það sama á við afskriftir Gildis á skuldabréfum banka, sparisjóða og fyrirtækjaskuldabréfum sem komu hins vegar ekki fram að fullu fyrr enn á árinu 2009 og 2010. Af hverju skyldi það nú vera? Hvernig má það vera að Fjármálaeftirlitið getur ekki tryggt gegnsæi um risafjárfestingar sem varða þá sem eiga sjóðinn? Og af hverju hefur ríkisstjórnin sem nú fer senn frá ekkert gert til að tryggja raunverulegt lýðræði í lífeyrissjóðunum? Er það kannski af misskilinni stöðu með Gylfa Arnbjörnssyni og Vilhjálmi Egilssyni?

H:N markaðssamskipti / SÍA




## SKREYTTAR MANDARÍNUR

**Mandarínur eru bæði hollar og góðar. Nú er sá tími sem þær eru bestar og um að gera að notfæra sér það. Mandarínur má einnig nota sem jólaskreytingu. Negulnaglar eru þá settir í mandarínuna en það er bæði fallegt og gefur góða lykt.**



Glæsilegur og þægilegur

Misty - fyrir allar konur

teg 21323 - fæst í C,D skálum á kr. 5.800,- buxur í stíl kr. 1.995,-

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
lau 22. des kl. 10-18 og Þorláksmessa kl. 12-20
Vertu vinur



Eirberg
Höfuðljós
fyrir útivistarfólk
Opið kl. 9 -18 • laugard. 11 -16 • sunnud. 13 -17 • Stórhöfða 25 • eirberg.is





**HEITT Á KÖNNUNNI Í DAG** Harpa Kristjánsdóttir gullsmíðameistari rekur vinnustofuna og verslunina Agor í Súðarvogi 48. Þar verður boðið upp á kaffi og kökur í dag. MYND/VILHELM

# OPIÐ HÚS HJÁ AGOR

**ÍSLENSKT SKART** *Harpa Kristjánsdóttir gullsmíðameistari rekur vinnustofuna og verslunina Agor í Súðarvogi, en þar vinna fimm gullsmiðir að hönnun sinni. Heitt verður á könnunni í dag og jólaleg stemming.*

Ég leigi fjórum gullsmiðum vinnuaðstöðu. Hver og ein á sína hönnun og sína list en við sitjum ekki hver í sínu horni heldur erum við með sameiginlega heimasíðu og sameiginlega vinnustofu og verslun. Þannig blöndum við því saman að vera sjálfstæðar og að deila hugmyndum og auðvitað félagsskapnum," segir Harpa Kristjánsdóttir gullsmíðameistari, sem rekur gullsmíðaverslunina og vinnustofuna Agor í Súðarvogi 48.

Tæpt ár er síðan Harpa setti Agor á laggirnar, en hún innréttaði húsnæðið sjálf. Hún segir Súðarvoginn skemmtilegt hverfi og góðan stað til að bæði búa á og vinna.

„Hverfið hefur smám saman byggst upp sem íbúðir og vinnustofur listamanna en hér er iðnaðarhúsnæði sem byggt var í kringum 1960. Ég bý sjálf fyrir innan vinnustofuna og hér er afar notalegt að búa og vinna og nágrannarnir þekkjast vel. Ég er kennari við Tækniskólann og sá þetta fyrirkomulag sem tækifæri fyrir unga gullsmiði. Ég opnaði því vinnustofuna í mars og hún hefur smám saman verð að vinda upp á sig. Nú er opið á vinnustofuna og í verslunina alla virka daga hjá okkur," útskýrir Harpa og segir Agor í jólaskapi.

„Í dag ætlum við að bjóða gestum upp á kaffi og kökur fram til klukkan 22 í kvöld og þannig verður það alla daga fram að jólum."



**GULL OG GERSEMAR** Opið verður inn á vinnustofu gullsmiðanna í Agor í dag.

### HEIMASÍÐAN

***Heimasíða Agor verður opnuð innan skamms á slóðinni www.agor.is. Þá er einnig hægt að fylgjast með Agor á Facebook.***

Jólagjöfin hennar
Stærðir 36 – 42,5
hjá Hrafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
laugardaga frá kl. 10-16



2x90x200 cm með okkar bestu IQ heilsudýnu
Verð aðeins kr. 349.900
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ
GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT
Hafðu það gott um jólin!
Þú færð jólagjöfina hjá okkur
Úrval af sænguverasettum, sloppum, koddum o.fl.
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
*3.5% lántökugjald
20% afsláttur
Jólagjöfin í ár
Hágæða sængurverasett og sloppar - Mikið úrval
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum




















# FJÖLBREYTTARI HERRATÍSKA

**JÓLAKLIPPINGIN** *Gunnar Ólafsson viðskiptafræðingur sest í stólinn. Ingólfur Grímsson mundar skærin og vinnur sig í gegnum hárið. Að verki loknu situr vel snyrtur maður í stólnum með klippingu í anda stríðsáranna.*

Daginn sem það verður litið að gera hjá okkur í kringum jól, er dagurinn sem ég læt af störfum," segir Sigurborg Íris Hólmgeirsdóttir, á hárgreiðslustofunni Hárbeitt í Hafnarfirði, sem fengin var til að fræða okkur um herratískuna í dag. „Ég myndi segja að snyrtileg klipping væri málið. Ekki rakaðar hliðar og villt og ýft hár heldur snyrtilegt, glæsilegt og vel greitt í anda stríðsáranna."

Allt er leyfilegt, allt er töff og af sem áður var. „Annars er allt orðið leyfilegt í dag og breytingin í herratískunni undanfarin ár hefur verið gríðarleg, bæði hvað snertir hár, fatnað og fleira. Fjölbreytileikinn er áberandi og frjálsræði karlmanna meira þegar kemur að tísku. Þeim leyfist meira í dag og gera það hispurslaust."

Karlar með lubba, karlar með skegg, vel snyrtir karlar, rakaðir hnakkar, karlar í skræpóttum buxum og karlar í jakkafötum. „Það er sama hvar maður drepur niður fæti, snyrtimennska er samnefnari fyrir þetta allt. Einu sinni var sá sem var illa rakaður og með lubba oftast druslulegur í klæðaburði. Núna eru menn með skegglubba og millisítt hár í flottum tískufatnaði frá toppi til táar og sæmilega vel greiddir. Þeir eru alveg jafn samþykktir og menn með vel snyrt hár í jakkafötum."

**vidir@365.is**

**1. ALLT LEYFILEGT**
Herraklippingin fyrir jólin gengur út á að vera snyrtileg.

**2. STRÍÐSÁRATÍSKA**
Snyrtilegur og vel greiddur maður er vel búinn fyrir hátíðina.

**3. SNYRTILEGT**
Stutt í hnakkann.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**






Íslensk hönnun

# Jólatilboð

## Jólaafsláttur af völdum vörum



Birki rúmföt -15%



Blómahaf NÝTT -15%



Allar jólavörur -30%



Handklæði - 25%



Klifurrós - 15% afsláttur


Stafrófið - 20% afsláttur



Stök koddaver - 20%



Rókókó rúmföt -15%



Hestarúmföt
9.990 kr (áður 12.790 kr)



Dúkar 25-30% afsláttur


Baðsloppar - 20%



Gleym mér ei -15%

## *Mjúka jólagjöfin fyrir alla í fjölskyldunni*

Opið til kl 20 alla daga fram að jólum

**Tilboðin gilda í verslun og vefverslun fram að jólum**

Sendum frítt úr vefverslun
www.lindesign.is

Lín DESIGN

**Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is**




LAGERSALA

Lagersala Ármúla 22 2. Hæð

Fullt af frábærum jólagjöfum á frábæru verði

Fullt af nýjum vörum

Opið alla daga frá 10-17 nema miðvikudaga 10-19















**Í BEINNI** Stöðugur straumur efnis var sendur gegnum samfélagsmiðla frá tískuvikunni í London í september. MYND/AFP

# SAMFÉLAGSMIÐLAR NÝTAST TÍSKUNNI

**TÍSKAN Á VEFNUM** *Tískuvörufyrirtæki um allan heim nýta sér ýmsa samfélagsmiðla til að kynna vörur sínar og viðhalda viðskiptatryggð.*

Tískuiðnaðurinn hefur að mörgu leyti verið seinni til að nýta sér samfélagsmiðla en ætla mætti, þá sérstaklega stóru alþjóðlegu fyrirtækin. Miklar breytingar hafa þó átt sér stað á þessu ári. Mörg stærstu tískumerki heims eru farin að nýta sér ólíka samfélagsmiðla, til dæmis til kynningar á nýjum vörum sínum, sölu þeirra og ekki síst til að styrkja samband sitt við viðskiptavini. Þessa þróun mátti meðal annars sjá á stóru tískuvikunum fjórum í ár sem haldnar voru í London, Mílanó, París og New York. Þaðan barst stöðugur straumur frétta, ljósmynda, myndbanda og ýmissa upplýsinga frá fyrirtækjunum sjálfum, fjölmiðlum og tískubloggurum í bland við almenning. Facebook er í dag mest notaðasti samfélagsmiðillinn en aðrir vinsælir eru Twitter, Tumblr, Instagram, You Tube og Pinterest.

Meðal stóru tískumerkjanna sem hafa gengið vel með notkun samfélagsmiðla eru Topshop. Á tískuvikunni í London horfðu tvær milljónir manns frá meira en 100 löndum á beina útsendingu gegnum vefinn af nýjustu vörulínunni frá Topshop Unique. Auk þess sáu um 200 milljónir manns ljósmyndir og annað efni gegnum Facebook síðu fyrirtækisins. Það sem skipti þó meira máli er að notendur gátu keypt þann varning sem verið var að sýna hverju sinni. Þannig seldist kjóllinn upp sem fyrst var sýndur á sýningunni í London áður en sýningunni sjálfri lauk.

**FACEBOOK VINSÆLT**

Það vekur líka athygli að hið 156 ára breska tískuveldi Burberry er mjög duglegt að nýta sér samfélagsmiðlana. Fyrirtækið er með yfir milljón fylgjendur á Twitter og um 15 milljónir fylgjenda á Facebook, þá aðallega ungt fólk.

Minni tískuvörumerki víða um heima hafa þó fyrir löngu séð kosti þess að nýta sér samfélagsmiðla til að efla vöxt fyrirtækja þeirra, bæði íslensk fyrirtæki og erlend. Þetta á ekki síst við um fyrirtæki og hönnuði frá litlum markaðssvæðum eða löndum sem eru minna þekkt á þessu sviði, til dæmis frá Mið-Austurlöndum, Afríku og Asíu.

■ starri@365.is

# LOÐ OG LEÐURHANSKAR

***Jólafylgihlutir*** *Það eru einkum tveir fylgihlutir sem fullkomna jóladressið á norðlægum slóðum en það eru loðkragar og leðurhanskar.*

Það setur mikinn svip á jólakápuna að bera hvítan loðkraga við og fátt er dömulegra en háir leðurhanskar. Pelsar og loðhúfur hafa sömuleiðis yfir sér hátíðlegan blæ og margir dúða sig í pels áður en haldið er í jólaboð eða jólamessu. Það er bara ekki hægt að vera mikið fínni.

Kosturinn við þessa fylgihluti er sá að bæði loðið og leðrið halda á eigandanum hita enda ekkert smart að standa í sparifötunum í vetrarfrosti skjálfandi eins og hrísla. Hægt er að fá loðkraga á góðu verði í fjölmörgum „second hand“ búðum víðs vegar um borgina, bæði ekta og gervi, og leðurhanskar fást víða. Þeir eru sömuleiðis með sígildari jólagjöfum og gleðja konur sem karla.

Af öðrum sígildum jólafylgihlutum má nefna skærrautt naglalakk, litlar handtöskur og gullskart. Jóladressið sjálft getur verið einfalt og klassískt ef þessir hlutir eru notaðir til að poppa það upp.



**SÍGILD JÓLAGJÖF** Leðurhanskar eru sparilegir og gleðja karla sem konur.



**HLÝTT OG NOTALEGT** Pels fer vel yfir sparidressið sem og fallegur loðkragi.

# ÚR

FIMMTUDAGUR **20. DESEMBER 2012**

**Kynningarblað**

**Sérsmíði, viðgerðir, íslensk hönnun, sælgætisúr og árleg úrasýning.**



# Meba rhodium tekur vel á móti þér

Meba rhodium er 65 ára gamalt fjölskyldufyrirtæki sem rekur þrjár úra- og skartgripaverslanir í Kringlunni og Smáralind. Persónuleg þjónusta, fjölbreytt vöruúrval og verð sem henta öllum eru leyndarmálið á bak við gott gengi og langa sögu fyrirtækisins.

Síminn hringir og viðkunnanleg rödd svarar. „Meba Rhodium, Björn, get ég aðstoðað." Í bakgrunni heyrast hamarshögg, dynkir og raddir í gull- og skartgripasmiðum við iðju sína. Björn er staddur á verkstæði fyrirtækisins. „Ég lærði úrsmíði í danska úrsmíðaskólanum og útskrifaðist árið 1970. Síðan þá hefur ótrúlega margt breyst, bæði í rekstrinum og vörunum. Verslanir okkar eru orðnar þrjár auk verkstæðis með allt að 50 starfsmenn þegar mest er að gera. Allt rekið á sömu kennitölu frá upphafi," segir Björn Árni Ágústsson, stoltur af fyrirtækinu sem tengdafaðir hans stofnaði fyrir 65 árum.




Björn Árni Ágústsson, eigandi Meba Rhodium, segir að þar megi finna eitt fjölbreyttasta úrval úra á landinu auk fallegra skartgripa, bæði eftir íslenska skartgripasmiði og erlenda á verði sem hentar öllum. MYND/VILHELM

**Þrjár verslanir**

Verslanirnar þrjár eru Meba á neðri hæð Kringlunnar og Rhodium á efri hæðinni þar sem meiri áhersla er lögð á vörur fyrir yngri kynslóðir. Í Smáralindinni er svo nýjasta búðin, Meba Rhodium, með svipað vöruúrval og Meba. Allar verslanirnar eiga það sameiginlegt að bjóða gæðavöru á góðu verði.

**Góð þjónusta, gæði og verð**

Meba Rhodium selur mörg af bestu úramerkjum heims; Tissot, Raymond Weil, Seiko, Orient og fleiri. „Ég hugsa að við séum með eitt mesta vöruúrval landsins af úrum, svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Þá veitum við einnig alla nauðsynlega þjónustu vegna viðhalds og viðgerða."

**Sérsmíði, viðgerðir og íslensk hönnun**

Skartgripir nokkurra efnilegustu gull- og skartgripasmiða landsins eru seldir í Meba Rhodium auk vandaðra innfluttra skartgripa. „Flestar okkar vörur flytjum við beint inn frá framleiðanda sem lækkar vöruverð og leyfum to við viðskiptavinum að njóta þess." Þá ráðleggur Björn fólki að selja ekki gamla gullskartgripi fyrir slikk til gullsala. „Betra og hagstæðara er að koma með það til okkar, við bræðum það og búum til nýja fallega skartgripi. Við sérsmíðum skartgripi, gröfum í þá og fleira. Allt eftir óskum viðskiptavinarins."

**Barnaúr, skírnargjafir og fleira**

Eitt landsins besta úrval skírnargjafa er að finna hjá Meba Rhodium. Meðal þess eru skartgripir, skrín, myndaalbúm, rammar, klukkuskeiðar, hringlur og fleira. „Ég mæli með því að fyrstu barnaúrin séu vísaúr. Enda flestar klukkur á almannafæri enn með vísum og nauðsynlegt að börn læri á þær. Þau geta fengið sér tölvuúr seinna. Við erum með mjög gott úrval af vönduðum barnaúrum."

Nánari upplýsingar um vörur og þjónustu Meba Rhodium er að finna á www.mebarhodium.is og á Facebook undir Meba/Rhodium.




Verslanirnar eru þrjár, Meba í Kringlunni, Rhodium í Kringlunni og Meba Rhodium í Smáralind. MYND/VILHELM

## FRÓÐLEIKSMOLAR BJÖRNS ÁRNA UM ÚR

- **Kvars** er kristallstegund með mjög nákvæma sveiflutíðni upp á 32,768 hertz á sekúndu og er notað í gangverk úra. Sveiflutíðni þess sér til þess að úr gangi rétt og stýrir takti gangverksins. Ein mikilvægasta tækniframför úrabransans frá upphafi.
- Ef fólk er með segularmband um úlnliðinn sem liggur upp við úr getur það truflað gang úrsins.
- Eitt af því mikilvægasta við úr er að þéttleiki úrkassans sé góður.
- Ef fólk á mörg úr sem notuð eru til skiptis er gott að toga stillitakkann út í vísafærslu. Þá hættir það að ganga, sem bæði sparar úrið og rafhlöðuna. Líkt og þegar drepið er á bíl þegar ekki er verið að aka honum.
- Mikilvægt er að koma með úr og skartgripi reglulega í hreinsun.
- Þegar úr eru merkt 50m þýðir það ekki að hægt sé að fara með það á 50 metra dýpi heldur er það miðað við ákveðinn þrýsting. Sé hins vegar farið með úrið í sund og því skellt nokkrum sinnum í vatnið og hreyft undir þrýstingi fer vatn auðveldlega inn í það.
- Gott getur verið að eiga þrjú úr; eitt sem er vel vatnshelt, annað fyrir viðgerðir og skítverk og það þriðja fyrir hátíðlegri stundir. Agalegt er að fara í hvíta skyrtu með úr sem smitar óhreinindum í skyrtuna.



Starfsmenn Meba Rhodium á fullu við vinnu sína á verkstæðinu. MYND/VILHELM

# Úr prentuð í þrívídd

**Austuríski hönnuðurinn Paul Kweton hefur hannað fjölda skemmtilegra og sniðugra armbandsúra. Sælgætisúrið er eitt af þeim sem komu út á þessu ári.**

Candy watch eða sælgætisúrið eftir austuríska hönnuðinn Paul Kwetan er búið til með þrívíddarprentun.

Úrið er samsett úr tveimur hlutum á þverveginn sem hönnuðurinn segir nýjung í samsetningu úra en með því sé hægt að blanda saman mismunandi litasamsetningum. Einungis ólin og gangverkið eru ekki prentuð í þrívíddarprentara.

Hönnuðurinn segist sjá fyrir sér að í framtíðinni geti fólk pantað armbandsúr og jafnvel aðra hluti á netinu og prentað þá sjálft út heima.

Nánar má forvitnast um hönnun Pauls á vefsíðunni www.paulkweton.com en hann hefur hannað fjölda armbandsúra í hinum ýmsu útfærslum.



Sælgætisúrið fer vel á hendi.



Á heimasíðunni www.paulkweton.com má sjá fjölda annarra úra eftir hönnuðinn, hvert öðru skemmtilegra.





Úrið kemur í tveimur hlutum, pakkað inn í filtefni en notandinn setur það saman.



Sælgætisúrin eru framleidd með þrívíddarprentun sem hönnuðurinn Paul Kweton segir framtíðina.

MYND/PAUL KWETON

## ARMBANDSÚRIÐ LIFIR ENN

**Þótt tími** dagsins sé sýnilegur nær alls staðar fyrir framan flest okkar alla daga ársins er armbandsúrið síður en svo að úreldast. Flest höfum við síma í vasanum sem inniheldur klukku, sitjum við tölvuskjá allan daginn sem sýnir tímann eða göngum reglulega fram hjá klukkum á opinberum stöðum. Auk þess erum við minnt á það reglulega á útvarps- og sjónvarpsstöðvum landsins hvað tímanum líður. Þarf einhver virkilega armbandsúr lengur?

Armbandsúrin hafa í langan tíma ekki einungis gegnt því hlutverki að segja okkur hvað tímanum líður heldur einnig gegnt hlutverki skartgrips eða jafnvel stöðutákns. Sala á úrum hefur minnkað jafnt og þétt samfara aukinni farsímaeign almennings og því eðlilegt að spurt sé hvort armbandsúrið sé ekki í útrýmingarhættu. Svo þarf þó alls ekki að vera. Mörgum finnst enn óþægilegt að líta á klukkuna í símanum við ýmsar aðstæður, til dæmis á fundi, í kirkju eða í skólastofunni. Þá er auðveldara að líta á armbandsúrið. Það er hægt að týna símanum sínum en maður týnir armbandsúrinu ekki svo glatt. Margir úraframleiðendur eru einnig farnir að markaðssetja flott úr á sanngjörnu verði sem höfða til ungs fólks, oft í samstarfi við ýmsar stórstjörnur. Um leið hefur framleiðendum og verslunum líka tekist að gera úrið aftur „kúl“ hjá unga fólkinu. Margir sérfræðingar í greininni spá einnig áframhaldandi sölu á mjög dýrum úrum. Margir snjallsímar innihalda auk þess svo marga notkunarmöguleika að mörgum þykir vafalaust einfalt notagildi úrsins í bland við fallega hönnun þess vera ákjósanlegur kostur. Fréttir um dauða armbandsúrsins eru með öðrum orðum stórlega ýktar.



**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Sverrir Birgir Sverrisson , sverrirbs@365.is, s. 512-5432
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.



# TANNLÝSING

**Kynningarblað**
Tannlýsingarefni, aðferðir, uppbygging tanna, tannlýsing áður fyrr og góð ráð.

FIMMTUDAGUR **20. DESEMBER 2012**


# Tannlýsingarefni sem tannlæknar mæla með

Allir fjölskyldumeðlimir geta notað GUM Original White tannlýsingarefnið sem fæst í öllum apótekum, Fjarðarkaupum og verslunum Hagkaups um allt land. Vörulínan inniheldur bæði öflugt munnskol og tannkrem. Mikilvægt er að hugsa vel um tennurnar yfir hátíðarnar.


„Efnið hreinsar burt gamla bletti og óhreinindi og fyrirbyggir nýja bletti," segir Birna Gísladóttir, sölu- og markaðsstjóri hjá IceCare. MYND/GVA

GUM Original White-tannlýsingarefnið er öflugt munnskol og tannkrem sem gera tennurnar hvítar og gefa fallegra bros. Tannlæknar mæla með GUM Original White-tannvörunum. Efnið verndar tennurnar, viðheldur almennri tannheilsu og heilbrigði tanna og tryggir auk þess að tennurnar haldi sínum styrk. „Efnið hreinsar burt gamla bletti og óhreinindi og fyrirbyggir nýja bletti. Tennurnar fá sinn upprunalega lit aftur," segir Birna Gísladóttir, sölu- og markaðsstjóri hjá IceCare. „Markmið fyrirtækisins er að bjóða upp á breytt vöruval af tannvörum og heilsuvörum sem bæta heilsu viðskiptavina á hagstæðu verði."

## Engin bleikiefni

Birna segir GUM vera sérstaka blöndu sem varin er einkaleyfi og hreinsar betur en bleikiefni. „Varan inniheldur hins vegar engin bleikiefni en þau geta skaðað náttúrulega vörn tanna. Slípimassinn er svo agnarsmár að hann eyðir ekki glerungi eins og mörg önnur hvíttunarkrem geta gert."

Allir geta notað GUM að staðaldri og bæði tannkremið og munnskolið innihalda mikið flúor að sögn Birnu. „Allir í fjölskyldunni geta notað GUM Original White, því að efnin fara vel með tennurnar, tannholdið og slímhúðina í munnholinu."

Gæði tannkrema frá GUM eru mikil og fólk getur notað miklu minna magn í hvert skipti þegar tannburstað er, þar sem tannkremið er mjög drjúgt. Því nýtist túpan lengur en venjulega. „Það er óþarfi að setja mikið tannkrem á tannburstann, nóg er að nota aðeins smávegis á burstann í hvert skipti sem burstað er. Það dugar í hverja tannburstun. Þannig kemur verðið út á svipuðum nótum og önnur tannkrem, þar sem svo lítið magn þarf á burstann í hvert skipti þegar burstað er."

## Meira glansandi tennur

Þegar GUM Original White-tannvörurnar eru notaðar finnur fólk fyrir því að tennurnar verða meira glansandi og það myndast ósýnileg húð yfir tennurnar sem kemur í veg fyrir að tannsýklar festist við þær. „Við þurfum öll að hugsa sérstaklega vel um tennurnar yfir hátíðarnar. Við borðum almennt mun meira af sykri yfir jólahátíðina en aðra daga ársins," segir Birna. „Auk þess drekkur fólk mikið kaffi, te og dökka drykki á aðventunni og því kemur Original White tannkremið og munnskolið sterkt inn í desember."

GUM Original White fæst í öllum apótekum, Fjarðarkaupum og verslunum Hagkaups.



# Tannhvíttunarfræðingar ekki til

Hreinar tennur viðhalda náttúrulega hvítum lit sínum lengur, segir **Kristín Heimisdóttir**, formaður Tannlæknafélags Íslands. Hún segir mikilvægt að litur tanna sé ekki lýstur nema tannlæknir hafi kannað heilbrigði tanna og munnhols á undan meðferðinni.

Allt er best í hófi og stundum fer fólk offari í lýsingu tanna sinna. Því er sjálfhætt þegar tennur hafa náð fallegum, heilbrigðum lit og ekkert eðlilegt við bláhvítar, sjálflýsandi tennur í fullorðnu fólki," segir Kristín Heimisdóttir, formaður Tannlæknafélags Íslands.

Kristín er sérfræðingur í tannréttingum og fæst ekki við tannlýsingu á sinni tannlæknastofu.

„Allar tennur verða hvítari við reglulega hreinsun. Frá náttúrunnar hendi eru tennur mjög mismunandi að lit og barnatennur töluvert hvítari en fullorðinstennur sem skýrist af þykkara tannbeini og tanngerð," útskýrir Kristín.

Hún segir sífellt fleiri óska eftir hvítari tönnum hjá tannlæknum.

„Útlitskröfur aukast jafnt og þétt og nú er orðið óþekkt að fólk á miðjum aldri sé ekki með sínar eigin tennur. Eins og með allt sem er í sífelldri notkun láta tennur á sjá með tímanum og því mikilvægt að hugsa rétt um tennurnar svo þær líti vel út fram eftir aldri."

### Heilbrigðar, hvítar tennur

Að sögn Kristínar er mikilvægt að tannhold og tennur séu heilbrigðar áður en farið er út í lýsingu tanna.

„Lýsing er punkturinn yfir i-ið á heilbrigðum tönnum. Því þarf að byrja á byrjuninni og láta tannlækni fjarlægja tannstein og skoða annað sem lýtur að heilbrigði tanna og munnhols."

Hún ítrekar mikilvægi góðrar munnhirðu.

„Tannburstun kvölds og morgna og notkun tannþráðar einu sinni á dag viðheldur heilbrigði tanna og hvítum lit þeirra. Til eru tannkrem sem lýsa upp tennur en áhrifin eru minniháttar í samanburði við lýsingu hjá tannlækni. Skynsamlegt er að hafa í huga að slík tannkrem innihalda meira magn slípiefna en ella og geta verið varasamt fyrir glerung tannanna til lengdar. Skilyrðið er að öll tannkrem innihaldi flúor sem verndar og herðir glerunginn."

### Fagfólk annist lýsingu tanna

Samkvæmt lögum á Íslandi og innan Evrópusambandsins mega tannlæknar og tannfræðingar einir nota vetnisperoxíð sem er sterkara en 0,1 prósent eða sambærileg efni (carbamide peroxide).

„Vetnisperoxíð er virka efnið í tannlýsingu og skaðlegt ef notað í of miklu magni. Því er fagfólki einu leyft að nota það til lýsinga. Tannhvíttunarfræðingur er starfsheiti sem notað hefur verið yfir þá sem sótt hafa námskeið í lýsingu tanna en það fagheiti er hvorki til né löggilt á Íslandi," útskýrir Kristín og vísar til lýsingameðferða sem veittar eru á snyrtistofum.

„Lýsing má fara fram á snyrtistofum ef tannlæknir eða tannfræðingur framkvæmir hana. Snyrtistofur mega nota vetnisperoxíð með minna en 0,1 prósents styrk en það gerir ekkert gagn. Sumir nota einnig LED-ljós til tannlýsinga en það þurrkar tennurnar í stuttan tíma og hefur tímabundin áhrif sem ganga fljótt til baka."

Kristín segir tannlýsingu geta valdið skaða og miklu tannkuli.



Kristín Heimisdóttir er formaður Tannlæknafélags Íslands. Hún segir mikilvægt að fólk sé meðvitað um að lögum samkvæmt mega tannlæknar og tannfræðingar einir lýsa tennur með virkum efnum sem duga til þess. MYND/GVA

„Ef tönn er skemmd eða opin inn í taug getur það valdið slæmu áreiti á taugina og jafnvel drepið hana. Því þarf alltaf að ganga úr skugga um heilbrigði tanna áður en áfram er haldið.

Kristín bendir á að allt sem fólk setur ofan í sig hafi áhrif á tennur og heilbrigði munnhols.

„Kaffi, dökkir gosdrykkir og te geta dekkt tennur með tímanum þótt te sé líka gott fyrir tennurnar vegna flúorinnihalds. Verst statt er þó reykingafólk og þeir sem taka í vörina. Tóbak hefur verulega slæm áhrif á tannheilsu og gerir lit tanna einkar óaðlaðandi. Það hefur einnig mjög slæm áhrif á tannholdssjúkdóma og veldur því að heilbrigðar tennur geta losnað þar sem kjálkabeinið getur rýrnað með þeim afleiðingum að tönnin missir festu."



## *Hland, skurn og klaufir*

Hvítar tennur hafa verið eftirsóknarverðar árþúsundum saman og löngu áður en tælandi, bláhvít Hollywood-bros fóru að vekja löngun almennings til tannlýsinga.

Til forna smurðu Grikkir tennur sínar með öflugu kremi sem þeir blönduðu úr muldum uxaklaufum, eggjaskurn, vikri og vatni, í þeim eina tilgangi að gera tennur sínar hvítari. Rómverjar af tignum ættum gerðu sitt eigið tannkrem þar sem uppistaðan var fokdýrt innflutt hland, alls óméðvitaðir um að ammoníaksameindir í þvaginu lýstu upp gulan lit tanna þeirra. Á tímum endurreisnarinnar notuðu fleiri hégómafullir Evrópubúar vafasamar efnablöndur á tennur sínar í von um bjartara bros en til allrar óhamingju nöguðu þær glerunginn af tönnunum. Þeir höfðu því skjannahvítar tennur um tíma en fóru fljótt að upplifa alvarlegar tannskemmdir.





# EKKI TREYSTA HVERJUM SEM ER FYRIR TÖNNUNUM ÞÍNUM

TANNHVÍTTUN ÆTTI ALLTAF AÐ FRAMKVÆMA HJÁ TANNLÆKNI



Lýsing tanna skilar oft fallegra brosi og betra útliti, sé munnurinn heilbrigður. Allt er þó best í hófi og setja ber heilbrigðið ofar öllu.

## Af hverju stafar litur tanna ?

Það sem ákvarðar lit tanna er annarsvegar litur tannbeins og hinsvegar yfirborðslitur.

Dökkir drykkir, reykingar, tannsteinn og önnur óhreinindi geta haft áhrif á yfirborðslit tanna. Silfurfyllingar gefa jafnframt dökkan lit sem og gamlar viðgerðir (postulín og plast). Slitnar tennur litast hraðar en óslitnar.

Sumir eru með dökkar tennur í grunninn, en þá er tannbeinið dekkra að lit.

## Hvað er til ráða?

Til að sem bestur árangur náist við tannhvíttun þarf að meta hvert tilfelli fyrir sig. Við gætum þurft ólíka meðferð til að ná fram bjartara brosi.

Almenn tannhreinsun þar sem yfirborð tanna og róta er hreinsað bætir ekki einungis útlit og lýsir tennur, heldur er hún einnig nauðsynleg til að viðhalda heilbrigði tanna og tannvegs. Oft er þessi meðferð nóg til að viðhalda fallegum og hvítum tönnum. Því er mikilvægt að fara reglulega til tannlæknis í tannhreinsun og almennt eftirlit.

Stundum næst ekki góður litur nema með því að endurnýja fyllingar og lýsa tannbein. Á dökkar rótfylltar tennur er postulínsskel stundum eina leiðin til að fá góðan lit. Tannbein sem er mjög dökkt er svo hægt að reyna að lýsa en tennur taka misvel við lýsingu. Það gengur t.d. betur að lýsa gult tannbein heldur en brúnt eða grátt. Ef viðhalda á litnum þarf að skerpa á lýsingunni á u.þ.b. tveggja til þriggja ára fresti.

Slit tanna þarf að laga með plastfyllingum til að koma í veg fyrir frekari litun í framtíðinni.







## Tannhvíttun

Efnin sem notuð eru til að lýsa tennur innihalda peroxíð í mismunandi formi og styrk. Á markaðnum í dag eru allskyns strimlar, tannkrem, pennar og munnskol, sem ekki eru sterk, innihalda 0,1% peroxíð eða minna og eru heimil í almennri sölu. Þessi efni eru fín í hreinsun á yfirborðslit en ekki hefur verið sýnt fram á með rannsóknum að þau lýsi tannbein.

Sterkari efni er svo hægt að fá hjá tannlæknum og fer lýsingin þá fram með skinnum eða við stól hjá tannlækninum.

Í þeim tilfellum eru sterk efni notuð og þess vegna þarf að verja tannholdið og hafa sjúklinginn undir eftirliti.

## Aukaverkanir og varnaglar

Aukaverkanir eru helst kul sem getur varað allt að sólahring eftir að hætt er að lýsa – og tennur eru líka mótækilegri fyrir lit á þessum tíma.

Ef óvarlega er farið geta tennur og tannhold skaðast. Tennur geta orðið stökkari, glærar og mjög næmar.

Aldrei skyldi reyna lýsingu nema um heilbrigðar tennur og munnhol sé að ræða.

Ekki má lýsa tennur sem eru með skemmdir eða ónýtar fyllingar.

Sjúklingar með mjög slitnar tennur og bert tannbein eru líklegri til að fá aukaverkanir sem og mjög ungir einstaklingar, þar sem taugin í tönnum þeirra er mjög stór.

Lýsing með sterkari efnum en þeim sem selja má í almennri sölu ætti alltaf að vera undir eftirliti tannlækna enda er ekki um hættulausa meðferð að ræða.

Velja þarf tilfellin þar sem lýsing kemur að gagni – og þar sem hún er skaðlaus.

Tannlæknafélag Íslands

PIPAR\TBWA • SÍA • 113504



## AF HVERJU ERU TENNUR HVÍTAR?

Tennur eru að mestu úr beini og eru bein- eða gráhvítar. Utan um tannbeinið sem stendur upp í munnholið er hart lag sem kallast glerungur sem er harðasti vefur líkamans. Hann er hálfgagnsær og litur hans allt frá ljósgulum yfir í gráhvítan. Þar af leiðandi ræðst litur tanna okkar bæði af gerð glerungs og tannbeina sem sjást í gegnum glerunginn.

Nýjar tennur eru hvítar og fínar en dökkna með tímanum. Ýmis matur getur litað tennurnar, en til að byrja með er liturinn aðeins á yfirborðinu og hægt að fjarlægja megnið af honum. Með tímanum berast þó litarefnin inn í glerunginn svo hann dökknar og á endanum dökknar tannbeinið líka. Þetta tvennt eru ástæður þess að tennur dökkna með tímanum.

*heimild: www.visindavefur.hi.is*



## NÝTT UPPHAF

**Það stoðar** lítið að lýsa skemmdar og óheilbrigðar tennur og þannig er ekki hægt að breiða yfir vandann. Því mæla tannlæknar með því að tennurnar séu lagfærðar og hreinsaðar áður en lýsing er framkvæmd, sé þess þörf. Þá er ekki hægt að endurtaka lýsinguna oft á ári enda eiga tennurnar það til að verða viðkvæmar á eftir og margir upplifa tannkul í einhvern tíma. Því skiptir umhirða tannanna eftir sem áður miklu.

**Hafir þú** lýst tennurnar skaltu reyna að viðhalda hvíta litnum með góðri umhirðu. Hægt er að líta á lýsinguna sem nýtt upphaf. Mikilvægt er að bursta tennurnar að minnsta kosti tvisvar á dag og hafir þú ekki notað tannþráð áður er best að taka upp þann sið. Hann skal án undantekninga nota einu sinni á dag enda nær tannburstinn aldrei að hreinsa allt sem festist á milli tannanna. Fái það að búa um sig þar í lengri tíma myndast tannskemmdir og tannholdsbólga auk þess sem skortur á notkun tannþráðs er ein af meginorsökum andremmu.

**Það borgar** sig líka að heimsækja tannlækninn tvisvar á ári, láta hreinsa tannstein, ef þarf, og verja tennurnar með flúori. Þá getur verið gott að nota tækifærið og draga úr te- og kaffidrykkju í kjölfar tannlýsingar en báðir þessir drykkir lita tennurnar.

## MATUR SEM LITAR TENNUR

**Það sem við látum upp í okkur getur litað tennurnar. Hér eru tíu tegundir matar og drykkjar sem geta litað tennurnar:**

1. Kaffi. Fæstir bursta tennurnar eftir hvern kaffibolla. Því liggur kaffið á tönnunum og litar þær gular.
2. Te litar nánast allt yfirborð sem það kemst í snertingu við.
3. Rauðvín skilur eftir gráa slikju á tönnunum.
4. Litað sælgæti eins og hlaup fær oft að liggja lengi í munninum.
5. Hnetur og ber. Athugið að blek var í eina tíð unnið úr berjum og hnetum!
6. Ávaxtasafi og ávaxtadrykkir með gervilitarefnum lita tennur.
7. Litað gos bæði skemmir og litar glerunginn á tönnunum.
8. Sojasósa getur skilið eftir brúna slikju á tönnum.
9. Karrý og túrmerik eru krydd sem skilja eftir sig sterkan lit.
10. Munntóbak og sígarettur lita tennurnar brúnar eða gular.

*Heimild: www.yahoo.com*








Mennirnir á bakvið JS Watch co. Reykjavík eru Gilbert Ó. Guðjónsson, Sigurður B. Gilbertsson, Júlíus S. Heiðarsson og Grímkell P. Sigurþórsson.

# Eftirsótt íslensk gæðaúr

JS Watch co. Reykjavik er eini íslenski úraframleiðandinn og eru úrin íslensk frá grunni. Úr er sígild jólagjöf sem klikkar seint enda bæði skart og nytjahlutur. Í JS úrunum fer saman glæsileg hönnun, gæði og fyrsta flokks úrverk.

JS Watch co. Reykjavík úrin eru hönnuð á teikniborði þeirra félaga, Grímkels Sigurþórssonar hönnuðar, Sigurðar Gilbertssonar tæknistjóra og Júlíusar Heiðarssonar flugstjóra. Allir íhlutir úrsins eru síðan sérframleiddir eftir þeirra hönnun í mörgum sérhæfðum verksmiðjum í Þýskalandi og Sviss og settir saman hér á landi undir ströngu gæðaeftirliti Gilberts Ó. Guðjónssonar úrsmíðameistara sem nýtir áralanga þekkingu og reynslu sína af úrsmíði til að tryggja að hvert og eitt úr standist ströngustu kröfur.

„Úr er sígild jólagjöf sem klikkar seint enda bæði skart og nytjahlutur. Frá upphafi framleiðslunnar hefur verið leitast við að sameina, glæsilega hönnun, gæði, fyrsta flokks úrverk og falleg armbönd. Vönduð úr eru munaðarvara og fylgihlutur sem bæði karlmenn og konur njóta að velja, bera og eiga. En úr er ekki bara skartgripur. Það er nytjahlutur sem hjálpar okkur að gegna skyldum okkar, halda loforð og skapa góðar minningar,“ segir Gilbert

Sérstaða úranna á íslenskum markaði gerir það að verkum að erlendir gestir og úrasafnarar sækjast gjarnan eftir úrunum. „Það eru margir frægir sem bera úr frá JS en vitaskuld líka almenningur allur. Meðal þekktra einstaklinga má þó til gamans nefna Quentin Tarantino, Jude, Law, Viggo Mortensen, Elvis Costello, Constantine Grikklandskonung, Yoko Ono, Sean Lennon, Dalai Lama og Tom Cruise,“ upplýsir Gilbert.

> **Það eru margir frægir sem bera úr frá JS en vitaskuld líka almenningur allur.**

Meðal nýjunga hjá JS Watch co. Reykjavík eru úr sem eru sérstaklega framleidd fyrir Landhelgisgæslu Íslands. Þau bera nafnið Sif N.A.R.T. , í höfuðið á björgunarþyrlunni Sif sem þjónaði Íslendingum í 22 ár en endaði með því að farast í Straumsvík árið 2007, en N.A.R.T stendur fyrir North Atlantic Rescue Timer,“ segir Gilbert. „Þessi úr eru vatnsheld niður á 1.000 metra dýpi og eru þau hönnuð til að standast veður og sjóskilyrði við erfiðustu aðstæður sem upp geta komið. Úrin eru í notkun hjá þyrlu- og flugsveit Landhelgisgæslunnar, köfurum og sprengjusveit.“

Úrvalið af úrum frá JS Watch co. Reykjavik hefur aldrei verið meira en nánari upplýsingar um úrin og hönnunina má finna á www.gilbert.is

## ÚRVALIÐ ER RÍKULEGT OG MÖGULEIKARNIR ÓÞRJÓTANDI



Þetta úr er 101, 38 millimetra með hvítri skífu, rómverskum tölum og stálkeðju. Kassinn er úr ryðfríu eðalstáli með safír-kristal gleri og má sjá gangverkið í gegnum bakhlið úrsins. Þetta á við um flest JS-úrin. Þau eru sömuleiðis öll sjálftrekkt.



101, 32 mm úr með hvítri skífu, arabískum tölum og stálkeðju. Úrið er fáanlegt með mörgum mismunandi skífum eins og til dæmis demanta- og perluskífu.



Frisland Goð viðhafnarútgáfa, handgrafið með víkingaletri og skífu sem er framleidd úr ösku frá eldgosinu í Eyjafjallajökli.



Islandus er 44 millimetra úr með hvítri skífu, rómverskum tölum og brúnni ól úr krókódílaleðri. Öll Js úrin eru fáanleg með mörgum mismunandi skífum auk þess sem hægt er að velja um fjölmargar ólar.



Islandus Chronograph er 44 millimetra úr með svartri skífu, rómverskum tölum og svartri ól úr krókódílaleðri.



Hér er Islandus 1919 Pilot. Þetta er 44 millimetra úr með svartri skífu og svartri ól úr strútsleðri með hvítum saum.



## FLOTT ÚRASÝNING

**Ein stærsta** og þekktasta úra- og skartgripasýning heims er haldin í borginni Basel í Sviss. Sýningin var haldin árlega þar til í ár er hún lá niðri. Næsta sýning verður hins vegar í apríl 2013 í enn stærra og betra húsnæði. Sýningin er mikilvæg fyrir alþjóðleg viðskipti í úra- og skartgripaiðnaði.

Um 2.100 framleiðendur eru með sýningarbása á sýningunni en þeir koma frá 45 löndum. Allt að eitt hundrað þúsund gestir sækja þessa mikilvægu sýningu. Saga Basel-sýningarinnar nær aftur til ársins 1917 en þá voru sýndar klukkur og skartgripir. Sýningin hefur stækkað ár frá ári. Árið 1986 voru fyrirtæki utan Evrópu í fyrsta skipti meðal sýnenda.

Sýnd eru helstu vörumerki í úrum og klukkum í heiminum og nýjungar í greininni. Í apríl munu seljendur demanta, gimsteina og perlna vera með sérstaka sýningu.



## ÚRIÐ HANS ELVIS

**Ventura**, fyrsta batteríknúna úrið, varð til árið 1957. Svissneska fyrirtækið Hamilton smíðaði úrið en það náði gífurlegum vinsældum þegar Elvis Presley bar það í kvikmyndinni Blue Hawai árið 1961. Þar með hófst farsælt samband Elvis og Hamilton en Elvis notaði Ventura-úrið hversdags. Árið 2010 gaf Hamilton út tvær sérstakar afmælisútgáfu af Ventura-úrinu til heiðurs Elvis en hann hefði orðið 75 ára það ár. Önnur gerðin er nákvæm eftirlíking af Ventura-úrinu frá 1957 en hin er stærri og tæknivæddari.

*Heimild: www.wikipedia.org*



# AFSTÆÐUR TÍMI EÐA SÓLBRÁÐINN CAMEMBERT?

**Eitt frægasta olíumálverk 20. aldar** er La persistencia de la memoria eftir spænska súrrealistann Salvador Dalí. Verkið málaði Dalí árið 1931 en það hefur verið í eigu Nútímalistasafnsins í New York síðan 1934.

Verkið sýnir bráðnandi úr og klukkuverk. Myndmál þess þykir torrætt en Dalí hafði mikinn áhuga á stærðfræði og vísindum. Myndin þykir dæmigerð fyrir kenningar hans um mjúkt og hart, og mjúkt úr talið ómeðvitað tákn um upplifun listamannsins á afstæðiskenningu Alberts Einstein.

Sjálfur sagðist Dalí ekki innblásinn þaðan heldur frá súrrealískri skynjun sinni á bráðnandi camembert-osti. Klukkurnar eru einnig taldar tákna tíma eins og hann líður í draumi.






# HVÍTT Á JÓLUM

**SPARIKJÓLAR** *Hvítir kjólar eru til í margvíslegum útfærslum eins og sjá má á stjörnunum sem hafa klæðst hvítu á aðventunni.*

Hvítir sparikjólar virðast vera mikið í tísku um þessar mundir ef marka má fræga fólkið. Tekið hefur verið eftir að margar konur klæðast hvítum kjólum á þeim hátíðum sem haldnar hafa verið í desember, eins og sést á þessum myndum.

1. Leikkonan Cate Blanchett kemur á frumsýningu The Hobbit í London, 12. desember.
2. Leikkonan Anne Hathaway í sjónvarpsþætti Jimmy Fallon í Rockefeller Center í New York, 11. desember.
3. Söngkonan Ledisi á hátíðinni VH1 Divas 2012 sem fram fór í Los Angeles, 16. desember.
4. Leikkonan Kat Graham kemur á VH1 Divas 2012 í Los Angeles.
5. Sjónvarpsstjarnan Kelly Osbourne á VH1 Divas 2012 í Los Angeles.
6. Krónprinsessan Mette Marit af Noregi var heiðursgestur á sjónvarpshátíð til styrktar börnum í Berlín, 15. desember.
7. Stephanie Rice á frumsýningu myndarinnar The Hobbit í Sydney í Ástralíu, 18. desember.












SPARIKÁPUR ÚR ENDURUNNU EFNI EFTIR BRYNJU EMILSDÓTTUR.
MYND/JENNÝ GUÐMUNDS

## BESLA NIÐUR Í MIÐBÆ

**BESLA Í KIRSUBERJATRÉÐ** Brynja Emilsdóttir fatahönnuður hefur komið sér fyrir í Kirsuberjatrénu að Vesturgötu 3 en hún hannar barnaföt undir heitinu Besla. Í hönnun sinni endurnýtir Brynja meðal annars efni auk þess að hanna barnaföt úr lífrænni bómull. Kirsuberjatréð er starfrækt af 11 listamönnum og hönnuðum sem standa sjálfir vaktina í versluninni. Þar er meðal annars að finna fatnað, skart, postulínsmuni og fleira. Sjá nánar um Beslu á Facebook.



MYND/JENNÝ GUÐMUNDS

SOHO
MARKET

JÓLAVERÐSPRENGJA

50%

AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM VÖRUM

SOHO MARKET | GRENSÁSVEGUR 8 | SÍMI 553 7300
OPIÐ ALLA DAGA FRAM AÐ JÓLUM FRÁ KL.12–22.
ÞORLÁKSMESSU KL. 12–23. AÐFANGADAG KL. 10–14.

Jólaskór fyrir alla
á frábæru verði.

20% aukaafsláttur fram að Jólum!

OUTLET
SKÓR

12.900 nú aðeins 10.320 kr.
9.900 nú aðeins 7.920 kr.
9.900 nú aðeins 7.920 kr.
5.900 nú aðeins 4.720 kr.
6.900 nú aðeins 5.520 kr.



Herra skór St. 41-48
Dömu skór St. 36-41
Herra skór St. 41-48
Stráka skór St. 27-35
Stelpu skór St. 36-41

facebook.com/skooutlet

OUTLETSKÓR | Fiskislóð 75 | Sími: 514 4407 | Opið: 13-18 fram að jólum

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**Dáleiðsla • Gjafakort**

Fá betri svefn, hætta að reykja, léttast/þyngjast eða láta sér líða betur á margan annan máta.

Ingibjörg Bernhöft hjúkrunarfr. og dáleiðslutæknir.

Tímapantanir í síma 864 2627 & bernhoft@gmail.com

---

**Vorum að taka upp nýja náttkjóla**

Verð frá 7.990,-

Ynja UNDIRFATAVERSLUN

Erum á Facebook

HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

---

**Start hnakkurinn**

Gæði á góðu verði

tilboð 199.900 kr.

Vertu vinur okkar á Facebook, það borgar sig

TOP REITER

Ögurhvarfi 2, Kópavogi s. 565 5151

---

**GJAFABRÉF**

ÝMIS NÁMSKEIÐ Í BOÐI.

MIKIÐ ÚRVAL AF SKARTGRIPAEFNI. LEÐURBÖNDIN VINSÆLU OG SEGLULLÁSAR. FLOTTAR PANDORAS STYLE PERLUR.

ERUM Á FACEBOOK.COM/GLITEHF

GLIT

Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411

www.glit.is

---

Fáðu ókeypis söluverðmat frá fagmönnum án nokkurra skuldbindinga

WWW. EIGNAVERDMAT.IS

Vernharð 699 7372 Venni@remax.is

Ástþór Reynir Lögg. fasteignasali 4144700

---

- Steypusögun
- Kjarnaborun
- Múrbrot
- Hellulagnir
- Jarðvegsvinna
- Öll almenn-verktakavinna

BROTAFL

STEINSÖGUN - BORUN - BROT

Brotafl ehf
Símar 894 8040
894 8044
Fax 565 0050
Netfang: brotafl@simnet.is

---

**BRIMRÁS**

Ál tröppur / Ál stigar

Ál búkkar og ástönd

Sérsmíðum stiga og tröppur ef óskað er

KVARNIR Akralind 8

www.kvarnir.is Sími: 564 6070

---

**PALLAR.IS**

Ál hjólapallar / veggjapallar

Veðurnet / Öryggisnet

Áltröppur / stigar

SALA LEIGA

altrex

KVARNIR Akralind 8

www.kvarnir.is Sími: 564 6070

---

**Rafstilling ehf**

startarar - alternatorar - perur

viðgerðir - sala

hröð og góð þjónusta

Dugguvogi 23 - s: 5814991

rafstilling@rafstilling.is

---

**IVECO**

Viðgerðar- og varahlutaþjónusta

VélRás

Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

---

**SPARAÐU BENSÍN!**

Metan uppfærðu bílinn þinn

Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leitið tilboða í búnað og ísetningu – sparið með Metan

Lán til allt að 48 mánaða

bigas

VélRás Velras.is • Sími: 555 6670 • Álhella 4

---

**VARAHLUTIR**

Iveco • Benz • Man • Renault

*Varahlutaþjónusta*

VÉLANAUST ehf

Álhella 4 • Símar 555 6670 • 892 3996 • www.velanaust.is

---

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI

Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is

GENERAL HJÓLBARÐAR

---

Rafvirkjar - Smiðir
Flísalagnir - Múrarar
Málarar - Píparar

LP VERK ehf. BYGGINGAFÉLAG

Allar almennar húsaviðgerðir!

698 6738

www.lp-verk.is

Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu!

---

BRA

BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS

Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510

TOYOTA-þjónusta www.bilasprautun.is

---

Dekkjahúsið

Höfum opnað nýtt og glæsilegt hjólbarðaverk stæði í Dalbrekku kópavogi (gamla Toyota) fullt af opnunartilboðum.

Láttu sjá þig.

Dalbrekku 17 Kóp • S: 553 3100 • www.dekkjahusid.is

---

**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

*Viðgerðir og viðhald fasteigna!*

*Alhliða húsaviðgerðir - Flísalagnir*

*Veggjakrotsvarnir - Múrverk*

*Fyrirbyggjandi varnir*

**Sími: 565-7070**

---

Vorum að fá nýja sendingu af hlífðarplötum frá Ricochet undir flestar gerðir 4hjóla.

Okkar ráð til þín, notaðu verjur frá RICOCHET og ekki lenda í tjóni sem þú þarft ekki að lenda í.

www.4h.is

Fjórhjólalagerinn

Stapahrauni 7 • 220 Haf • S. 588 3355

---

Jólakveðjurnar 24.12.2012

Pantið tímanlega.

**Sími 512 5407**

Þjónustuauglýsingar Fréttablaðsins

---

**Parketslípun**

sólpallaslípun | parketlagnir

551 1309 / 690 5115

golflist@golflist.is | www.golflist.is

99% RYKFRÍTT

Gólflist

Parketlagnir og viðhald

---

**BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf**

alhliða bílaviðgerðir

Tímapantanir s: 445 4540/697 4540

viðarhöfði 2 • 110 reykjavík • sími 445 4540 / 697 4540

bilathjonustabjarka@gmail.com

http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka

---

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

steinunnsg@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Varahlutir







Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavia árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

## Viðgerðir

**ÓDÝRAR VIÐGERÐIR, LEYSUM ÖLL MÁL!**

Fljót og góð þjónusta. Bílahlutir ehf., Eldshöfða 4, s. 587-5058.

# PJÓNUSTA

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www. hreingerningar.is S. 772 1450

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

Tek að mér ýmis smærri verkefni. Upplýsingar í síma 847 8704 eða manninn@hotmail.com

## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 862 6653. Irena

## Spádómar




**SPÁSÍMI 908 7000**

Spámiðlun, tarot, fyrirbænir, algjör trúnaður. Opið frá 13-23. S. 863 1987 visa/euro.

## tilkynningar

**SPENNANDI FJÁRFESTING**

Leitað er samstarfsaðila varðandi fjármögnun og uppbyggingu á nýsköpunarverkefni á sviði matvælavinnslu.

**Áhugasamir láti vinsamlegast vita á netfangið:**
nyskopun.matur@gmail.com




**Þann 28. nóvember sl. var VW Polo árgerð 2012 með skráningarnúmerið DF-F11 stolið fyrir utan Hvassaleiti 46. Þeir sem geta veitt upplýsingar um ferðir bílsins mega hafa samband við Árna í síma 560-5222 eða lögregluna í síma 444-1000.**

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**

Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**SÉRVERSLUN MEÐ NÁTTÚRUVÆNAR OG ANDLEGAR VÖRUR.**

Úrval af saltkristalslömpum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkertum, slökunargeisladiskum, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös: kl 12-18, lau-sun: kl 12-21. Lokað á aðfangadag.




Aðventuljósakrossar á leiði til sölu, rafhlöðukrossar og 12v-24v-32v. Áratuga reynsla og gott verð. Endist ár eftir ár. Sendum í póstkröfu. Uppl. í síma 898 3206. orb.123.is



Úrval af ódýrum og vönduðum skartgripum og sérskerum einnig vegglímmiða og gluggafilmur. Glæsilegt í jólapakkann. B&G studio www.facebook.com/boggstudio S: 820-4640.




**JÓLASENDINGIN ER KOMIN**

Úrval af Fjarstýrðum Þyrlum, Bílum, Módelum,Skyjaluktum,Skotveiðivörum og fl. Sendum samdægurs með póstinum. Einnig verslun í Glæsibæ - Sími 517 8878 - Tactical.is




**JÓLATILBOÐ**

Örfá stykki af Lay-Z-Spa heitu pottunum á tilboði til jóla. Aðeins 99.000 kr VDO. Borgartún 36. S:588 9747 www.vdo.is




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.



Þjóðlagagítarpakki kr:23.900,- Gítar, poki, ól, auka strengir stilliflauta og kennsluforrit. Gítarinn ehf,Stórhöfði 27 S:552-2125,www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

**JÓLA OG NYTJAMARKAÐUR**

Allt stórt og smátt úr nudd, snyrti og veitingastofu og ríkulegri búslóð. t.d. málverk, 2 heitir pottar, 3 ísskápar, 5 sófar og fl. Opið alla daga 12-18. Sóltún 20. S. 823 8280

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www. kaupumgull.is

**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun




# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir hjúkrunarfræðingur hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



**BÚRADAGAR Í DÝRALANDI**

Tilboð á kanínubúrum
Stærð 70 cm verð 5.990,-
Stærð 85 cm verð 6.990,-
Stærð 100 cm verð 9.990,-
Stærð 120 cm verð 18.990,-
Dýraland Mjódd s.587-0711
Dýraland Kringlan 7 s.588-0711
Dýraland Spöngin 23 s.587-0744



**BÚRADAGAR Í DÝRALANDI**

Tilboð á fuglabúrum
Verð frá 4.990,-
Dýraland Mjódd s.587-0711
Dýraland Kringlan 7 s.588-0711
Dýraland Spöngin 23 s.587-0744

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**

1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk.

**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**ÍSLENSK FYRIRTÆKI SEM STARFAR Í NOREGI.**

Óskar eftir smiðum sem hafa áhuga á að starfa í Noregi á næsta ári. Vinsamlegast skráið nafn og símanúmer á iceland61@gmail.com

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

Reykjavíkurborg
Umverfis- og skipulagssvið

# Hringbraut,
## breyting á deiliskipulagi færslu Hringbrautar

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti þann 13. desember 2012, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hringbrautar. Í breytingunni felst að felldur er úr gildi hluti deiliskipulagsins umhverfis Hlíðarfót. Svæðið verður innan deiliskipulagsmarka nýs Landspítala.

Deiliskipulagstillagan var kynnt í samræmi við 40.-41. gr. skipulagslaga.

Tillagan var kynnt samhliða tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir nýjan Landspítala við Hringbraut, tillögu að breytingum á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 og sambærilegum breytingum á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Tillögurnar voru kynntar á tímabilinu 10. júlí 2012 til 4. september 2012. Frestur til að gera athugasemdir rann út 4. september. Reykjavíkurborg ákvað að framlengja frest til athugasemda vegna aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulagsbreytinga til 19. október. Alls bárust 5 athugasemdir við deiliskipulagstillöguna, þar af 3 samhljóða. Ekki voru gerðar breytingar á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs má nálgast á ***skipbygg.is***

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs, embætti skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar.

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík.

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

---

**AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í SÚÐAVÍKURHREPPI**

# Tillaga að deiliskipulagi í Heydal í Mjóafirði

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkti á fundi sínum þann 14. desember 2012 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi í Heydal skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í tillögunni felst að gera ráð fyrir hótel/tómstunda-byggingu, 6 gistihúsum, 2 norðurljósa-húsum, aðstöðu við laugasvæði og snyrtingu.

Tillagan ásamt greinargerð verður til sýnis á skrifstofu Súðavíkurhrepps, Grundarstræti 1-3, Súðavík, virka dag frá kl. 10:00-12:00 og frá 13:00-15:00 frá og með 18. desember til og með 5. febrúar 2013.

Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu Súðavíkurhrepps, www.sudavik.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til 5. febrúar 2013.

Athugasemdir, ef einhverjar eru, skulu vera skriflegar og berast til skrifstofu Súðavíkurhrepps Grundarstræti 1-3, 420 Súðavík.

Hver sá sem ekki gerir athugasemdir innan tilskilins frests, telst samþykkja tillögurnar.

*F.h. Súðavíkurhrepps*
*Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri*

---

Reykjavíkurborg
Umverfis- og skipulagssvið

# Nýr Landspítali - nýtt deiliskipulag

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti þann 13. desember 2012, tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir nýjan Landspítala.

Deiliskipulagstillagan var kynnt í samræmi við 40.- 41. gr. skipulagslaga.

Tillagan var kynnt samhliða tillögu að breyttu deiliskipulagi Hringbrautar, tillögu að breytingum á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 og sambærilegum breytingum á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Tillögurnar voru kynntar á tímabilinu 10. júlí 2012 til 4. september 2012. Frestur til að gera athugasemdir rann út 4. september. Reykjavíkurborg ákvað að framlengja frest til athugasemda vegna aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulagsbreytinga til 19. Október 2012. Alls bárust 817 athugasemdir við deiliskipulagstillöguna, þar af 519 samhljóða. Ekki voru gerðar breytingar á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar.

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs má nálgast á ***skipbygg.is***

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs, embættis skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar.

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

---

## Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

# Breyting á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 - 2024

**Holtsgöng, stofnbraut felld út. Aukið byggingarmagn á byggðarsvæði nr. 5 vegna uppbyggingar á lóð Landspítalans við Hringbraut**

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins samþykkti á fundi sínum þann 26. október 2012 tillögu að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 - 2024. Í breytingunni felst að fella út Holtsgöng sem stofnbraut og auka byggingarmagn á sérhæfðu húsnæði á byggðarsvæði nr. 5. Á móti er byggingarmagn verslunar- og skrifstofuhúsnæðis minnkað. Heildaraukning á byggingarmagni er 38.000 m2.

Tillagan var auglýst og lá frammi til kynningar frá 10. júlí til og með 4. september 2012 og bárust 8 athugasemdir, sem ekki gáfu tilefni til breytinga. Nefndin sendi sveitarstjórnum á höfuðborgarsvæðinu tillögu sína að skipulagsbreytingu ásamt athugasemdum og umsögn sinni um þær og samþykktu þær auglýsta breytingu óbreytta. Svæðisskipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar og innkomnum athugasemdum hefur verið svarað.

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

---

Reykjavíkurborg
Umverfis- og skipulagssvið

# Breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024.

**Holtsgöng. Stofnbraut felld út**
**Aukning byggingarmagns á svæði NLSH**
**Breytt lega stofn og tengistíga**

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkt þann 13. desember 2012, tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, varðandi niðurfellingu Holtsganga, aukið byggingarmagn á lóð NLSH við Hringbraut og breytta legu stofn- og tengistíga á svæðinu

Tillagan var kynnt í samræmi við 30.-31. gr. skipulagslaga, sbr. gr. 36 um breytingar á aðalskipulagi. Tillagan var kynnt samhliða sambærilegri breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins, tillögu að nýju deiliskipulagi NLSH við Hringbraut og tillögu að breyttu deiliskipulagi Hringbrautar. Tillögurnar voru kynntar á tímabilinu 10. júlí 2012 til 4. september 2012. Frestur til að gera athugasemdir rann út 4. september. Reykjavíkurborg ákvað að framlengja frest til athugasemda vegna aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulagsbreytinga til 19. október. Alls bárust 15 athugasemdir við aðalskipulagstillöguna. Athugasemdir gáfu ekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar.

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs, embætti skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar, sjá einnig ***skipbygg.is***.

Reykjavík 20. desember 2012
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411

---

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# Rekstur gistiskýla

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir áhugasömum aðilum til að taka að sér rekstur neyðargistiskýla fyrir konur annars vegar og karla hins vegar. Um er að ræða úrræði sem rekin hafa verið í Reykjavík á undanförnum árum en samningar við núverandi rekstraraðila renna út þann 31. mars 2013. Hlutverk neyðargistiskýla er að veita húsnæðislausum Reykvíkingum næturgistingu á grundvelli kröfulýsingar sem fyrir liggur um þjónustuna. Þjónustusamningur til 3ja ára verður gerður við þann aðila sem valinn verður til að reka þjónustuna. Ekki er skilyrði að sami aðili reki bæði gistiskýlin.
Leitað er eftir einstaklingum eða félagasamtökum sem hafa reynslu af þjónustu við fólk sem á við margháttaða félagslega erfiðleika að stríða með sérstakri áherslu á reynslu af vinnu með fólk sem á við áfengis- og vímuefnavanda að etja.

Daglegur rekstur og þjónusta er í höndum þjónustusala en til daglegs reksturs teljast t.d. starfsmannamál, almennur rekstur húsnæðis og eldhúss auk annarrar þjónustu.
Reykjavíkurborg leggur til húsnæði fyrir rekstur gistiskýlanna. Gert er ráð fyrir 8 rýmum fyrir konur og 20 fyrir karla. Sturtu og hreinlætisaðstaða er fyrir notendur gistiskýlanna og aðstaða er til að þvo föt sín.

Þjónustutími neyðargistiskýla er a.m.k. frá kl. 17:00 – 10:00 alla daga ársins og þarf þjónustusali að tryggja að starfsemin sé ætíð mönnuð nægilega mörgum starfsmönnum svo unnt sé að veita þá þjónustu sem skilgreind er í kröfulýsingu. Að lágmarki eru tveir starfsmenn á vakt á opnunartíma.

Kröfulýsingar er að finna á vefslóðinni www.reykjavik.is/utbod

Frekari upplýsingar veitir Birna Sigurðardóttir, verkefnisstjóri á Velferðarsviði, netfangið birna.sigurdardottir@reykjavik.is

**Áhugasamir skili inn umsókn um verkefnið fyrir 14. janúar 2013 til Velferðarsviðs, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík.**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

✝



Hjartans þakkir fyrir samúð og vinarhug við fráfall

**EYSTEINS ÁRNASONAR.**

Bestu óskir um gleðilega og friðsæla jólahátíð.

**Anna Valmundardóttir**
**Sigríður Eysteinsdóttir** **Ómar Ólafsson**
**Ragna Eysteinsdóttir** **Árni V. Þórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**GARÐAR HALLDÓRSSON**
**Furugerði 7,**

lést á Landspítalanum sunnudaginn 16. desember. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 21. desember kl. 13.00.

**Inga Jónsdóttir**
**Jón Kristinn Garðarsson** **Berglind Sigurþórsdóttir**
**Þórunn Bjarney Garðarsdóttir**
**og barnabörn.**

✝



Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**SIGRÍÐUR ÁRNADÓTTIR**
**bókasafnsfræðingur,**
**Akranesi,**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Höfða þann 14. desember.
Útförin fer fram frá Akraneskirkju í dag fimmtudaginn 20. desember kl. 14.00.

**Bragi Níelsson**
**Árni Bragason**
**Röðull Bragason** **Arinbjörg Kristinsdóttir**
**Baldur Bragason**
**Margrét Bragadóttir** **Sighvatur K. Pálsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Þökkum innilega auðsýnda samúð og vináttu við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**INGIBJARGAR KRISTÍNAR BJÖRNSDÓTTUR (NÍNU).**

Með ósk um gleðilega jólahátíð og farsæld á nýju ári.

**Ellý Sæunn Reimarsdóttir** **Örn Þórisson**
**Halldór Reimarsson** **Guðrún Snorradóttir**
**Hlynur Reimarsson** **Kristín Árnadóttir**
**Sigurbjörn Ingi Reimarsson** **Elísabet Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Þökkum auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát ástkærrar dóttur okkar, systur og mágkonu,

**KRISTÍNAR BALDURSDÓTTUR**
**meistaranema í þýðingarfræðum,**

sem lést 3. desember sl.

**Baldur Guðlaugsson** **Karítas Kvaran**
**Arnaldur Skúli Baldursson** **S. Katrín Eyjólfsdóttir**
**Ólafur Hrafnkell Baldursson** **Charlotte Gerd Hannibal**
**Þórhildur Baldursdóttir**

✝

Bróðir okkar,

**HELGI PÁLMARSSON**

lést 6. desember sl. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Ísólfur Pálmarsson**
**Bára Pálmarsdóttir**
**Fjóla Pálmarsdóttir**

FRÉTTABLAÐIÐ

Vegna stærðar blaðsins á morgun, föstudag, verður Fréttablaðið prentað í tvennu lagi.

**Frestur til að skila inn dánarauglýsingum í föstudagsblaðið færist því fram til kl. 13.30.**

# Þakklátur öllum sem leggja okkur lið

Bjarni Arason og Ljósakórinn úr Mosfellsbæ eru meðal þeirra sem koma fram á jólatónleikum Samhjálpar sem haldnir eru í kvöld klukkan átta. Boðið er upp á kakó og kökur.

Jólatónleikar Samhjálpar verða haldnir í kvöld. „Við tókum upp þann sið á nýjan leik í fyrra að halda jólatónleika eftir nokkurra ára hlé. Það var virkilega gaman og tókst vel til og því ákváðum við að endurtaka leikinn í ár og rétt eins og í fyrra eru fjölmargir góðir listamenn sem gefa vinnuna sína og koma fram á jólatónleikunum," segir Karl V. Matthíasson, framkvæmdastjóri Samhjálpar. Þeir sem koma fram á tónleikunum eru Ljósakórinn úr Mosfellsbæ, Lofgjörðarhópur Samhjálpar, Nína Hallgrímsdóttir, Berglind Sigurjónsdóttir, Sylvía Rún Guðnýjardóttir, Karen Andreassen og Bjarni Arason. „Það gefa allir vinnu sínu við tónleikana og svo er boðið upp á kakó og smákökur. Aðgangseyrir er einungis 2.000 krónur og við fundum það í fyrra að fólk var mjög ánægt með að komast á jólatónleika fyrir svona lítið verð. Og svo ef menn eiga ekki pening, þá þurfa þeir ekki að borga," bætir Karl við.

Samhjálp rekur meðal annars áfangaheimili og Kaffistofu þar sem reiddur er fram matur og boðið upp á kaffi alla daga ársins. „Það sofa um 100 manns í rúmum sem Samhjálp býr um á degi hverjum. Aðsóknin er mikil, það eru margir á biðlista," segir Karl sem er ánægður með hversu vel hefur gengið að afla Samhjálp stuðnings undanfarið. „Það eru mjög margir sem leggja okkur lið og við erum mjög þakklát fyrir það. Reykjavíkurborg og ríkið hafa líka sinnt okkur mjög vel undanfarin ár."

Jólamatur verður á boðstólum á Kaffistofu Samhjálpar yfir hátíðarnar eins og venja er. „Það verður dæmigerður hátíðarmatur á boðstólum hjá okkur yfir jólin. Og það hefur líka verið margt gott á boðstólum á aðventunni. Ég var til dæmis með aðventuræðu hjá Lions um daginn. Þar var hlaðborð með jólamat og þegar fundinum lauk fór ég með allan afganginn niður í Gistiskýlið í Þingholtsstræti, þetta voru miklar kræsingar."

Jólatónleikar Samhjálpar verða haldnir í húsnæði samtakanna að Stangarhyl 3A. Tónleikarnir hefjast klukkan átta og sem fyrr segir kostar 2.000 krónur inn. Aðgangseyrir er notaður til styrktar starfi samtakanna.

sigridur@frettabladid.is



**KARL V. MATTHÍASSON** Segir ánægjulegt hve mikils stuðnings Samhjálp njóti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Samhjálp í 39 ár

Markmið Samhjálpar er að veita bjargir til þeirra einstaklinga sem halloka hafa farið í lífinu vegna sjúkdóma, fátæktar eða annarra samfélagslegra vandamála og með því stuðla að velferð og sjálfsbjörg þeirra. Höfuðstöðvar Samhjálpar eru að Stangarhyl 3A í Reykjavík. Þar eru skrifstofur, göngudeild og félagsmiðstöð til húsa og þar fer hluti forvarna- og eftirmeðferðarstarfsins fram, starf sem nú á sér 39 ára sögu og hefð í borginni.

# Háskólinn á Akureyri 25 ára

Aðdragandi stofnunar skólans rakinn í afmælisriti eftir Braga Guðmundsson.

Út er komin bókin Háskólinn á Akureyri 1987-2012. Í ritinu er aðdragandi að stofnun skólans rakinn en hann var ekki átakalaus. „Þetta er þroskasaga ungrar stofnunar. Hvernig komst hún á legg, hvað þarf til að skóli standi undir nafni? Hvernig hefur Háskólinn þróast sem merkileg kennslu- og vísindastofnun og hvað hefur hann lagt af mörkum til fræða og samfélagsins í heild? Leitað er svara við þessum spurningum, og fleiri til, en það er ekki síst vegna hins unga aldurs Háskólans á Akureyri að saga hans verður gagnmerkt innlegg í menntunarsögu Íslands," segir í fréttatilkynningu.

Saga Háskólans á Akureyri er á fjórða hundrað síður, prýdd fjölmörgum ljósmyndum af nemendum og starfsfólki. Ritstjóri er prófessor Bragi Guðmundsson og útgefandi Völuspá útgáfa í samvinnu við Háskólann á Akureyri.



**HÁSKÓLINN Á AKUREYRI** Saga hans er rakin í nýrri bók.

✝



Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**HRÓÐMAR MARGEIRSSON**
**Ögmundarstöðum, Skagafirði,**

andaðist á Heilbrigðisstofnuninni Sauðárkróki fimmtudaginn 13. desember. Útför hans verður gerð frá Sauðárkrókskirkju föstudaginn 21. desember klukkan 14.00. Jarðsett verður að Reynistað.

**Sigríður Hróðmarsdóttir** **Guðmundur Kr. Eydal**
**Jón Margeir Hróðmarsson** **María Jónsdóttir**
**Hróðmar G. Eydal** **Ríkey G. Eydal**
**Urður Jónsdóttir** **Hörn Jónsdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# -15% VÖNDUÐ PÚSLUSPIL SEM AUÐVELT ER AÐ PAKKA INN

**HEILL HEIMUR AF GJÖFUM!**




Verð frá kr. **1.499**

## Ravensburger púsluspil

**Frábært verð!**




**Fjölskyldu Alias**
Vinsælasta borðspil síðari ára er komið í fjölsky-lduútgáfu og núna eru allir á móti öllum.
Vnr.: MYS9974

**3.990,-**

**-40%**



**Jólapappír 70 x 10m**
Vnr.: ERR1044

**359,-**
Verð áður 599

**-30%**




**Matarsett Angry Birds**
Vnr.: FOU59798

**2093,-**
Verð áður 2.990


www.a4.is / sími 580 0000 / sala@a4.is
A4 Skeifunni 17 / A4 Smáratorgi 1 / A4 Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði
A4 Dalsbraut 1, Akureyri / A4 Miðvangi 13, Egilsstöðum / A4 Austurvegi 65, Selfossi
A4

## KROSSGÁTA




**LÁRÉTT**
**2.** hæfileika, **6.** komast, **8.** dorma, **9.** egna, **11.** vörumerki, **12.** erfiði, **14.** venjur, **16.** sjó, **17.** kvk nafn, **18.** tímabil, **20.** tveir eins, **21.** flaska.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hvæs, **3.** spil, **4.** himinhvel, **5.** þakbrún, **7.** vinsæll, **10.** kk nafn, **13.** svelg, **15.** réttur, **16.** verkfæri, **19.** í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2.** gáfu, **6.** ná, **8.** sef, **9.** æsa, **11.** ss, **12.** strit, **14.** siðir, **16.** sæ, **17.** una, **18.** öld, **20.** gg, **21.** gler.

**LÓÐRÉTT:** **1.** fnæs, **3.** ás, **4.** festing, **5.** ufs, **7.** ástsæll, **10.** ari, **13.** iðu, **15.** ragú, **16.** sög, **19.** de.


# Atvinnueignir
Löggild leigumiðlun og fasteignasala

Garðatorg 5




**Til sölu 229,6 fm.**
verslunarhúsnæði í verslunarmiðstöðinni Garðatorgi. Góður leigusamningur til ársins 2020.
Verslunarrými með tveimur inngöngum, annar frá götu og hinn úr Garðatorgi. Linoleum dúkur á gólfi, kerfisloft, vel innréttuð verslun.
**Verð 45 milljónir.**
**Ekkert áhvílandi.**

534 1020
www.atvinnueignir.is







# Í dóm

**BAKPANKAR**
Björns Þórs Sigbjörnssonar



Ég var kallaður til sem vitni í dómsmáli ennú nýverið. Uppi var einhver ágreiningur milli manna og talið að ég kynni mögulega að varpa ljósi á afmarkaðan þátt sem hugsanlega auðveldaði dómaranum að gera sér atvik ljós og kveða upp sinn dóm.

**Á** meðan að ég sat frammi á gangi og beið þess að vera kallaður í vitnastúku fylgdist ég með mannlífinu í Héraðsdómi Reykjavíkur. Ég segi ekki að þetta hafi verið eins og í Kringlunni en þarna var stöðugur straumur alls konar fólks. Stefnendur, stefndir, verjendur, sækjendur, dómarar og vitni ýmist þustu eða röltu um gangana og fasið var eftir tilefninu. Sumir voru glaðir en aðrir sorgmæddir.

**ÓTRÚLEGUR** fjöldi mála kemur fyrir dómstóla. Þegar þetta er skrifað, 19. desember, eru 62 mál á dagskrá Héraðsdóms Reykjavíkur daginn þann og það sem fram fer heitir ýmist munnlegur málflutningur, dómsuppsaga, þingfesting, fyrirtaka, uppkvaðning úrskurðar eða aðalmeðferð.

**MÁLIN** eru af ýmsum toga: Riftunarmál, skaðabótamál, ógildingarmál, meiðyrðamál, vefengingarmál, forsjármál, sifjaréttarmál, skuldamál og eitthvað fleira. Og svo auðvitað mál þar sem brotið var gegn lögum, eða grunur leikur á slíku.

**PAR** sem ég sat þarna í dómhúsinu og beið velti ég fyrir mér hvort öll þessi mál þyrftu nauðsynlega að fara fyrir dóm. Höfum við hugsanlega gefist upp á að greiða sjálf úr ágreiningi? Ekki misskilja mig, ég geri mér fyllilega grein fyrir að mörg mál þurfa að hafa sinn gang innan dómskerfisins og að eflaust hefur oft verið reynt að leysa úr flækjum áður en þau skref voru stigin. En öll þessi mál? Á fyrri helmingi ársins komu 4.288 ný einkamál fyrir héraðsdómstóla landsins. Þeim hefur að sönnu fækkað með árunum en samt: 4.288! Á sex mánuðum! Í landinu starfa margir lögfræðingar. Ekki ætla ég að gera þeim það upp að hvetja fólk sem leitar ráða hjá þeim til að fara í mál fremur en að leggja til aðrar og viðaminni leiðir. Slíkar yfirlýsingar væru líklega atvinnurógur sem gætu hæglega endað fyrir dómstólum og ég þá ekki lengur vitni heldur stefndi. En þeir þurfa auðvitað að hafa eitthvað að gera og svona málavafstur tekur tíma og kostar sitt.

**PÓTT** ákvörðun um málshöfðun sé eflaust mörgum þungbær er hún örugglega auðvelda leiðin í einhverjum tilvikum. Það er auðveldara að fá einhvern til að úrskurða en að útkljá mál sjálfur. Við erum nefnilega þeirrar gerðar að við gefum ekki eftir og viljum ekki láta neinn eiga eitthvað inni hjá okkur. Því er betra að fara fyrir dómara en þurfa mögulega að gera málamiðlun. Við ættum kannski að slaka aðeins á í þessu efni á nýju ári. Eða allavega pæla í því.

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# OPIÐ 10-19 TIL JÓLA

## OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA FRÁ 10-19

**SMELLTU Á KÖRFUNA**

NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP




Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl



## 4GB MINNISLYKLAR

Glæsilegt úrval skemmtilegra minnislykla frá Satzuma nú á ótrúlegu tilboðsverði!

**FRÁ 1.990**

HENTUGT Í ALLA PAKKA



## HEYRNARTÓL

ROCK100 heyrnartól frá Point Of View með einstökum hljómgæðum, fást í 3 flottum litum!

**4.990**

MÖGNUÐ HEYRNARTÓL



## SMART TV

Fyrir þitt sjónvarp, vafraðu á netinu, kíktu á Facebook, spilaðu kvikmyndir og tónlist, þráðlaust lyklaborð með mús fylgir.

**29.900**

JÓLAGJÖF FYRIR SJÓNVARPIÐ ÞITT;)

**OPNUNARTÍMAR**

ALLA DAGA TIL JÓLA
10:00 - 19:00
AÐFANGADAG
LOKAÐ

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA

# Að verksmiðjuvæða lífið

**Landvættir eftir Ófeig Sigurðsson er ein af áhugaverðari skáldsögum þessa árs. Þar segir frá Sókratesi, ungum manni sem hefur brennt allar brýr að baki sér en finnur tilgang í lífinu á ný í kjötvinnslu á Kjalarnesi þar sem hann flýgur fljótt upp metorðastigann. Ritunarferli bókarinnar var langt og erfitt og um tíma virtist útséð með að hún kæmi yfirleitt út.**




ÓFEIGUR SIGURÐSSON „Ég gekk lengi með þetta handrit og vann mikið í því en enginn vildi gefa það út. Ég var kominn svolítið út í vegkant með það og minn feril; það leit út fyrir að mér myndi ekki takast að verða rithöfundur.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Landvættir eru þriðja skáldsaga Ófeigs Sigurðssonar, sem sló í gegn með sinni síðustu bók, Skáldsögunni um Jón & hans rituðu bréf til barnshafandi konu sinnar þá hann dvaldi í helli yfir vetur & undirbjó komu hennar & nýrra tíma, sem byggði á bréfum Jóns Steingrímssonar eldklerks. Fyrir hana hlaut Ófeigur einróma lof gagnrýnenda og Bókmenntaverðlaun Evrópusambandsins árið 2011.

Landvættir gerast okkur mun nær í tíma en Skáldsagan um Jón, á tíunda áratug síðustu aldar, en var skrifuð á undan þeirri síðarnefndu. Hér segir frá Sókratesi, ungum manni sem hefur ratað í blindgötu í lífinu og er orðinn alræmdur maður af síðum Dagblaðsins þegar hann fær vinnu í kjötvinnslu á Kjalarnesi, Flesk og síðu. Þar er tekið á móti honum af höfðingsskap og hlýju og forframast hann fljótt innan fyrirtækisins. Fortíðin eltir hann hins vegar upp metorðastigann.

**Verksmiðjan sem samfélag**

Bókin byggir að hluta til á eigin reynslu höfundarins, sem vann í kjötvinnslu Síldar og fiskjar skömmu fyrir aldamót.

„Eftir að fyrsta skáldsaga mín, Áferð, kom út 2005 fór ég strax að hugsa um nýtt efni. Þá birtist mér þessi kjötvinnsla, þar sem ég vann í kringum tvítugt. Ég sá hana sem afluktan heim, fasta veröld, sem mér fannst kjörið sem umgjörð eða að minnsta kosti upphaf að skáldsögu.

Ég hef oft verið latur til vinnu og fannst áhugavert að rýna í vinnusamfélagið í verksmiðjunni. Ég hafði verið settur í það að leysa af verkstjóra á sínum tíma og lærði á undraskömmum tíma á allt ferli verksmiðjunnar. Ég set söguhetjuna í þessar áhrifastöður, hverja á eftir annarri og bregð þannig ljósi á anatómíu kjötvinnslunnar, sem er hægt að nota til að spegla samfélagið sem við búum í; hvernig svona lokuð verksmiðja virkar sem samfélag og í rauninni fjölskylda líka. Í upphafi bókarinnar er líf Sókratesar hrunið til grunna en í verksmiðjunni finnur hann allt sem hann leitar að; öryggi, yfirsýn, fjölskyldu. Einkalíf hans yfirfærist á verksmiðjuna.

En þótt ég byggi bókina lauslega á eigin reynslu er sagan ekki ævisöguleg; ég nota ákveðna punkta úr raunveruleikanum, þar á meðal skírskotanir í vissa atburði, færi þá í heim skáldskaparins og vinn með þá þar. Undirliggjandi er líka ádeila á verksmiðjubúskap, svoleiðis bú eru ekkert annað en útrýmingarbúðir fyrir dýr og framleiðsla á dauða.“

**Kominn út í vegkant**

Ófeigur byrjaði á bókinni 2006 og lauk upphaflegu handriti árið 2008 en eftir að hafa fengið hverja neitunina á fætur öðrum hjá útgefendum var hann svo til búinn að gefa hana upp á bátinn – og jafnvel rithöfundarferilinn í leiðinni.

„Bókin var mun suddalegri en hún er núna – og þykir sumum samt nóg um. Ég gekk lengi með þetta handrit og vann mikið í því en enginn vildi gefa það út. Ég var kominn svolítið út í vegkant með það og minn feril; það leit út fyrir að mér myndi ekki takast að verða rithöfundur.“

Þá kom Jón eldklerkur til bjargar. Ófeigur lýsir því hvernig hann hafi orðið eins og andsetinn af hugmyndinni, hann sat við skriftir sextán tíma á dag og linnti ekki látum fyrr en hann hafði lokið við bókina ári síðar. Í kjölfarið tók hann sér stutt hlé frá skriftum en dustaði þá rykið af Landvættum, meðal annars að áeggjan ritstjóra síns hjá Forlaginu, Silju Aðalsteinsdóttur.

„Ég læddist hálfpartinn aftur að henni, frekar óttasleginn en varð síðan býsna ánægður með það sem ég hélt að yrði ekki ánægður með. Það var svo mikill sprengikraftur í efninu að bókin átti til að fara í allar áttir en þegar ég byrjaði á henni aftur tókst mér að koma sögunni á réttan kjöl og halda ákveðinni stefnu.“

Ófeigur lætur söguna gerast á tíunda áratugnum, sem honum finnst hafa einkennst af síðiðnbyltingardraumum um að beisla náttúruna og verksmiðjuvæða lífið til að ná utan um það.

„Í verksmiðju hefurðu yfirsýn yfir ferlið frá upphafi til enda, getur gripið hvar sem er inn í og breytt öllu. Þú ert með guðlega stjórn. Þetta var hugsun sem mér fannst ríkjandi og átti að keyra á þjóðfélagið allt í lok aldarinnar: að verksmiðjuvæða lífið og náttúruna. Á móti þessu stóðu veikar, fyrirlitnar raddir sem tóku afstöðu með náttúrunni og því að hlutirnir fengju að hafa sinn gang. En þótt bókin gerist á þessum tíma þá tel ég hana enn eiga erindi. Það eru enn sterk öfl í samfélaginu sem standa fyrir verksmiðjugildin. Á hinn bóginn virðast þessi viðhorf eldast með þjóðinni og vera komin kynslóð ofar; þau virka að minnsta kosti forneskjulegri en þau gerðu.“

**Í kappi við bifvélavirkja**

Það hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan enginn vildi gefa Landvætti út og Ófeigur efaðist um feril sinn, enda segist hann finna tilfinnanlegan mun á stöðu sinni.

„Já, ég er aðeins vissari um að ég geti verið rithöfundur. Ég held annars að rithöfundar séu almennt það illa staddir, ekki bara launalega heldur líka með sína sjálfsmynd, að þeir þurfa sífellt að vera að sannfæra sjálfa sig. Kjötiðnaðarmaður er bara kjötiðnaðarmaður; það er fast og þú ert með skírteini upp á það. En það virkar einhvern veginn hjákátlegt að veifa bókum eins og skírteini.

Frá mínum bæjardyrum séð er eins og rithöfundar þurfi sífellt þurfa að vera sannfæra sjálfa sig um að þeir séu þess verðir að vera rithöfundar. Það er einhver skrítin ára eða mystík yfir þessari starfsgrein; eins og fólk sé útvalið til að verða rithöfundar. Það eru svo rosalega margir sem gera tilraun til þess en tekst það ekki. Manni finnst það þess vegna mikil forréttindi að vera rithöfundur en glímir um leið við sektarkennd, því manni finnst það í rauninni varla vera „starf“. Maður reynir því að vera byrjaður klukkan átta á morgnana, eins og allir hinir sem halda hjólum efnahagslífsins gangandi. Ég er alltaf að bera mig saman við hinn almenna vinnumann. Það er mjög hvetjandi að hérna á móti er bílaverkstæði; þar vinna þeir mjög mikið, stundum langt fram á kvöld og ég er í stöðugu kappi við þá.“

Þótt Ófeigur semji skáldskap hefur hann áður sagt að öðrum þræði sé hann alltaf að skrifa sjálfsævisögu tilfinningalífsins. Það vekur þess vegna athygli að bæði í Jóni og Landvættum lenda söguhetjurnar í því að vera hafðar fyrir rangri sök.

„Ætli það eigi ekki rót í ótta mínum við sterk öfl í samfélaginu og hvernig raunveruleikinn er notaður. Þegar sterk öfl móta raunveruleikann er svo erfitt að breyta honum; hann verður að næstum óhagganlegum sannleika og enginn fær rönd við reist. Það stoðar lítið að tuða og tauta og reyna að grafa undan því. Kannski byggir þetta bara á ótta mínum við raunveruleikann.“

### → Sannkallaðar ljósmæður

**Ég býð konunum á pylsuvélinni góðan daginn og spyr hvað þær ætli að framleiða í dag. Vélina þeirra má stilla með ýmsum hætti til að búa til vínarpylsur og medisterpylsur og bjúgu og kokteilpylsur. Ég verð vitni að fyrstu bjúgum dagsins sem fæðast hvert á eftir öðru í rauðri plasthimnunni, ég lít ofan í kerið þar sem farsið þjappast niður í trekt og þrýstist út í hólkum með ákveðnu millibili, þar taka konurnar á móti og klippa á strengina á milli bjúgnanna, þær handleika blaut og sleip bjúgun af mikilli fimi og alúð og raða rauðu börnunum í kassa, stafla þeim upp fyrir pökkun ... *sannkallaðar ljósmæður*, segi ég við þær, upprifinn.**
***Landvættir, bls. 50-51.***






Tilboðin gilda **20. - 23.** desember

markhonnun.is




NONNI
JÓN SVEINSSON

**4.134** KR

STÓRA PRJÓNABÓKIN

**3.734** KR




*frábært úrval af jólabókum*




UNG Á ÖLLUM ALDRI

**3.343** KR




MITT EIGIÐ HARMAGEDÓN

**2.094** KR




ÍSLAND
Á UMBROTATÍMUM

**3.276** KR




LJÚFMETI
ÚR LÆKNINGAJURTUM

**3.347** KR




DVD FYLGIR

VETURHÚS
ÞORSTEINN JOÐ

**3.812** KR

Birt með fyrirvara um stafsetningarvillur og/eða myndavíxl

**nettó** *bækur*
*Kræsingar & kostakjör*

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

# Morðingi og metsöluhöfundur

**Veru Illugadóttur** og **Helga Hrafni Guðmundssyni**, umsjónarmönnum vefsíðunnar Lemúrsins, er fátt mannlegt óviðkomandi. Á dögunum gáfu þau út Svörtu bókina, sem geymir stuttar frásagnir af myrku hliðum mannskepnunnar. Fréttablaðið birtir hér kaflann um Jack Unterweger, austurríska morðingjann sem beitti persónutöfrum sínum til að komast úr fangelsi en lét fljótt til skarar skríða á ný.

**Svarta bókin**
Höfundur: **Vera Illugadóttir og Helgi Hrafn Guðmundsson**
Útgáfa: **Sögur útgáfa**
Fjöldi síðna: **180**

Austurríkismanninum Jack Unterweger var hampað sem hinum fullkomna endurhæfða fanga. Meðan hann sat í lífstíðarfangelsi fyrir morð virtist hann breytast í heilmikinn andans mann. Hann skrifaði ljóð, smásögur, barnabækur og leikrit. Verk hans voru gefin út og nutu mikillar hylli. Austurrískir rithöfundar og menningarvitar börðust fyrir lausn hans úr fangelsi, og eftir að hafa setið inni í aðeins 15 ár var Unterweger látinn laus. En var hann raunverulega orðinn nýr maður?

Í sjálfsævisögu sinni, Hreinsunareldinum, sem Jack Unterweger skrifaði í fangelsi, segir hann frá erfiðri æsku sinni. Hann ólst upp í sárri fátækt. Móðir hans var ung vændiskona sem skildi barn sitt eftir nýfætt hjá afa sínum, ofbeldisfullum áfengissjúklingi.

Unterweger komst fljótt í kast við lögin fyrir innbrot, bílaþjófnaði o.fl. Hann eyddi stórum hluta æskunnar í fangelsi. Þess á milli flakkaði hann um Austurríki og nágrannalöndin.

Hann hafði snemma nautn af því að áreita vændiskonur.

„Ég sveiflaði stálkylfunni minni meðal hóranna í Hamborg, München og Marseille,“ skrifaði Unterweger síðar. „Ég átti mér óvini og ég sigraði þá með innra hatri.“

Árið 1974 var hann 22 ára og myrti 18 ára gamla þýska stúlku. Hún hafði neitað honum um kynlíf svo hann misþyrmdi henni og myrti síðan. Lík stúlkunnar skildi hann eftir allsnakið í skógi fyrir utan Vínarborg, höfuðborg Austurríkis. Þegar hann var handtekinn sagðist Unterweger hafa séð andlit móður sinnar meðan hann myrti stúlkuna.

Ekki þótti það rétta hlut hans. Hann var dæmdur í lífstíðarfangelsi.

Þegar Unterweger kom í fangelsið var hann ólæs. Eftir að hafa lært að lesa las hann brátt allt sem að kjafti kom. Hann varð ritstjóri fangelsisblaðsins og byrjaði að skrifa sjálfur ljóð, smásögur og leikrit, verk sem fóru að vekja athygli utan múra fangelsisins.

Fyrrnefnd sjálfsævisaga kom út 1984 og sló í gegn. Bókin þótti hrollvekjandi en einlæg og opinská lýsing á lífi ofstopafulls undirmálsmanns eins og Unterweger hefði verið framan af ævinni. Framhald bókarinnar, Endastöð fangelsi, vann virt bókmenntaverðlaun.

Í þessum bókum lýsir Unterweger sér sem fórnarlambi – fátæktar, erfiðrar æsku og ekki síst óréttláts réttarkerfis. Og lýsingar hans á austurrískum fangelsum þóttu hreint og beint skelfilegar.

Umbótasinnar og gagnrýnendur dóms- og fangelsiskerfisins í Austurríki tóku bókum Unterwegers fagnandi. Hér var komin óvægin lýsing á ástandinu, en líka uppbyggileg lýsing á því hvernig list og menning gæti endurhæft jafnvel hina vonlausustu fanga. Rithöfundar, listamenn og menntamenn tóku málstað Unterwegers og börðust fyrir því að hann yrði látinn laus. Þeir héldu því fram að rithæfileikar hans væru næg sönnun þess að hann væri fullkomlega endurhæfður.

Meðal þeirra sem töluðu máli hans var Elfriede Jelinek, sem síðar fékk Nóbelsverðlaunin í bókmenntum.

Og vorið 1990 var Jack Unterweger látinn laus til reynslu, eftir mikla pressu frá austurrískum menningarvitum. Hann hafði setið af sér 15 ár af lífstíðardómnum.

„Því lífi er nú lokið,“ sagði Unterweger við blaðamenn sem tóku á móti honum við útgang fangelsisins. „Snúum okkur nú að því nýja.“

Hið nýja líf Unterwegers var ansi ólíkt því fyrra. Hann varð nú óskabarn austurríska listaheimsins, en hikaði ekki við að berast á. Hann þeysti milli bókamessa, frumsýninga og kokkteilboða á sportbíl sínum sem bar einkanúmerið JACK-1.

Og þrátt fyrir fortíð sína naut Unterweger mikillar kvenhylli. Konur í návist hans tóku víst andköf af aðdáun þegar hann stormaði fram hjá, klæddur í sín fínustu hvítu silkijakkaföt með gullkeðjur um hálsinn.

„Hann svaf hjá öllu Austurríki,“ sagði kunningi hans í viðtali við dagblað um þessa fyrstu mánuði Unterwegers eftir að hann var látinn laus.

En kuldalegan septembermorgun árið 1990 fannst kvenmannslík á bökkum árinnar Vitava í nágrenni Prag, höfuðborgar Tékkóslóvakíu. Konan lá á bakinu með fæturna sundurglennta, allsnakin og hálfhulin greinum, laufum og grasi. Hún hafði verið barin, stungin með hnífi og loks kyrkt með gráum sokkabuxum – hennar eigin. Henni hafði þó ekki verið nauðgað.

Konan hét Blanka Bockova og fékkst nokkuð við vændi. Daginn áður en líkið fannst á árbakkanum hafði hún farið út með vinkonum sínum. Þær héldu heim á leið um miðnætti en Bockova varð eftir. Þá var Bockova að tala við ókunnugan en vel klæddan karlmann um fertugt.

Lengra komst lögreglan ekki í bili.

Rúmum fimm vikum síðar, í Graz í suðurhluta Austurríkis, hvarf vændiskonan Brunhilde Masser sporlaust. Vændi er löglegt í Austurríki og ofbeldi gegn vændikonum er sjaldgæft. Lögreglan í Graz tók því hvarfi Masser alvarlega.

En Brunhilde Masser var enn ófundin á gamlársdag 1990, þegar kvenmannslík fannst í skógi fyrir utan borgina Bregenz, skammt frá landamærum Þýskalands og Sviss. Líkið tilheyrði Heidemarie Hammerer, vændiskonu sem hafði horfið rúmum mánuði áður. Hún hafði verið barin og svo kyrkt með eigin sokkabuxum, líkt og Blanka Bockova í Tékkóslóvakíu.

Fimm dögum síðar fundust illa útleiknar líkamsleifar í skógi fyrir utan borgina Graz. Þar var komin Brunhilde Masser, og hafði verið stungin og kyrkt með sokkabuxum.

Á hvorugu líkinu fundust nein sönnunargögn og lögreglan komst ekki áleiðis í tæpt ár. Morðunum fjölgaði. Í október 1991 fundust líkamsleifar vændiskonunnar Elfriede Schrempf í skóginum fyrir utan Graz. Hennar hafði verið saknað síðan í mars.

Næsta mánuðinn hurfu þrjár vændiskonur til viðbótar af götum Vínarborgar. Lík tveggja fundust næsta vor — báðar höfðu kyrktar með eigin fötum. Morðin vöktu mikinn óhug. Augljóst var að fjöldamorðingi lék lausum hala.

Á meðan lögreglan rannsakaði þessi dularfullu morð starfaði Jack Unterweger sem blaðamaður í lausamennsku og stundaði skemmtanalífið af kappi.

Sem blaðamaður þótti hann vera einkar leikinn í að skrifa krassandi greinar um morð og glæpi.

Í ljósi morðöldunnar sem nú virtist greinilega ganga yfir, varð Unterweger sérlega eftirsóttur. Allir vildu vita hvað hinn endurhæfði morðingi hefði að segja um málið. Hann tók sjálfur viðtöl við vændiskonur á götum höfuðborgarinnar og krafði lögreglumenn um svör.

„Hvers vegna miðar rannsókn málsins ekkert?“ spurði Unterweger hneykslaður.

Lögreglumaður á eftirlaunum, August Schenner, hafði fylgst vel með málinu. Og það minnti hann óhugnanlega á mál sem hann hafði rannsakað fyrir rúmum 15 árum. Mál Jack Unterwegers.



**JACK UNTERWEGER** Var óskabarn menningarvitanna í Austurríki, sem hömpuðu honum sem hinum fullkomlega endurhæfða fanga. Annað átti eftir að koma á daginn.

Schenner hafði samband við fyrrverandi kollega sína í rannsóknarlögreglunni, en þeir voru tregir í taumi.

Málið var viðkvæmt. Unterweger var vinsæll og átti áhrifamikla stuðningsmenn. Ekki væri hægt að bera ófullburða sakir á þetta óskabarn menntamannastéttarinnar.

En smátt og smátt fór lögreglan að leggja eyrun við. Unterweger var sífellt á þeytingi um landið. Hann var í Graz þegar morðin þar voru framin. Hann var í Vín þegar morð voru framin þar. Og já, hann var í Bregenz þegar Heidemarie Hammerer var myrt.

Lögreglumenn stálust til þess að rannsaka BMW-sportbíl Unterwegers. Þar fundu þeir eitt hár úr Blönku Bockova frá Prag.

Sumarið 1991 hafði Unterweger dvalið í Los Angeles þar sem hann skrifaði grein um mismunandi viðhorf til vændis í Evrópu og Bandaríkjunum. Hann hafði fengið að fylgjast með lögreglunni að störfum og einnig talað við ótal vændiskonur. Í ljós kom að meðan Unterweger var í LA höfðu þrjár vændiskonur verið myrtar á ansi kunnuglegan máta: kyrktar með brjóstahaldara eða sokkabuxum.

Í febrúar 1992 kvisaðist að lögreglan grunaði Unterweger um vændiskonumorðin. Hann flúði með 18 ára gamla kærustu sína til Bandaríkjanna en var handtekinn og framseldur til Austurríkis. Hann var að lokum dæmdur fyrir níu morð: eitt í Prag, þrjú í Los Angeles og fimm í Austurríki, og dæmdur í lífstíðarfangelsi án möguleika á reynslulausn.

En líkt og hann hafði lofað aðdáendum sínum öll þessi ár fór Unterweger aldrei aftur í fangelsi. Kvöldið eftir að dómurinn féll hengdi hann sig.




## Hausthefti Sögu kemur út

Hausthefti Sögu, tímarits Sögufélagsins, er komið út. Þrjár fræðigreinar eru í Sögu að þessu sinni. Sverrir Jakobsson fjallar um íslam og andstæður í íslensku miðaldasamfélagi. Vilhelm Vilhelmsson ræðir um félagsskap íslenskra róttæklinga í Manitoba í Kanada við upphaf síðustu aldar og Hrefna Róbertsdóttir veitir innsýn í lífshætti seint á 18. öld með umfjöllun um munaðarvöru og matarmenningu.




Ritstjóri Sögu, Sigrún Pálsdóttir, skrifar um efnistök í nýlegri bók sinni um Þóru Pétursdóttur og þau viðbrögð sem verkið vakti. Guðni Th. Jóhannesson fjallar í ítarlegum ritdómi um erlendar bækur um íslenska sögu og samtíð.


Fyllum hátíðina af samtölum
og sérblönduðu gæðakaffi.
GEVALIA
HELA BÖNOR
NY!
SYDITALIENSK ESPRESSO
GEVALIA
Original
GOTT KAFFI
FÆR FÓLK
TIL AÐ TALA
Gevalia gæðakaffi,
svo hrífandi að það talar sínu máli.

# Raunsæi og málamiðlun áttu ekki upp á pallborðið

Bókin Upp með fánann eftir **Gunnar Þór Bjarnason** segir frá erfiðu samstarfi nefndarmanna í millilandanefndinni svonefndu sem fjallaði um stöðu Íslands í danska ríkinu og ofsafengnum viðbrögðum Íslendinga við uppkastinu sem nefndin lagði fram fyrir kosningarnar 1908 bæði með og á móti. Eins og alkunna er höfnuðu Íslendingar uppkastinu – en var það til góðs eða ills?

**Upp með fánann**
Höfundur: **Gunnar Þór Bjarnason**
Útgáfa: **Mál og menning**
Fjöldi síðna: **343**

Christensen forsætisráðherra og formaður millilandanefndarinnar kveið viðræðunum við Íslendingana. Hann óttaðist að margar hindranir yrðu á veginum, hinir sjö fulltrúar íslensku þjóðarinnar væru til alls vísir og ætluðu sér sennilega ekki að linna látum fyrr en Danir viðurkenndu Ísland sem sérstakt ríki. Hann var engu að síður staðráðinn í að sýna þeim vinsemd og virðingu og láta þá finna að þeir væru kærkomnir gestir í höfuðborg ríkisins, lét til dæmis útvega hverjum og einum frímiða í Konunglega leikhúsið á tvær sýningar í viku meðan á Danmerkurdvölinni stóð.

Millilandanefndin kom saman í fyrsta sinn snemma morguns föstudaginn 28. febrúar í húsakynnum danska þingsins við Bredgade í Kaupmannahöfn. „Það kvað vera fremur draugalegur salur, sem hún hefst þar við í,“ skrifaði Jón Stefánsson í Norðra. En þetta er glæsileg bygging í hjarta höfuðborgarinnar, vítt til veggja og hátt til lofts. Ekki væsti um samningamennina í nefndarstofu númer sex.

Fyrsti fundurinn stóð í hálfa klukkustund og fór að mestu í að útdeila gögnum og ræða fyrirkomulag viðræðnanna. Samþykkt var að binda nefndarmenn þagnarskyldu þar til yfir lyki og að funda fjórum sinnum í viku, laugardaga og mánudaga kl. 10 fyrir hádegi og þriðjudaga og miðvikudaga kl. sjö að kvöldi. Annan fund nefndarinnar skyldi þó ekki halda fyrr en laugardaginn 7. mars. Fyrstu vikuna áttu menn að hafa ráðrúm til að búa sig undir reiptogið. Síðan var greinilega meiningin að láta hendur standa fram úr ermum. Fjórir fundir á viku, það var ekki svo lítið færst í fang.

Dönunum fannst í raun lítið hafa gerst á fyrsta fundinum. En Íslendingarnir voru í uppnámi. Ástæðan var sú að meðal þeirra gagna sem Danir lögðu fram voru upplýsingar frá hagfræðiskrifstofu danska ríkisins um fjárhagsviðskipti Íslands og Danmerkur á tímabilinu 1700 til 1907. Samkvæmt þeim skulduðu Íslendingar ríkissjóði rúmlega fimm milljónir króna. Undanfarnar tvær aldir töldu Danir sig sem sagt hafa lagt mun meira til Íslands en sem nam tekjum af landinu. Þetta voru gríðarmiklir peningar en tekjur landssjóðs Íslands 1907 og 1908 námu tæplega einni og hálfri milljón króna hvort árið. Samkvæmt útreikningum dönsku hagfræðinganna hafði ríkissjóður Danmerkur haft allverulegar tekjur af Íslandi á 18. öld, sérstaklega framan af öldinni. Tekjuhallinn var nær allur til kominn á 19. öld og að langmestu leyti eftir 1870.



**MILLILANDANEFNDIN 1907** Christensen forsætisráðherra og formaður millilandanefndarinnar kveið viðræðunum við Íslendingana. Hann óttaðist að margar hindranir yrðu á veginum, hinir sjö fulltrúar íslensku þjóðarinnar væru til alls vísir og ætluðu sér sennilega ekki að linna látum fyrr en Danir viðurkenndu Ísland sem sérstakt ríki.



**HANNES HAFSTEIN**



**BJÖRN JÓNSSON**

➜ Sú tíu ára töf sem varð á lausn sambandsmálsins var dýru verði keypt. Þráteflið seinkaði brýnum stjórnarskrárbreytingum. Konur fengu kosningarétt seinna en ella hefði orðið... Sjálfstæðismálið hélt íslenskum stjórnmálum í gíslingu árum saman svo stundum jaðraði við upplausnarástand.

Jón Sigurðsson reiknaði á sínum tíma út að Íslendingar ættu inni háar fjárhæðir hjá dönskum stjórnvöldum vegna hagnaðar sem Danir hefðu haft af Íslandi á fyrri öldum, einkum vegna upptöku á eignum biskupsstólanna og klaustra, sölu konungsjarða og einokunarverslunar. Íslendingar voru sannfærðir um að útreikningar þjóðhetjunnar væru réttir og sannir.

Nú var ljóst að danskir hagfræðingar gáfu ekki mikið fyrir slíka talnaspeki. Íslendingunum í millilandanefndinni var brugðið. Þeir voru eins og fótboltalið sem fær á sig mark á fyrstu mínútu. Eitt-núll fyrir Dani og varla búið að flauta til leiks. Var þetta áróðursbragð hjá dönsku nefndarmönnunum? Vildu þeir stilla viðsemjendum sínum upp við vegg? Var það forboði þess sem koma skyldi? [...]

### Hvers vegna var

Pólitískir andstæðingar Hannesar Hafsteins og heimastjórnarmanna vildu bola ráðherranum frá völdum og setjast sjálfir að kjötkötlunum. Það var meginskýringin á kosningaúrslitunum, sögðu fylgismenn uppkastsins. Þetta kom skýrt fram í blaðaskrifum eftir kosningar, í orðum Hannesar á Alþingi 1909 og hefur síðan verið margendurtekið af ýmsum sem um þetta tímabil hafa skrifað. Enginn vafi leikur á því að flokkapólitík og persónulegar ýfingar fléttuðust inn í baráttuna um uppkastið. Andúð á Hannesi, jafnvel hefnigirni og öfund í hans garð, hefur örugglega átt þátt í því hversu heiftarlega Björn Jónsson og fleiri sjálfstæðismenn börðust gegn uppkastinu, jafnvel ráðið mestu um afstöðu einhverra. En það verður ekki af neinni sanngirni sagt um alla þá sem mest höfðu sig í frammi í kosningabaráttunni, til dæmis marga landvarnarmenn. Og hversu ofarlega var valdapólitík í huga almennra kjósenda þegar þeir gengu að kjörborðinu? Um það verður auðvitað ekkert sagt með vissu. Eins og jafnan í stjórnmálum vógu valdabarátta og hugsjónir salt í átökunum um uppkastið. Pólitískur og persónulegur metnaður andstæðinga Íslandsráðherrans eru fjarri því að geta útskýrt að fullu úrslitin í alþingiskosningunum 1908.

Mikilvægustu skýringuna á sigri sjálfstæðismanna í kosningunum er að líkindum að finna í þeirri þjóðernisbylgju sem hafði flætt eins og glóandi hraunstraumur um byggðir landsins. Örfáum árum fyrr hefðu nær allir Íslendingar afgreitt hugmyndir um fullveldi og fullkomið sjálfstæði sem óráðshjal. En ekki lengur. Það er eins og Hannes Hafstein og margir samherja hans hafi ekki áttað sig á þessu. Þjóðin var full sjálfstrausts og komin skrefi lengra en ráðamenn landsins. Bjartsýni og framfaratrú aldamótaáranna höfðu runnið saman við þjóðernishugsjónir landvarnarmanna og ungmennafélagsandann sem sveif yfir vötnum í sveitum landsins. Erlendis höfðu sjálfstæðishreyfingar byr í seglin og Norðmenn höfðu sýnt og sannað að fámennar þjóðir gátu staðið á eigin fótum.

### Fordæmi Noregs seint ofmetið

Rökin gegn uppkastinu hittu í mark hjá þjóð sem var gagntekin af framfaratrú og sjálfstæðishugsjón. Raunsæi og málamiðlun áttu ekki upp á pallborðið. Hugmyndir og hugtök róttæklinganna í sjálfstæðismálinu mótuðu tíðarandann og stýrðu stjórnmálaumræðunni.

Forsendur þjóðernisvakningarinnar voru samfelldur hagvöxtur í nær tvo áratugi og efnahagslegur uppgangur. Fyrstu sjö ár 20. aldar einkenndust af þenslu og uppgangi í atvinnulífinu. Sjávarútvegur var í stórsókn og afli jókst ár frá ári. Byggingarstarfsemi var í blóma og hið opinbera stóð fyrir ýmsum stórframkvæmdum, til dæmis lagningu landsímans. Verslun dafnaði og framfarir urðu í landbúnaði. Árið 1907 var í sumu eins og árið 2007. Allt var á blússandi siglingu, allar leiðir virtust greiðar. Var það kannski góðærið sem drap uppkastið? Áttu þilskip, vélbátar og togarar meiri þátt í sigri sjálfstæðismanna en Bjarni frá Vogi, Björn í Ísafold og Þjóðólfsritstjórinn Hannes Þorsteinsson? Hagsældin lagðist á sveif með andstæðingum uppkastsins og þannig mætti kannski segja að Hannes Hafstein hafi orðið fórnarlamb eigin velgengni við landstjórnina. Sumarið 1908 hafði íslenskur almenningur lítt eða ekki orðið var hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu sem hófst síðla árs 1907. Þjóðin hafði notið góðs af langvarandi friði í Evrópu og sívaxandi alþjóðaviðskiptum. Þess vegna gátu menn krafist meira og meira sjálfstæðis án þess að hafa áhyggjur af landvörnum. Þess vegna heimtuðu menn fullveldi án þess að velta mikið vöngum yfir formlegum samskiptum við önnur ríki. [...]

### Íslensk stjórnmál í gíslingu

Sagan verður ekki sögð í viðtengingarhætti. En sú spurning vaknar óhjákvæmilega hverju það hefði breytt í Íslandssögunni ef landsmenn hefðu samþykkt uppkastið. Er víst að ný sambandslög, byggð á frumvarpi millilandanefndarinnar, hefðu tafið sókn þjóðarinnar til sjálfstæðis, jafnvel bundið hendur hennar til langs tíma? Hefði Íslendingum ef til vill farnast betur með því að fylkja sér að baki Hannesi Hafstein í kosningunum 1908? [...]

Sú tíu ára töf sem varð á lausn sambandsmálsins var dýru verði keypt. Þráteflið seinkaði brýnum stjórnarskrárbreytingum. Konur fengu kosningarétt seinna en ella hefði orðið. Langvinnar deilur um sambandið við Dani stóðu líka í vegi fyrir tímabærri uppstokkun á flokkakerfinu og stálu ómældum tíma og orku frá stjórnmálamönnum. Sjálfstæðismálið hélt íslenskum stjórnmálum í gíslingu árum saman svo stundum jaðraði við upplausnarástand. Það hefði ekki gerst hefðu Íslendingar samþykkt uppkastið. Getur verið að þá hefði mótast heilbrigðara stjórnmálalíf hér á landi og átakahefð ekki skotið eins djúpum rótum og raun varð? Hefðu þá ráðamenn verið betur í stakk búnir til að bregðast við þjóðfélagsbreytingum og efnahagslegum þrengingum sem fylgdu heimsstyrjöldinni fyrri?

Skýringargreinum aftanmáls er sleppt hér.



JBL by HARMAN

# HEIMABÍÓ Í EINUM HÁTALARA



HELSTU KOSTIR
- Getur notað sömu fjarstýringu og sjónvarpið
- Harman Display Surround tækni
- Þráðlaus Bluetooth tenging
- Einfalt í uppsetningu

NÝ SENDING



JBL Cinema SB200

Einfaldlega tengt og spilað. Soundbar heimabíó með HARMAN Display Surround tækni og Bluetooth tengingu.

Bluetooth

VERÐ 59.990

# Góðar gjafir og Gleðileg Jól

## MP3 SPILARAR



Lenco AUDIO-VIDEO

**Lenco Xemio 655**
MP3 spilari með 4GB minni og 1,8" skjá. Upptökumöguleiki. USB 2.0 tengi. Rauf fyrir Micro SD kort að 8GB. Rafhlaða dugar u.þ.b. 8 klst. í afspilun á tónlist og 3,5 klst í afspilun á mynd.

VERÐ 5.990

## SJÓNAUKAR



Sky-Watcher

**Skywatcer SWHERITAGE76**
Dobson stjörnusjónauki með 5x24 leitarsjónauka, 76mm (3") ljósopi, 300mm brennivídd, f/3,95 brennihlutfalli. Sjónauki með 25mm gleri (12x), 10mm augngleri (30x) og tunglsíu.

VERÐ 11.990

## HÁTALARAR



FYRIR iPHONE5

**JBL ONBEATMICROBLACK**
Hátalalari með iPod/iPhone vöggu. Lightroom tengi fyrir iPhone5. Tveir Odyssey Neodymium hátalarar. Snertitakkar fyrir hljóðstyrk.

VERÐ 19.990

## MYNDAVÉLAR



OLYMPUS

**Olympus VG170**
Myndavél með 14 milljónir punkta upplausn. 5x Optical og 4x Digital Zoom. 4.7 - 23,5mm linsa. 3" LCD skjár. Face Detection. iESP Auto, Spot AF, Face Detection AF, AF Tracking. Auto Exposure og 3D myndataka. HD vídeó upptaka. Sendir myndir þráðlaust í tölvu/ síma. SD kortarauf. 49 MB minni. Hleðslurafhlaða.

VERÐ 19.990

## SJÓNVÖRP




**Finlux 22FLHS910LU**
22" HD örþunnt LED sjónvarp með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Scart, HDMI, USB tengi, Digital Coax, VGA, heyrnartólstengi og CI rauf fyrir afruglarakort. Fyrir 12v - 230v.

VERÐ 49.990

## MYNDVARPAR



EPSON

**Epson EHTW480**
Heimabíóskjávarpi með D-Ready 1280x720p upplausn og 2800 ANSI Lumens birtu. 16:9 hlutfall. Skerpa 3000:1. 1.6 x Optical Zoom.

VERÐ 139.990

SM.IS

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

# Stundin okkar í áratugi

Jólastundunum eru gerð sérstök skil í fjögurra diska útgáfu.

Unnendur Stundarinnar okkar geta glaðst um þessar mundir því Ríkisútvarpið gaf nýverið út fjögurra diska kassa með efni úr Stundinni okkar frá árunum 1966 til 2012. Á diskunum er ýmislegt skemmtilegt úr tæplega hálfrar aldar sögu barnatímans sem er elsti íslenski sjónvarpsþátturinn sem enn er sendur út. Þess má geta að fyrsta útsendingin var á jóladag 1966 klukkan 18.

Brúður léku lykilhlutverk í Stundinni okkar fyrstu árin, en þar má nefna Krumma félaga Rannveigar, Glámur og Skrám og Pál Vilhjálmsson.

Leiknar persónur voru einkenni á þáttum Bryndísar Schram 1979 til 1983 þar sem Þórhallur Sigurðsson leikari þróaði margar af þekktustu persónum sínum, svo sem Eirík Fjalar og Þórð húsvörð. Gunni og Felix léku samnefndar persónur í þáttum sínum 1994 til 1996 en Þóra Sigurðardóttir og Jóhann G. Jóhannsson gengu skrefinu lengra árið 2002 og bjuggu til persónurnar Birtu og Bárð.

Frá 2007 hefur þátturinn byggst á samhangandi leiknum atriðum þar sem aðalpersónur hafa veri Stígur og Snæfríður, Björgvin Franz og nú síðast Sunna Karítas Oktavía Torfhildur Tildurrófa Aðaldal eða bara Skotta.

Allar þessar söguhetjur er að finna á diskunum raðað er eftir tímaröð auk þess sem einn diskurinn er helgaður Jólastundinni okkar.



**BRYNDÍS SCHRAM** Var umsjónarmaður Stundarinnar okkar 1979-83.


# OPNUNARTÍMI UM HÁTÍÐIRNAR

Vínbúðirnar á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, í Reykjanesbæ og á Selfossi

| | |
|---|---|
| Fimmtudagur 20. desember | kl. 11.00 – 19.00 |
| *Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | kl. 10.00 – 20.00 |
| Föstudagur 21. desember | kl. 11.00 – 20.00 |
| *Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | kl 10.00 – 20.00 |
| Laugardagur 22. desember | kl. 11.00 – 22.00 |
| **Sunnudagur 23. desember** | **LOKAÐ** |
| Mánudagur 24. desember | kl. 09.00 – 13.00 |
| **Þriðjudagur 25. desember (jóladagur)** | **LOKAÐ** |
| **Miðvikudagur 26. desember (annar í jólum)** | **LOKAÐ** |
| Fimmtudagur 27. desember | kl. 11.00 – 18.00 |
| Föstudagur 28. desember | kl. 11.00 – 19.00 |
| *Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur* | kl. 10.00 – 20.00 |
| Laugardagur 29. desember | kl. 11.00 – 19.00 |
| **Sunnudagur 30. desember** | **LOKAÐ** |
| Mánudagur 31. desember | kl. 09.00 – 14.00 |
| **Þriðjudagur 1. janúar (nýársdagur)** | **LOKAÐ** |

Nánari upplýsingar um opnunartíma er að finna á **vinbudin.is**

VÍNBÚÐIN
vinbudin.is




**PIXLAR** Hringiða er eitt verkanna á sýningu Elínar G. Jóhannsdóttur.

## Pixlar í Listasal

**Myndlistarsýningin Pixlar stendur yfir í Listasal Mosfellsbæjar. Það er listakonan Elín G. Jóhannsdóttir sem sýnir að þessu sinni 16 olíu- og akrýlmálverk. Viðfangsefni sýningarinnar er borgarnáttúran með gleði og glensi hversdagsleikans. Heiti sýningarinnar Pixlar vísar til stafrænnar ljósmyndar. Hugmyndin um pixla er útfærð við gerð málverkanna þar sem þeir eru litríkir og ákveðna fjarlægð þarf til að sjá heildarmyndina.**

**Sýningin verður opin frá kl 12 til 18 virka daga og 12 til 15 á laugardögum, á sama tíma og bókasafnið, um hátíðarnar og til 11. janúar 2013.**

## Englar skreyta himnana

Hið hugljúfa tónlistarævintýri Elínar Gunnlaugsdóttur Englajól, sem var frumflutt árið 2010, er nú komið út á geisladiski með listrænum myndum Elide Gramegna og Önnu Fríðu Giudice. Englajól byggir á samnefndri sögu eftir Guðrúnu Helgadóttur sem minnir okkur á friðar- og kærleiksboðskap jólanna. Englarnir skreyta himnana og halda heilög jól fyrir fátæk börn veraldarinnar.



**ELÍN GUNNLAUGSDÓTTIR**

Það er leikarinn Sigurþór Heimisson sem les en um tónlistarflutning sjá Shehrézade-hópurinn, félagar úr Kársneskórnum og Unglingakór Selfosskirkju. Stjórnandi er Magnús Ragnarsson.


Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE IMAGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 5513010

# Ojba Rasta og Egill styðja Mæðrastyrksnefnd

Hljómsveitin Ojba Rasta stendur fyrir tónleikum á Faktorý annað kvöld og mun allur ágóði renna til Mæðrastyrksnefndar.

Reggíhljómsveitin Ojba Rasta, ásamt góðum gestum, ætlar að láta gott af sér leiða fyrir jól og halda góðgerðatónleika til styrktar Mæðrastyrksnefnd annað kvöld. Sveitin hefur fengið til liðs við sig sjálfan Egil Ólafsson auk Gnúsa Yones úr Amöbu Dömu, Birki B og Badda úr Forgotten Lores og fleiri listamenn.

Það átta sig kannski ekki allir sem á tengingu Egils Ólafssonar við reggítónlist. Meðlimir Ojba Rasta segja hann þó vera mikinn reggí-mann og það sannist til dæmis í laginu „Ekkert þras“ þar sem heyra megi greinilega áhrif úr reggí. Ojba Rasta-meðlimir eru miklir aðdáendur Egils og segjast meðlimir bandsins eiga margar góðar stundir saman hlustandi á tónlist hans. Það var því aldrei vafi á með hverjum þau langaði að spila á tónleikunum fyrir jól.

Í haust gaf Ojba Rasta út sína fyrstu breiðskífu. Á tónleikunum mun sveitin leika lög af breiðskífunni í bland við glæný lög. Tónlistarmennirnir koma allir fram kauplaust á tónleikunum og mun allur ágóði renna óskertur til Mæðrastyrksnefndar.

Húsið verður opnað klukkan 22 og tónleikarnir hefjast kl. 23.00. Miðasala er hafin á midi.is og í verslunum Brims við Laugaveg og í Kringlunni.



**STYRKJA MÆÐUR** Ojba Rasta og Egill Ólafsson koma fram ásamt fleirum á Faktorý annað kvöld.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 20. DESEMBER 2012**

### Uppákomur

**11.00** Bjúgnakrækir kíkir í heimsókn á Þjóðminjasafn Íslands. Aðgangur er ókeypis.



**12.34** Fjölbreytt menningardagskrá er í boði á Jóladagatali Norræna hússins. Uppákomur hvers dags eru gestum huldar þar til gluggi dagatalsins verður opnaður í upphafi atburðarins. Listamaðurinn Hugleikur Dagsson gerði dagatalið í ár.

**13.30** Sóla sögukona skemmtir í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Hún segir börnunum sögur af sjálfri sér, jólasveininum og jólakettinum. Allir velkomnir.

### Tónlist

**20.00** Íslenski sönglistahópurinn flytur rammíslensk jólalög við kertaljós í Iðnó. Á efnisskrá eru perlur sem allir þekkja í bland við minna þekkt verk sem sjaldan eru flutt.

**20.12** Samúel Jón Samúelsson Big Band heldur útgáfutónleika í Gamla Bíói í tilefni nýrrar plötu sinnar, 4 Hliðar. Hljómsveitin er skipuð 18 hljóðfæraleikurum og leikur frumsamda tónlist undir áhrifum frá Nígerísku Afróbíti, Eþíópískum jazzi, brasilískum samba töktum, bandarísku funki og stórsveitarjazzi blandað við íslenska veðursveiflu og eyjaskeggja þrjósku.



**21.00** Camerarctica leikur ljúfa tónlist við kertaljós á tónleikunum Mozart við kertaljós í Kópavogskirkju. Aðgangseyrir er kr. 2.500 en kr. 1.500 fyrir nemendur og eldri borgara og frítt fyrir börn.

**22.00** Magnús Einarsson,Eðvarð Lárusson,Karl Pétur Smith og Tómas Tómasson leika tónlist eftir The Rolling Stones á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Fyrirlestrar

**12.05** Magnús Sveinn Helgason sagnfræðingur flytur erindið Íslenska neyslusamfélagið. Úr neysluæði í kreppu í Þjóðminjasafni Íslands. Fyrirlesturinn er hluti af hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðifélags Íslands undir yfirskriftinni Hvað er fátækt?

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*





## TÓNNINN GEFINN

Trausti Júlíusson

# Tónlist í jólapakkann

Það var mikið gert grín að dómnefnd Rannsóknarseturs verslunarinnar í fyrra þegar hún valdi spjaldtölvu sem jólagjöf ársins. Í ár vandaði dómnefndin sig greinilega meira og valdi íslenska tónlist sem jólagjöf ársins. Flott val sem auðvelt er að færa góð rök fyrir.

Í fyrsta lagi er verðið mjög viðráðanlegt og svo er árið 2012 líka búið að vera mjög gott ár fyrir íslenska tónlist. Það hefur sjaldan eða aldrei komið út jafn mikið af góðum plötum. Gæðaplötur ársins skipta tugum og það er eitthvað í boði fyrir alla. Plötur Ásgeirs Trausta, Retro Stefson, Moses Hightower og Hjaltalín eru dæmi um plötur sem hafa slegið í gegn, en það eru mjög margar fleiri flottar plötur í popp-, rokk- og jaðardeildinni eins og sést í árslistavali tónlistarspekúlanta hér í blaðinu. Og það er margt annað í boði. Gamlir jaxlar eins og Mannakorn, Magnús og Jóhann og Bubbi komu t.d. með fínar plötur á árinu og í djassdeildinni er hægt að velja um plötur frá adhd, Skúla Sverris & Óskari Guðjóns og Stórsveit Samúel J. Samúelssonar svo eitthvað sé nefnt. Og svo eru það sparipakkarnir.




**MARGAR FLOTTAR ÚTGÁFUR** 25 ára afmælistónleikar Nýdanskrar eru dæmi um glæsilegan tónlistarpakka.

Í boði eru m.a. mjög glæsilegir ferilspakkar með Ríó Tríó (3 plötur og DVD-diskur), Andreu Gylfa, Megasi og Jet Black Joe og svo voru nokkrir af stórtónleikum ársins gefnir út: Þar á meðal eru Stuðmenn í Hörpu, Minningartónleikarnir um Elly Vilhjálms og 25 ára afmælistónleikar Nýdanskrar. Síðastnefndu tónleikarnir voru algerlega frábærir. Hljómsveitin spilaði ekki bara bestu lögin sín heldur bryddaði upp á ýmsum nýjungum, fékk t.d. gesti til að flytja sum laganna. Þar á meðal voru KK, Hjaltalín og Unnsteinn úr Retro Stefson. Með afmælisútgáfunni fylgir líka aukadiskur með endurgerðum nokkurra listamanna á sígildum smellum með sveitinni. Flottur pakki!

## Í spilaranum





**Samúel Jón Samúelsson** Big Band
**Brother Grass** Jól
**Monterey** Time Passing Time









**USHER** Climax með Bandaríska R&B-tónlistarmanninum Usher er eitt af lögum ársins. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ocean og Usher oftast á topp fimm

Erlendir tónlistarmiðlar hafa birt lista með bestu lögum ársins 2012.

Erlendir tónlistarmiðlar hafa verið uppteknir við að birta hina ýmsu árslista að undanförnu. Listi yfir bestu lögin er þar ekki undanskilinn. Ekki kemur á óvart að bandaríski tónlistarmaðurinn Frank Ocean kemur við sögu á flestum listunum, enda var platan hans, Channel Orange, sú sem þótti skara fram úr á þessu ári þegar allir plötudómar höfðu verið teknir saman. Ocean á þrjú mismunandi lög á neðantöldum listum.

Annar Bandaríkjamaður, Usher, virðist einnig hafa hitt rækilega í mark með laginu Climax sem er tekið af plötunni Looking 4 Myself. Rapparinn Kendrick Lamar er einnig áberandi á topp fimm listunum. Hann gaf út plötuna good kid, m.A.A.d city sem fékk góðar viðtökur hjá gagnrýnendum.

Athygli vekur að konur syngja besta lagið á fjórum listum af sjö. Þetta eru Fiona Apple, Claire Boucher (Grimes), Brittany Howard úr Alabama Shakes og hin kanadíska Carly Rae Jepsen.

### The Guardian og Observer

1. **Carly Rae Jepsen** – Call Me Maybe
2. **Usher** – Climax
3. **Plan B** – Ill Manors
4. **Jessie Ware** – 110%
5. **Taylor Swift** – We Are Never Ever Getting Back Together

### Pretty Much Amazing

1. **Fiona Apple** – Every Single Night
2. **Usher** – Climax
3. **Beach House** – Myth
4. **Frank Ocean** – Bad Religion
5. **Kendrick Lamar** – Sing About Me / I'm Dying of Thirst

### Slate

1 **Frank Ocean** – Thinkin Bout You
2 **Kacey Musgraves** – Merry Go ´Round
3 **Justin Bieber** – Die in Your Arms
4 **Fun og Janelle Monée** – We Are Young
5 **Alan Jackson** – So You Don't Have to Love Me Anymore

### Rolling Stone

1. **Alabama Shakes** – Hold On
2. **Taylor Swift** – We Are Never Ever Getting Back Together
3. **Passion Pit** – Take a Walk
4. **Frank Ocean** – Thinkin Bout You
5. **Neil Young og Crazy Horse** – Ramada Inn

### Pitchfork

1. **Grimes** – Oblivion
2. **Frank Ocean** – Pyramids
3. **Usher** – Climax
4. **Kendrick Lamar** – Bitch Don't Kill My Vibe
5. **Japandroids** – The House That Heaven Built

### Spin

1. **G.O.O.D. Music** – Mercy
2. **Japandroids** – The House That Heaven Built
3. **Frank Ocean** – Bad Religion
4. **Kendrick Lamar** – Swimming Pools (Drank)
5. **Bat For Lashes** – Laura

### Billboard

1. **Usher** – Climax
2. **Carly Rae Jepsen** – Call Me Maybe
3. **G.O.O.D. Music** – Mercy
4. **Fun** – Some Nights
5. **Miguel** – Adorn

## 13.12.2012 ➔ 19.12.2012

### LAGALISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Jónas Sigurðsson | Hafið er svart |
| ▲ | 2 | Labrinth / Emeli Sandé | Beneath You're Beautiful |
| ▲ | 3 | Adele | Skyfall |
| ▼ | 4 | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| ▲ | 5 | Retro Stefson | Julia |
| ▼ | 6 | Blaz Roca / Ásgeir Trausti | Hvítir skór |
| ▼ | 7 | Rihanna | Diamonds |
| ▼ | 8 | Pink | Try |
| ▲ | 9 | Ed Sheeran | Give Me Love |
| ▲ | 10 | Of Monsters and Men | Mountain Sounds |

### TÓNLISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| ▲ | 2 | Ýmsir | Minning. um Elly Vilhjálms |
| ▼ | 3 | Retro Stefson | Retro Stefson |
| ▲ | 4 | Of Monsters and Men | My Head Is an Animal |
| ▲ | 5 | Ýmsir | Pottþétt 58 |
| ▼ | 6 | Raggi Bjarna | Dúettar |
| ▼ | 7 | Valdimar | Um stund |
| ▶ | 8 | Ríó | Eitthvað undarlegt |
| ▲ | 9 | Sigurður Guðmundsson & Memfismafían | Okkar menn í Havana |
| ▼ | 10 | Skálmöld | Börn Loka |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ★ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

VERSLAÐU Á ÚTSÖLU ... FYRIR JÓL!

# JÓLA BOMBA



## 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM!

AFSLÁTTURINN GILDIR AF OUTLETVERÐUM OG GETUR ÞVÍ VERIÐ ALLT AÐ 80% FRÁ UPPHAFLEGU VERÐI!

FÁÐU SKIPTIMIÐA Á ALLAR JÓLAGJAFIR!

OPIÐ TIL KL. 22 ...
... 23 Á ÞORLÁKSMESSU,
10-12 Á AÐFANGADAG!

KORPU OUTLET

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • S. 578 9400

TAX FREE

Ráðandi - auglýsingastofa ehf

# Saman í dýrabjörgun

Noomi Rapace og Tom Hardy gætu leikið saman.



**LEIKA SAMAN** Noomi Rapace og Tom Hardy gætu leikið saman í kvikmyndinni Animal Rescue. NORDICPHOTOS/GETTY

Sænska leikkonan Noomi Rapace hefur verið orðuð við hlutverk í kvikmyndinni Animal Rescue. Myndinni verður leikstýrt af Michael R. Roskam og mun að öllum líkindum skarta Tom Hardy í aðalhlutverki.

Handrit myndarinnar er skrifað af Dennis Lehane og er byggt á smásögu eftir fyrrnefndan Lehane og segir frá barþjóni sem bjargar hvolpi en lendir í kjölfarið í ónáð hjá fyrri eiganda dýrsins. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem ritverk eftir Lehane er aðlagað að kvikmyndaforminu, bækurnar Mystic River og Shutter Island hafa þegar verið kvikmyndaðar. Lehane hefur einnig komið að handritaskrifum hinna vinsælu sjónvarpsþátta The Wire. Það má því ætla að Animal Rescue njóti vinsælda þegar þar að kemur.

# Leikstýrir aftur

Angelina Jolie sest aftur í leikstjórastólinn.



**ANGELINA JOLIE**

**Angelina Jolie mun leikstýra kvikmyndinni Unbroken, sem byggð er á metsölubókinni Unbroken: A World War II Story Of Survival, Resilience and Redemption eftir Lauru Hillenbrand. Þetta verður önnur kvikmyndin sem Jolie leikstýrir.**

**Unbroken segir frá Ólympíufaranum og herflugmanninum Louis Zamperini sem lendir í ótrúlegum hrakningum þegar orrustuvél hans er skotin niður yfir Kyrrahafinu í seinni heimstyrjöldinni.**

**„Ég las hina frábæru bók Lauru Hillenbrand og varð heilluð af hetjulegri baráttu Louie Zamperini. Ég ákvað strax að berjast fyrir kvikmyndaréttinum á bókinni. Louie er sönn hetja og býr yfir feikilegri manngæsku, trú og hugrekki. Það er mér heiður að fá tækifæri til að segja þessa einstöku sögu," sagði Jolie um verkefnið. Frumraun hennar sem leikstjóri var kvikmyndin In the Land of Blood and Honey sem gerist á tímum Bosníustríðsins.**

# Vingast við tígrisdýr

Drengur og tígrisdýr festast saman á sjó í 227 daga.

Stórmyndin Life of Pi verður frumsýnd annað kvöld. Myndin var tilnefnd til þriggja Golden Globe-verðlauna á dögunum, þar á meðal sem besta myndin. Auk þess hefur hún hlotið fjölda annarra verðlauna og tilnefninga og hefur verið sterklega orðuð við Óskarsverðlaun.

Life of Pi er byggð á samnefndri metsölubók Yann Martel sem segir sögu hins unga Piscine Patel, sem kallaður er Pi. Fjölskylda Pi ákveður að pakka saman dýragarðinum sínum á Indlandi og flytjast til Kanada í leit að betra lífi. Það fer þó ekki betur en svo að skipið sem flutti fjölskylduna og dýrin yfir hafið lendir í óveðri og sekkur. Þeir einu sem komast lífs af eru Pi, órangútan, hýena, sebrahestur og tígrisdýrið Richard Parker. Pi og dýrunum tekst að koma sér í einn og sama björgunarbátinn en sambúðin og það að halda lífi úti á hafi er þeim síður en svo auðvelt. Innan skamms eru Pi og Richard Parker einir eftir í bátnum og myndast mikil vinátta þeirra á milli í þá 227 daga sem þeir húka á sjónum þar til þá loks rekur á strendur Mexíkó, nær dauða en lífi.



**ÓLÍKIR VINIR** Pi og Richard Parker þurfa að læra að lifa í sátt og samlyndi í þá 227 daga sem þeir verja saman úti á sjó.

Myndin þykir stórkostlega gerð og glæsilegar tæknibrellur eru notaðar til að búa til töfrandi og ævintýralegan heim. Til að auka á upplifunina er hún svo sýnd í þrívídd.



**ÁTAKASAGA** The Impossible segir frá fjölskyldu sem berst fyrir lífi sínu er hún lendir í miðri flóðbylgjunni sem átti sér stað við Indlandshaf árið 2004.

# Ótrúleg og sönn saga

The Impossible segir frá fjölskyldu sem lendir í flóðbylgjunni sem skall á Taílandi á annan í jólum árið 2004. Ótrúleg saga sem byggð er á sönnum atburðum.

Tugir þúsunda manna fórust annan í jólum árið 2004 þegar allt að tíu metra há flóðbylgja skall á ströndum margra landa við Indlandshaf eftir jarðskjálfta sem átti upptök sín í sjónum vestur af Súmötru. Flóðbylgjan æddi yfir Indlandshaf á gríðarlegum hraða og sökkti um leið hundruðum skipa og upprætti heilu þorpin. Kvikmyndin The Impossible segir sögu fjölskyldu sem lifði af náttúruhamfarirnar.

Hjónin Henry og Maria eru stödd á Taílandi ásamt sonum sínum þremur, Simon, Thomas og Lucas, þegar flóðbylgjan skellur skyndilega á að morgni hins 26. desember. Mikil skelfing grípur þá sem fyrir henni verða og berst fólk fyrir lífi sínu á meðan straumurinn rífur með sér allt sem fyrir verður. Þegar látunum linnir hefur fjölskyldunni, líkt og svo mörgum öðrum fjölskyldum, verið sundrað og leita þau nú leiða til að finna hvert annað aftur.

## Hittu raunverulegu fjölskylduna

Naomi Watts, Ewan McGregor og ungu leikararnir þrír fengu að hitta spænsku fjölskylduna sem sagan er byggð á á kvikmyndahátíðinni í Toronto á þessu ári. Watts og McGregor hafa áður leikið par. Það var í kvikmyndinni Stay frá árinu 2005.

Spænski leikstjórinn Juan Antonio Bayona leikstýrir þessari magnþrungnu mynd og lagði hann mikla áherslu á að endurskapa atburðarásina á sem nákvæmasta hátt. Tökur áttu sér stað á stöðum sem urðu hvað harðast úti eftir hamfarirnar og raunverulegir eftirlifendur koma einnig fram í myndinni. Handritið er skrifað af Sergio G. Sánchez, en hann og Bayona unnu einnig saman að gerð hrollvekjunnar El orfanato frá árinu 2007. Naomi Watts og Ewan McGregor fara með hlutverk Mariu og Henry og með hlutverk drengjanna þriggja fara Tom Holland, Samuel Joslin og Oaklee Pendergast. Með önnur hlutverk fara Geraldine Chaplin, Marta Etura og Simon Blyberg.

The Impossible hefur víðast hvar hlotið góða dóma. Vefsíðan Rottentomatoes.com gefur henni 83 prósent og áhorfendur gefa henni 96 prósent. Gagnrýnendum eru sammála um að myndin sé sjónrænt meistaraverk og að leikur Naomi Watts og Ewan McGregor gæði myndina enn frekari dýpt. Sumum þykir tilfinningasemin á köflum helst til of mikil og að raunaleg píanólög auki enn frekar á væmnina. Gagnrýnandi The Guardian segir meðal annars að endir The Impossible væri fráleitur ef ekki væri fyrir þá staðreynd að myndin er byggð á sönnum atburðum.






JOE BOXER®
Kringlunni, Smáralind og Glerártorgi Akureyri

# Skötuhlaðborð
á Þorláksmessu

Grand Hótel Reykjavík
23. desember, kl. 12:00-14:00



Heiðursgestur er Guðni Ágústsson
Guðni mun stíga í pontu kl. 12:45

Rammíslenskt skötuhlaðborð

Kæst vestfirsk og söltuð skata, smáskata, saltfiskur og nætursaltaður fiskur.
Skötustappa að vestfirskum hætti, hnoðmör, kartöflur, rófur, bráðið smjör, hamsatólg og síld.
Soðkökur, flatkökur, rúgbrauð og laufabrauð.

Verð kr. 4.900
Pantaðu í síma 514 8000

Grand HÓTEL REYKJAVÍK
Sigtún 38, 105 Reykjavík / Sími 514 8000 / www.grand.is




HEILLUÐ AF FIMMHYRNINGUM Vöru- og innanhússhönnuðurinn Sonja Björk Ragnarsdóttir hefur sent frá sér kertastjakana 5 frá SO by Sonja sem fást meðal annars í Kraumi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Stjakarnir mynda fullkomna óreglu

**Innanhúss- og vöruhönnuðurinn Sonja Björk Ragnarsdóttir er nýflutt aftur heim eftir langa dvöl erlendis. Kertastjakarnir 5 er fyrsta varan sem hún sendir frá sér en hún er fullviss um að mörg tækifæri fyrir hönnuði leynast á Íslandi.**

„Mér fannst vanta kertastjaka fyrir há kerti sem væru ekki hringur. Ég er sjálf meira fyrir einfaldleika og beinar línur," segir Sonja Björk Ragnarsdóttir, innanhúss- og vöruhönnuður, sem á heiðurinn að kertastjökunum 5 frá So by Sonja.

Kertastjakarnir komu í búðir fyrir stuttu en hafa vakið athygli fyrir skemmtilegt form sitt. Þeir eru fimmhyrningar og fást í mörgum litum og stærðum. „Mér fannst vera mikið um sexhyrninga í hönnun en lítið um fimmhyrninginn en sjálfri finnst mér hann heillandi því það er ekki hægt að raða honum í rétta röð. Hann myndar því hina fullkomna óreglu, svolítið eins og lífið sjálft," segir Sonja Björk og bætir við að það hafi svo verið óvæntur bónus að stjakarnir líkjast stuðlabergi þegar þeir eru settir saman. „Ég var ekkert að hugsa um það fyrr en mér var bent á það, það er greinilegt að þetta íslenska náttúrueinkenni hefur verið í undirmeðvitundinni hjá mér við hönnunina."

Sonja Björk er nýflutt heim eftir fimm ára námsdvöl erlendis þar sem hún var eitt ár í Bandaríkjunum og fjögur í Mílanó þar sem hún nam innanhúss- og vöruhönnun. Einnig var Sonja Björk í vinnu hjá tískumerkinu Tod´s, sem sérhæfir sig í fylgihlutum og skóm, þar sem hún sá um útstillingar og glugga í búðum merkisins. „Mér fannst vera kominn tími á að ég kæmi heim núna. Þetta var komið gott úti og öfugt við marga finnst mér Ísland hafa upp á svo margt að bjóða. Hér leynast tækifæri en þegar maður hefur búið úti sér maður oft hlutina í öðru ljósi. Hér er auðveldara að nálgast allt, byrja smátt og þróa að mínu mati."



PAKKNINGAR Stjakarnir koma í skemmtilegum pokum.

Kertastjakar Sonju fást í búðinni Kraumi við Aðalstræti og hægt er að skoða þá að Facebooksíðunni So by Sonja.

alfrun@frettabladid.is

# Korselett vinsamlegast afþökkuð



**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!** Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu. kynlif@frettabladid.is

Ég er á seinustu stundu með jólagjafainnkaupin. Ég er ekki búin að kaupa nærri því allar gjafirnar og á eftir að gera lista yfir hvað mig langar í frá makanum. Ég er mjög skipulögð þegar kemur að jólagjöfum. Ég geri lista í nóvember yfir alla þá sem ég gef gjöf, legg svo hausinn í bleyti og reyni á um vikutímabili að fylla inn í hvað skuli gefa hverjum og einum. Þannig getur verslun hafst snemma og ég þarf ekki að vera í stressi og flakkandi á milli búða í fýlu. Stundum byrja ég meira að segja að kaupa gjafirnar í ágúst, svona ef ég dett niður á gott verð eða fæ snilldarhugmynd sem getur ekki beðið. Ég er nefnilega ein af þeim sem fá kvíðatengda drauma um að vakna á aðfangadag og hafa gleymt að kaupa allar jólagjafirnar. Til að róa sálartetrið þá er vissara að pakka inn og dreifa gjöfunum með góðum fyrirvara áður en kemur að slíkum draumförum. Ekki nóg með að ég skipuleggi mín eigin gjafainnkaup, held-ur hef ég líka puttana í innkaupum minna nánustu. Ég reyni að hlera hvað þiggjandann langar í og miðla því svo áfram til gefandans og býðst jafnvel til að kaupa það. Svona ef ég skyldi einmitt vera stödd í búðinni.

Ég reyni eftir fremsta mætti að stýra frá kynþokkafullum nærfötum og tvíræðnum nuddtækjum. Slíkir pakkar eiga ekki heima undir jólatrénu með gjöfum annarra fjölskyldumeðlima, þá ætti heldur að gefa í einrúmi síðar um kvöldið. Ég hef aldrei skilið það að gefa kynþokkafull nærföt í jólagjöf, fyrir mér er það hugsanlega tækifærisgjöf, eins og konudaginn. Þetta er nefnilega eigingjörn gjöf, hún er hugsuð fyrir þann sem gefur en ekki þann sem þiggur.

Ég hef verið í þessum sporum, fengið ógurlegt korselett með átta metra löngum böndum og þveng, líkt og úr kvennabúri soldáns. Ég brosti stirt, þakkaði honum fyrir tillitsemina að láta mig opna pakkann í einrúmi, og bað hann svo vinsamlegast um að gefa mér aldrei aftur nærföt, hvorki í afmælis- eða jólagjöf, mér fyndist það eiginlega bara glatað. Ef ákveðin nærföt kveiktu hjá honum losta mætti hann lauma þeim að mér við annað tilefni. Hann ætti heldur að nýta jól og afmæli í að gefa mér gjöf sem mig virkilega langaði í. Hins vegar tek ég fagnandi öllum bókum og þá mega þær endilega snúa að því sem mér þykir hvað áhugaverðast; kynlífi. Ég roðna ekkert við að opna það fyrir framan alla í fjölskyldunni enda fræðandi lesning sem stuðlar að því að upplýsa lesandann. En ætli við séum ekki öll misjöfn. Kannski þykir sumum æsandi nærföt hin fínasta jólagjöf, mér þykir það bara vera gömul og úrelt staðalímynd sem á ekki samastað undir jólatrénu.



ÓVINSÆL GJÖF? Kynþokkafull nærföt eru gjöf sem gleðja ekki alla. Þau gætu verið keypt af sjálfselskum ástæðum. NORDICPHOTOS/GETTY





Ævintýralega skemmtilegur og spennandi DVD diskur fyrir börn á öllum aldri!



Hafdís og Klemmi eru sniðugir krakkar sem snúa hversdagslegum atburðum upp í ævintýri!

Þau velta ýmsu fyrir sér. Af hverju að standa við gefin loforð? Geta góðverk lýst öðrum veginn?

Brúður og syngjandi börn koma einnig við sögu ásamt Tinnu táknmálsálfi.

Fæst í verslunum víða um land.

Skálholtsútgáfan – www.skalholtsutgafan.is Dreifing: SamFilm

# -15% HITAÐU VEL UPP FYRIR GAMLÁRSKVÖLD!

**FRÁBÆR MÖNDLUGJÖF**




## Sprengjuspilið
Vnr.: FER7476

**1.393**
Verð áður 1.990




**Frábært verð!**

Vaxlitir 16 lita Crayola
Vnr.: PBS24
**699,-**

**-26%**




Sjónauki
Vnr.: KOI2008
**3.990,-**
Verð áður 5.399,-




Memory Hello Kitty
Vnr.: FOU58447
**2490,-**


www.a4.is / sími 580 0000 / sala@a4.is
A4 Skeifunni 17 / A4 Smáratorgi 1 / A4 Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði
A4 Dalsbraut 1, Akureyri / A4 Miðvangi 13, Egilsstöðum / A4 Austurvegi 65, Selfossi
A4

## BESTU ERLENDU PLÖTURNAR 2012



1 **Jack White**
**Blunderbuss**
28 stig




2 **Frank Ocean**
**Channel Orange**
20 stig



3 **Alt-J**
**An Awesome Wave**
16 stig




4 **Fiona Apple**
**The Idler Wheel Is Wiser...**
13 stig



5 **Bat for Lashes**
**The Haunted Man**
11 stig



6 **Swans**
**The Seer**
9 stig / 3 tilnefningar



7 **Neil Young & Crazy Horse**
**Psychadelic Pill**
9 stig / 2 tilnefningar



8 **Tame Impala**
**Lonerism**
8 stig / 4 tilnefningar




9 **Ariel Pink's Haunted Graffiti**
**Mature Themes**
8 stig / 2 tilnefningar





10–11

**Dirty Projectors**
**Swing Lo Magellan**
7 stig

**Goodspeed You! Black Emperor**
**Allelujah! Don´t Bend! Ascend!**
7 stig

# Öruggur sigur JACK WHITE

Fyrsta sólóplata Jacks White er besta erlenda plata ársins 2012 samkvæmt sérfræðingum Fréttablaðsins. Undrabarnið Frank Ocean situr í öðru sætinu.

**Plötur** 2012

Fréttablaðið leitaði til valinna sérfræðinga til þess að ganga úr skugga um það hverjar væru bestu plötur ársins 2012. 19 manns skiluðu inn listum yfir bestu erlendu plöturnar, gagnrýnendur, fjölmiðlafólk og nafntogaðir tónlistaráhugamenn. Platan sem er í efsta sæti á lista hvers og eins fær 5 stig, platan í öðru sæti 4 stig og þannig koll af kolli. Ef tvær plötur fá jafn mörg stig þá fær sú plata sem er með fleiri tilnefningar hærra sæti á heildarlistanum.

Það er tvennt sem einkennir valið í ár. Í fyrsta lagi eru sömu plöturnar í toppsætunum og hafa verið að raða sér efst á svipaða lista í erlendum miðlum undanfarnar vikur og í öðru lagi fá mjög margar plötur aðeins eina tilnefningu. Það kemur sennilega engum á óvart að Íslandsvinurinn og fyrrverandi White Stripes-forsprakkinn Jack White sigrar nokkuð örugglega með sinni fyrstu sólóplötu Blunderbuss sem fær 28 stig. Platan fékk frábæra dóma og góðar viðtökur plötukaupenda strax og hún kom út síðasta vor. Í öðru sæti er svo R&B-undrabarnið Frank Ocean og platan hans Channel Orange með 20 stig. Næstar koma svo plötur Alt J, Fionu Apple og Bat for Lashes. Allt plötur sem hafa verið að fá mikið lof í tónlistarmiðlum víða um heim.

Oft hafa gamlir meistarar komið mjög vel út á listum af þessu tagi. Meirihluti listamannanna í tíu efstu sætunum í ár eru samt frekar ungir. Undantekningin er Neil Young sem nær sjöunda sæti með sinni nýjustu plötu. Rómaðar plötur Bob Dylan og Bruce Springsteen sem komu út á árinu ná hins vegar ekki inn á topp tíu.

▶









BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Verið velkomin í Bónus
# Opið í dag frá 10-19

Starfsfólk Bónus




## Gjafakort Bónus er tilvalin jólagjöf

Nú er hægt að fá Bónus gjafakortið í öllum verslunum Bónus. Hafðu samband við skrifstofuna og fáðu nánari upplýsingar

**Greiðslumöguleikar**

Þú leggur inn hjá okkur eða þú greiðir með símgreiðslu og sækir kortið í þá verslun sem þér hentar eða á skrifstofu Bónus.

**Skrifstofa Bónus:**

Opin alla virka daga frá kl. 9-16

Skútuvogur 13 sími 527-9000

## AFGREIÐSLUTÍMI í Bónus í desember

| | | |
|---|---|---|
| 20.des | fimmtudagur | **10-19** |
| 21.des | föstudagur | **10-21** |
| 22.des | laugardagur | **10-22** |
| 23.des | sunnudagur | **10-22** |
| 24.des | mánudagur | **10-14** |

**LOKAÐ 25 /26 des**

| | | |
|---|---|---|
| 29.des | laugardagur | **10-19** |
| 30.des | sunnudagur | **10-20** |
| 31.des | mánudagur | **10-15** |

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA

VISA Vildarklúbbur




# Álitsgjafar

**Alexandra Kjeld**

1. Fiona Apple *The Idler Wheel Is Wiser…*
2. Robert Glasper Experiment *Black Radio*
3. Frank Ocean *Channel Orange*
4. Dirty Projectors *Swing Lo Magellan*
5. Tame Impala *Lonerism*

**Arndís Björk Ásgeirsdóttir** Rás 1

1. Cecilia Bartoli, Diego Fasolis og I Barocchisti *Mission*
2. Alexander Melnikov, Isabelle Faust, Mahler kammer-sveitin *Shostakovich píanókonsertar og fiðlusónata*
3. Paul Lewis *Schubert Wanderer fantasía, Píanósónata í a moll, Impromtues og Moments Musicaux*
4. Simone Kermes *Dramma*
5. Domenico Codispoti *Liszt, Granados*

**Árni Þór Jónsson** Zýrður rjómi

1. Ariel Pink's Haunted Graffiti *Mature Themes*
2. Parquet Courts *Light Up Gold*
3. Father John Misty *Fear Fun*
4. Moonface with Siinai *Heartbreaking Bravery*
5. Tame Impala *Lonerism*

**Benedikt Reynisson** bensonisfantastic.wordpress.com

1. Anna Von Hauss-wolff *Ceremony*
2. Deerhoof *The Breakup Song*
3. Swans *The Seer*
4. Julia Holter *Ekstasis*
5. Goat *World Music*

**Björn Teitsson** Fréttablaðið

1. Spiritualized *Sweet Heart Sweet Light*
2. Tame Impala *Lonerism*
3. Swans *The Seer*
4. Tindersticks *The Something Rain*
5. Chromatics *Kill for Love*

**Dr. Gunni**

1. Dirty Projectors *Swing Lo Magellan*
2. Woods *Bend Beyond*
3. Ariel Pink's Haunted Graffiti *Mature Themes*
4. Jack White *Blunderbuss*
5. Beak *Beak 2*

**Egill Harðar** Rjóminn

1. Kishi Bashi *151a*
2. Oberhofer *Time Capsules II*
3. Alt-J *An Awesome Wave*
4. Communist Daughter *Lions and Lambs EP*
5. Lord Huron *Time to Run EP*

**Freyr Bjarnason** Fréttablaðið

1. Jack White *Blunderbuss*
2. Frank Ocean *Channel Orange*
3. Django Django *Django Django*
4. Alt-J *An Awesome Wave*
5. Bat for Lashes *The Haunted Man*

**Halldór Ingi Andrésson** plotudomar.com

1. Neil Young & Crazy Horse *Psychedelic Pill*
2. Leonard Cohen *Old Ideas*
3. Bob Dylan *Tempest*
4. Bruce Springsteen *Wrecking Ball*
5. Jack White *Blunderbuss*

**Heiða Ólafsdóttir** Rás 2

1. Bat for Lashes *The Haunted Man*
2. Muse *The 2nd Law*
3. Alt-J *An Awesome Wave*
4. Jack White Blunderbuss
5. First Aid Kit *The Lion's Roar*

**Helena Þrastardóttir**

1. Alt-J *An Awesome Wave*
2. Dinosaur Jr. *I Bet On Sky*
3. Fiona Apple *The Idler Wheel Is Wiser…*
4. Crystal Castles *(III)*
5. Sharon Van Etten *Tramp*

**Jens Kr. Guð**

1. Högni Lisberg *Con Man*
2. Jack White *Blunderbuss*
3. Swans *The Seer*
4. Goodspeed You! Black Emperor *Allelujah! Don´t Bend! Ascend!*
5. Bob Dylan *Tempest*

**Kamilla Ingibergsdóttir** Útón/Iceland Airwaves

1. Frank Ocean *Channel Orange*
2. Jessie Ware *Devotion*
3. Grimes *Visions*
4. Tame Impala *Lonerism*
5. How To Dress Well *Total Loss*

**Kjartan Guðmundsson** Fréttablaðið

1. Killer Mike *R.A.P. Music*
2. Beach House *Bloom*
3. Lana Del Rey *Born to Die*
4. PiL *This is PiL*
5. Bat for Lashes *The Haunted Man*

**Kristín Gróa Þorvaldsdóttir** Topp5 á föstudegi

1. Fiona Apple *The Idler Wheel Is Wiser…*
2. Japandroids *Celebration Rock*
3. Sharon Van Etten *Tramp*
4. Kendrick Lamar *good kid, m.A.A.d city*
5. Grizzly Bear *Shields*

**Lilja Katrín Gunnarsdóttir**

1. Goodspeed You! Black Emperor *Allelujah! Don´t Bend! Ascend!*
2. Bat for Lashes *The Haunted Man*
3. Frank Ocean *Channel Orange*
4. Fun *Some Nights*
5. Taylor Swift *Red*

**Ólafur Páll Gunnarsson** Rás 2

1. Jack White *Blunderbuss*
2. Neil Young & Crazy Horse *Psychedelic Pill*
3. Bruce Springsteen *Wrecking Ball*
4. Richard Hawley *Standing at the Sky´s Edge*
5. Black Keys *El Camino*

**Ómar Eyþórsson** X-ið 977

1. Jack White *Blunderbuss*
2. Mark Lanegan Band *Blues Funeral*
3. Alt J *An Awesome Wave*
4. We Are Augustines *Rise Je Sunken Ships*
5. The Shins – *Port Of Morrow*

**Trausti Júlíusson** Fréttablaðið

1. Frank Ocean *Channel Orange*
2. Jack White *Blunderbuss*
3. Death Grips *Money Store*
4. Deerhoof *The Breakup Song*
5. Bruce Springsteen *Wrecking Ball*

markhonnun.is






VIÐSKIPTASPIL JÓAKIMS

**4.998 KR**






PARTÝ ALIAS

**4.998 KR**

*spil fyrir alla um jólin*








FJÖLSKYLDU ALIAS

**4.998 KR**

Birt með fyrirvara um stafsetningarvillur og eða myndavíxl

netto
Kræsingar & kostakjör

*spil & leikir*

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri



**MÆÐGUR** Mæðgurnar Ragnheiður Erla Rósarsdóttir, Katrín Hera Gústafsdóttir og Ragnheiður Gná Gústafsdóttir.



**MIKA** Mika skemmti skaranum af fagmennsku í Hörpu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**TÓNLEIKAGESTIR** Sylvía Árnadóttir og Berglind Lára Bjarnadóttir.



**SYSTUR** Systurnar Ólöf, Sigríður Elín og Díana Júlíusdætur.

# Mika fríkar út

TÓNLEIKAR ★★★★☆

**Mika**
18. desember
**SILFURBERG Í HÖRPU**

Röðin á barinn var óvenju stutt fyrir tónleika tónlistarmannsins Mika í Silfurbergssal Hörpu á þriðjudagskvöld. Hugsanlega er ástæðan sú að börn undir sextán ára aldri, drjúgur hluti áhorfendahópsins, höfðu litla löngun í áfenga drykki. Miðaldra konurnar, sem einnig voru margar í uppseldum salnum, voru áhugasamari um veigarnar.

Báðir þjóðfélagshóparnir töldust líklega hart Mika-áhugafólk en ekki síður aðdáendur upphitunaratriðisins, Páls Óskars, sem hafði venju samkvæmt Benny Hinn-legt vald á skaranum og uppfyllti dagskipunina: að koma öllum í stuð með dyggri aðstoð tveggja gimp-klæddra herramanna.

Þegar Mika sló í gegn fyrir fimm árum vakti athygli hversu sterkar tilfinningar hann megnaði að vekja innra með mörgum. Undirritaður hefur aldrei fyllilega skilið nákvæmlega hvað það er við léttar poppsmíðar hins ensk/líbanska sem reitir jafnvel dagfarsprúðasta fólk svo til reiði eða sendir í hæstu himnahæðir í tiltölulega jöfnum hlutföllum, en víst er að áhorfendur í Silfurbergi voru venju fremur móttækilegir og úr skapaðist hreint ilmandi fín stemning.

Mika djöflaðist um sviðið eins og andsetinn skóladrengur með axlabönd og sagði þess í milli sögur af svaðilförum sínum á hálendi Íslands, sem góðu heilli virtust lítil áhrif hafa haft á röddina. Dagskráin skiptist smekklega milli laga af breiðskífunum hans þremur þótt flest hafi fengið að hljóma af metsölufrumburðinum Life in Cartoon Motion frá 2006. Skreytingarnar á sviðinu minntu meira en lítið á Þjóðhátíð í Eyjum og einkar vel til fundið var að kalla af og til inn á sviðið fimm búningaklæddar íslenskar yngismeyjar sem höfðu sótt um bakraddastarfið á netinu.

Allt hjálpaðist þetta að við að mynda mikinn og fallegan „fílgúdd“-faktor. Undir lokin var gríðarstórum blöðrum dembt yfir áhorfendur, feður dönsuðu með dætur sínar á herðunum og í lok kvölds var undirrituðum nokk sama þótt mörg af lögum Mika séu kannski helst til keimlík og renni saman yfir heila kvöldstund. Á þriðjudagskvöld í Hörpu virkuðu þau og vel það.

Kjartan Guðmundsson

## ➜ Lagalisti Mika í Silfurbergi

Relax, Take It Easy
Lola
Blue Eyes
Billy Brown
Rain
Big Girl (You Are Beautiful)
Stardust
Underwater
Stuck in the Middle
Love Today
Love You When I'm Drunk
Origin of Love
Grace Kelly
Celebrate
Lollipop

**Uppklapp:**
We Are Golden

**NIÐURSTAÐA:** Mika framkallaði fjölskylduvænt hörkustuð í Hörpu.






**WHITE SIGNAL** Hljómsveitin sigraði í Jólalagakeppni Rásar 2 árið 2012.

## White Signal sigurvegari

**Sigurvegari í Jólalagakeppni Rásar 2 árið 2012 er hljómsveitin White Signal frá Reykjavík, annað árið í röð, nú með laginu Mín bernsku jól.**

**Lagið, sem hljómsveitin flytur ásamt Gradualekór Langholtskirkju og er eftir Guðrúnu Ólafsdóttur við texta Stefáns frá Hvítadal, hlaut flest atkvæði hjá hlustendum og starfsmönnum Rásar 2.**

**White Signal skipa fimm 15 til 17 ára tónlistarmenn. Í öðru sæti var lagið Hæ hó og gleðileg jól eftir Einar Lövdahl Gunnlaugsson og Egil Jónsson, í flutningi Einars. Í þriðja sæti var lag Hafsteins Reykjalín, Já, já, jólin koma, í flutningi Svanhildar Jakobsdóttur.**

## Jólarokk í Austurbæ

Valdimar, Retro Stefson, Lára Rúnars og Pétur Ben eru meðal þeirra listamanna sem koma fram á hinum árlegu X-mas-tónleikum útvarpsstöðvarinnar X977 í kvöld.

Tónleikarnir fara fram í Austurbæ og rennur miðaverðið óskipt í minningarsjóð Lofts Gunnarssonar, en markmið sjóðsins er að bæta aðbúnað útigangsfólks á Íslandi.



**ÁRLEGIR X-MAS** Níu hljómsveitir og listamenn koma fram á X-mas í ár.


ÆVINTÝRALEG VERÐ
Á JÓLABÓKUM
ÁRNI ÞÓRARINSSON
ÁR KATTARINS
4.549.-
Bjarna-Dísa
KRISTÍN STEINSDÓTTIR
4.929.-
STEFÁN MÁNI
HÚSIÐ
4.224.-
EIRÍKUR ÖRN NORÐDAHL
Illska
4.249.-
PÉTUR GUNNARSSON
4.349.-
4.549.-
KANTATA
KRISTÍN MARJA BALDURSDÓTTIR
4.549.-
KRISTÍN ÓMARSDÓTTIR
milla
5.099.-
AUÐUR JÓNSDÓTTIR
ÓSJÁLFRÁTT
5.524.-
ARNALDUR INDRIÐASON
REYKJAVÍKURNÆTUR
3.989.-
EINAR KÁRASON
Skáld
4.409.-
VILBORG DAVÍÐSDÓTTIR
VÍGROÐI
4.409.-
Verðin gilda til og með 22.12.2012
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrenglanir.
Verslaðu jólabækurnar í Griffli og þú átt möguleika á að vinna GoBook rafbókarlesara!
Dregið verður úr pottinum 22. desember.
OPIÐ ALLA DAGA TIL 22
GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝRARI
BT
Jólapappír frá
199.-
GRIFFILL
ALLTAF ÓDÝR
OPIÐ TIL KLUKKAN 22.00 • SKEIFUNNI 11










# Magnús og Jóhann hafa engu gleymt

TÓNLIST ★★★★☆

**Magnús & Jóhann**
Í tíma
**SENA**

Magnús Sigmundsson og Jóhann Helgason geta rakið samstarf sitt aftur til 7. áratugs síðustu aldar. Þeir voru meðal brautryðjenda í sköpun íslenskrar dægurlagahefðar, bæði sem samstarfsmenn og sólólistamenn. Í tíma er fyrsta samstarfsverkefni þeirra félaga síðan árið 1993, en þar að auki er þetta í fyrsta sinn sem þeir gera plötu sem er frumsamin með efni sem er einungis flutt á íslensku. Á plötunni skipta þeir verkum nokkuð jafnt, svona nokkurs konar Lennon/McCartney samkomulag.

Það vill oft verða þegar „gamlir“ meistarar koma saman eftir nokkurt hlé að úr verður miðlungsvara sem aðdáendur kaupa aðeins af gömlum vana. Það er mikil ánægja að tilkynna að svo er alls ekki í þessu tilfelli. Í tíma er vönduð plata og er unnin af miklum metnaði. Það er góður andi sem svífur yfir plötunni, stutt í húmorinn þó allt sé unnið af mikilli fagmennsku. Einhvern veginn er hægt að ímynda sér alla brosandi í hljóðveri, til dæmis í „Sumir dagar“ – að einhver hafi sagt eitthvað í líkingu við: „Það vantar meiri Megas í vókalið…“ en þetta eru bara getgátur.



Í TÍMA „Það eru í raun fáir veikir punktar á plötunni.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Magnús og Jóhann njóta liðsinnis einvala liðs hljóðfæraleikara, auk þess sem Kiddi Hjálmur og Jón Ólafsson eiga hrós skilið fyrir hljóðblöndun. Lokaniðurstaðan gæti verið í áttina að Traveling Wilburys, hljóðblandað af Phil Spector. Hljóðmúrspælingarnar eru skemmtilegar, en þar gegnir Kristinn Snær Agnarsson lykilhlutverki með slagverki í öllum regnbogans litum.

Það eru í raun fáir veikir punktar á plötunni. Hún byrjar af krafti með „Afturgöngur“ og „Segðu mér satt“ gefur því ekkert eftir. „Norðanátt“ er falleg ballaða og „Nóg“ er sannkallaður slagari, með snúning í textanum þar sem kirsuber er kallað kyssuber… frábært!

**Björn Teitsson**

**NIÐURSTAÐA:** Óhætt að mæla með Í tíma fyrir alla, sjálfbærar kynslóðir sem og aðrar.



# Jólagjöf fyrir alla fjölskylduna! Bók og geisladiskur.






**Myndskreytt 120 blaðsíðna barnabók með sögur af jólasveinunum, Grýlu og Leppalúða. Efnið tengist gömlu góðu jólalögunum sem við syngjum öll saman á jólaskemmtunum.**

## Geisladiskur fylgir frítt með!

***Kór Öldutúnsskóla syngur 20 jólalög inn á meðfylgjandi geisladisk:***

1. Jólasveinar ganga um gólf
2. Í skóginum stóð kofi einn
3. Adam átti syni sjö
4. Snæfinnur snjókarl
5. Skreytum hús
6. Það á að gefa börnum brauð
7. Jólasveinar einn og átta
8. Gefðu mér gott í skóinn
9. Jólin koma
10. Magga litla og jólin hennar
11. Aðfangadagskvöld
12. Jólin alls staðar
13. Gekk ég yfir sjó og land
14. Ég sá mömmu kyssa jólasvein
15. Nú skal segja
16. Snjókorn falla
17. Hvít jól
18. Hátíð í bæ
19. Það er eitthvað fast í strompnum
20. Bjart er yfir Betlehem




### Snjókorn falla

Höfundur texta: **Jónatan Garðarsson.**
Höfundur lags: **Bob Heatlie.**
*Snjókorn falla* er eitt af fjölmörgum jólalögum sem koma við sögu í þessari glæsilegu jólabók.
* Rétt er að taka fram að höfundur texta er Jónatan Garðarsson og höfundur lags er Bob Heatlie. Það misfórst í prentaðri útgáfu bókarinnar.

# ÍSLENSKAR BARNABÆKUR vandaðar bókmenntir




Nýja útgáfan af sögunni um Búkollu er nú loksins komin í verslanir! Fallegt, sígilt ævintýri sem á erindi inn á hvert heimili.






Leyndarmál Kela. Lesandinn skyggnist inn í hugarheim hans Kela Kaka og fær að vita um stórkostlegt leyndarmál hans. Kisuvinir, látið þessa skemmtilegu bók ekki fram hjá ykkur fara.






Myrkfælna tröllið. Þjóðlegt íslenskt ævintýri sem hjálpar börnum að sigrast á myrkfælni.




Það getur verið ótrúlega gaman að læra að kúka í koppinn. Í þessari bók lærir Nökkvi hvar hann á ekki að kúka. Svo þegar hann er orðinn ótrúlega stór, kúkar hann í klósettið.

# Gefðu góða bók í jólagjöf...

Óðinsauga

# Síðasta kvöldmáltíðin

**Ævafornt dagatal Mayanna endar á morgun, og spá þeir svartsýnustu því að heimsendir fylgi í kjölfarið. Sparimatur í kvöld væri því við hæfi.**

21. desember er síðasti dagurinn í dagatali Maya-indíánanna, og hefur því lengi verið haldið fram að þeir hafi vitað af heimsendi þennan dag, og því ekki haft dagatalið lengra.

Heimsendaspámennirnir eru ekki sammála um hvernig endalokin muni bera að garði. Sumir tala um pólskipti jarðar, aðrir um furðulega stöðu himintunglanna með gríðarlegan eyðileggingarmátt.

Vísindamenn segja almenning hins vegar ekki þurfa að hafa neinar áhyggjur af heimsendi á næstunni, en það skemmir varla að gera vel við sig í mat og drykk í kvöld, ef ske kynni að á morgun færi allt í klessu.

Viðmælendur Fréttablaðsins voru þó allir frekar rólegir, og voru ekki lengi að ákveða síðustu kvöldmáltíð sína.

haukur@frettabladid.is







**ARNAR EGGERT THORODDSEN** TÓNLISTARSKRÍBENT
„Að sjálfsögðu burrito að hætti fjölskyldunnar. Ég trúi því einlæglega að þessi safaríki, mexíkóski réttur geti afstýrt heimsendi. Þegar sá sem öllu ræður sér sterkkryddaðar en þó ljúfar svartbaunirnar, glitrandi ferskt salsað og þunnbakaðar tortillurnar mun hann afturkalla gjörninginn med det samme.“

**ÞORMÓÐUR DAGSSON** TÓNLISTARMAÐUR
„Ég fengi mér safaríka nautalund með grænpiparsósu. Svo myndi ég eyða aleigunni í eitthvert rándýrt rauðvín til að sötra með henni.“

**ÓLAFUR JOSEPHSSON** TÓNLISTARMAÐUR
„Svikinn héri með fersku rucola-salati, rækjukokkteil og crème brûlée í eftirrétt.“





**MARGRÉT ERLA MAACK** SJÓNVARPSKONA
„Í forrétt væri ég með grafið folald með rósmarín- og rósapiparsorbeti. Í millirétt væri ég með tígrisdýranautakjötið hans Óla frænda. Í aðalrétt væri ég með djúpsteiktan humar og nokkrar sósur. Með þessu væri jólasalat sem er léttsteikt hvítkál, kínakál, basilíka og hrísgrjón með mozzarella og cayenne-pipar. Í desert myndi ég svo hafa avókadólimekókosís með hvítu súkkulaði, jarðarberjum og smákökumulningi.“

**ANNA SVAVA KNÚTSDÓTTIR** LEIKKONA
„Ætli ég myndi ekki bara láta verða af því að sjóða fálkann sem ég er með í frystikistunni, og láta þetta verða fyrstu (og síðustu) máltíðina sem ég elda á ævinni. Þá þarf ég ekki að hafa áhyggjur af því hvort ég lifi matseldina af eða ekki, og ég myndi bjóða öllum sem ég þekki að borða með mér.“

# Flott fjölskylduplata

★★★☆☆

**Gálan**
Gálan
**GEIMSTEINN**



Gálan er listamannsnafn Júlíusar Guðmundssonar, en þessi nýja plata er hans þriðja undir því nafni. Áður komu Fyrsta persóna eintölu (1998) og 220971-3099 (2001). Júlíus semur öll lögin á plötunni, en að þessu sinni eru flestir textarnir eftir föður hans, Rúnar Júlíusson. Platan er tileinkuð móður Gálunnar, Maríu Baldursdóttur, en Rúnar samdi flesta textana til hennar. Það má því segja að þetta sé fjölskylduplata.

Júlíus hefur verið meðlimur í mörgum hljómsveitum, þar á meðal Deep Jimi & the Zep Creams, Bergrisunum, Pandóru og Fálkum frá Keflavík. Auk þess var hann meðlimur í hljómsveit föður síns. Tónlistin á nýju plötunni kemur nokkuð víða við. Flest lögin eru í léttum seventís-rokkstíl og má jafnvel greina áhrif frá hljómsveitum á borð við 10cc. Í öðrum lögum er sótt í hljóm níunda áratugarins (Sjö undur veraldar). Lagið Nóg er svo rokklag í klassískum Deep Jimi-stíl.

Andi Rúnars Júl svífur yfir vötnum á plötunni; í söng sonarins, en fyrst og fremst í textunum. Rúnar var svo kærleiksríkur og textarnir hans svo manneskjulegir. Og framsetningin einföld og tilgerðarlaus: „Svo vertu viss um að láta fólk vita/hversu vænt þér þykir um það/Gefðu þér tíma til að láta fólk vita/áður en allt er um seinan og þú horfinn á annan stað“ (Allt of oft).

Á heildina litið er þetta fínasta plata hjá Júlíusi. Hún brýtur ekki blað í tónlistarsögunni en lagasmíðarnar eru vel heppnaðar (nóg af smellum), hljómur og vinnsla fyrsta flokks og kærkomið að fá að heyra þessa texta Rúnars.

Trausti Júlíusson

**NIÐURSTAÐA:** Andi Rúnars Júl svífur yfir vötnum á fínni plötu.


SAMBÍÓIN SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| RED DAWN | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| RED DAWN VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSLTALI3D | KL. 5:50 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSLTALI | KL. 5:50 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ENSTALI | KL. 10:10 | L |
| PLAYING FOR KEEPS | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| CHRISTMAS VACATION | KL. 5:50 - 8 | L |
| ALEX CROSS | KL. 10:30 | 16 |
| TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 2 | KL. 8 | 12 |
| WRECK-IT RALPH ÍSL. TALI | KL. 5:50 | L |
| ARGO | KL. 8 - 10:30 | 14 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| RED DAWN | KL. 8 - 10:20 | 12 |
